# Skýrsla

## Sigríðar Önnu Þórðardóttur samstarfsráðherra Norðurlanda um störf Norrænu ráðherranefndarinnar 2005

(Lögð fyrir Alþingi á 132. löggjafarþingi 2005 – 2006)

*Norðurlandaskrifstofa forsætisráðuneytisins*
**Janúar 2006**

# EFNISYFIRLIT

**I. SKÝRSLA SAMSTARFSRÁÐHERRA** .................................... 3

**1. Inngangur** ........................................................................ 3
**2. Samstarf forsætisráðherra Norðurlanda** .................................. 6
**3. Störf samstarfsráðherra Norðurlanda** ...................................... 8
**4. Norðurlandasamstarf utanríkisráðuneytisins** ........................... 14
**5. Menningarmál** .................................................................... 16
**6. Menntun og rannsóknir** ........................................................ 20
**7. Upplýsingatækni** ................................................................. 24
**8. Orkumál** ........................................................................... 25
**9. Umhverfismál** ..................................................................... 28
**10. Byggðamál** ........................................................................ 33
**11. Samgöngumál** ..................................................................... 38
**12. Sjávarútvegur, landbúnaður og skógrækt og matvæli** ............. 43
**13. Vinnumál og vinnuverndarmál** .............................................. 47
**14. Heilbrigðis- og félagsmál** .................................................... 52
**15. Jafnréttismál** ..................................................................... 57
**16. Vímuefnamál** ..................................................................... 59
**17. Atvinnumál** ........................................................................ 62
**18. Efnahags- og fjármál** ........................................................... 65
**19. Húsnæðis- og byggingarmál** ................................................. 69
**20. Neytendamál** ...................................................................... 70
**21. Málefni dómsmálaráðuneytisins** ............................................ 72

**22. Norrænar stofnanir á Íslandi** ................................................ 74
22.1. Norræna húsið ................................................................... 74
22.2. Norræna eldfjallasetrið (NORDVULK) .................................... 76

**23. Norrænar lánastofnanir** ....................................................... 79
23.1. Norræni fjárfestingarbankinn (NIB) ....................................... 79
23.2. Norræna umhverfisfjármögnunarfélagið (NEFCO) ..................... 82
23.3. Norræni verkefnaútflutningssjóðurinn (Nopef) .......................... 83
23.4. Norræni þróunarsjóðurinn (NDF) ........................................... 84
23.5. Lánasjóður Vestur-Norðurlanda ............................................. 86

**II. MEGINÞÆTTIR NORRÆNU FJÁRLAGANNA 2006** ........... 87

Prentvinnsla: Gutenberg
Skýrslan er prentuð á Multipine 70g svansmerktan pappír

# I. SKÝRSLA SAMSTARFSRÁÐHERRA UM STÖRF NORRÆNU RÁÐHERRANEFNDARINNAR 2005

## 1. Inngangur

Störf Norrænu ráðherranefndarinnar þurfa bæði að bera í sér stöðugleika til að unnt sé að vinna að langtímamarkmiðum og þrótt til að að takast á við ný verkefni í breytilegu alþjóðlegu umhverfi. Ella stendur starfsemin ekki undir væntingum.

Með þessar kröfur að leiðarljósi var starfsemi ráðherranefndarinnar tekin til endurskoðunar á starfsárinu, en hún hefur tekið litlum breytingum frá stofnun Norrænu ráðherranefndarinnar 1974. Sú endurskoðun leiddi til þess að ráðherranefndartillaga um nýskipan á starfseminni var lögð fyrir þing Norðurlandaráðs í lok október 2005 og samþykkt. Meginefni tillögunnar, sem tók gildi við áramót 2005/2006, var fækkun á fagráðherranefndunum úr 18 í 11. Norræna ráðherranefndin starfar því samkvæmt þessari nýskipan framvegis í þeim fagráðherranefndum sem hér fara á eftir:

- Samstarfsráðherrarnir.
- Ráðherranefndin um fjár- og efnahagsmál.
- Ráðherranefndin um dóms- og löggjafarmál.
- Ráðherranefndin um umhverfismál.
- Ráðherranefndin um atvinnu-, orku- og byggðamál.
- Ráðherranefndin um sjávarútveg, landbúnað, skógrækt og matvæli.
- Ráðherranefndin um menningarmál.
- Ráðherranefndin um menntamál og vísindi.
- Ráðherranefndin um félags- og heilbrigðismál.
- Ráðherranefndin um vinnumarkað og vinnuumhverfi.
- Ráðherranefndin um jafnréttismál.

Við áramót 2005/2006 voru eftirfarandi fagráðherranefndir lagðar niður sem formlegar ráðherranefndir:

- Ráðherranefndin um húsnæðis- og byggingarmál.
- Ráðherranefndin um upplýsingatækni.
- Ráðherranefndin um neytendamál.
- Ráðherranefndin um vímuefnamál.
- Ráðherranefndin um samgöngumál.
- Ráðherranefndin um orkumál.
- Ráðherranefndin um byggðamál.

Norrænt samstarf um flestalla málaflokka nefndanna sem lagðar voru niður heldur þó áfram annað hvort undir einhverri þeirra formlegu ráðherranefnda sem starfa áfram með breiðara starfssviði en áður eða sem lausara samstarf viðkomandi ráðherra eða embættismanna. Þá verður og mögulegt að sækja um verkefnafé og einhverja skrifstofuaðstoð frá ráðherranefndarskrifstofunni til áhugaverðra verkefna.

Í starfsemi ráðherranefndarinnar er, eðli máls samkvæmt, stöðugt tekist á um fjármagnið og þar togast á þörfin fyrir stöðugleika og þörfin fyrir hreyfiafl. Í framhaldi af áðurnefndri nýskipan á starfsemi ráðherranefndarinnar er nú hafist handa við að endurskoða norrænu fjárlagagerðina með það m.a. að markmiði að á hverju ári verði nægilegt fjármagn laust til að beina að þeim málum sem brenna á hverju sinni, án þess þó að gengið verði á það fjármagn sem vera þarf fyrir hendi til langtímaverkefna. Þá er ætlunin að stytta fjárlagaferlið og koma því í þann farveg að Norðurlandaráð komi með sterkum hætti að mótun pólitískrar meginstefnu þegar við upphaf fjárlagavinnunnar. Fyrirhugað er að niðurstöður liggi fyrir um mitt ár 2006.

Vinnan við að fækka stjórnsýsluhindrunum á norrænum landamærum er meðal mikilvægustu langtímaverkefna sem Norræna ráðherranefndin sinnir. Á starfsárinu var opnuð sérstök norræn skattagátt, sem skattayfirvöld á Norðurlöndum standa að. Þar eru allar upplýsingar um skattamál aðgengilegar almenningi og fyrirspurnum svarað á netinu. Þá er unnið að samnorrænni vinnumiðlun, sem í upphafi snýr að Eyrarsundssvæðinu en sem taka á til fleiri svæða með tímanum. Á starfsárinu var og opnuð sérstök viðskiptavefgátt fyrir atvinnulífið sem er sniðin að þörfum minni og meðalstórra fyrirtækja í norrænni útrás. Fleiri verkefni sem snúa að atvinnulífinu eru í vinnslu.

Poul Schlüter, fyrrverandi forsætisráðherra Dana, sem hefur verið sérstakur umboðsmaður samstarfsráðherranna á þessum vettvangi síðan í byrjun árs 2003 lét af störfum við áramót 2005/2006. Ekki hefur verið ákveðið á hvern hátt samstarfsráðherrarnir munu hér eftir fylgja eftir markmiðinu um landamæralaus Norðurlönd, en ljóst er að áfram er þörf sérstakra aðgerða.

Ákveðinn árangur náðist og þáttaskil urðu á árinu í þeirri aðlögun norræns samstarfs að nýju pólitísku umhverfi í Norður-Evrópu, sem hófst er ljóst var að Eystrasaltsríkin mundu ganga í Evrópusambandið (ESB). Frá áramótum 2005/2006 fer samstarfið við Eistland, Lettland og Litháen fram á jafnréttisgrundvelli. Ekki verður í gildi nein sérstök samstarfsáætlun um það frá þeim tíma heldur er ætlunin að fagráðherranefndirnar sinni því samstarfi á sama hátt og samstarfi innan Norðurlanda og kosti það af fjárveitingum sínum. Þá er ætlunin að samstarfsaðilar í Eystrasaltsríkjunum standi að ákvörðunum um samstarfsverkefni og fjármögnun til jafns við norræna samstarfsaðila.

Á árinu var unnið markvisst að því að undirbúa styrkingu samstarfsins við Rússland og sérstök Rússlandsáætlun tók gildi við áramót 2005/2006. Þar verður í fyrirrúmi starfsemi sem fellur að markmiðum Norðlægu víddarinnar þar á meðal þekkingaruppbygging, starfsemi sem snýr að lýðræðisþróun og samstarf við frjáls félagasamtök auk landamærasamstarfs.

Eftir fimm ára undirbúningsvinnu var í lok ársins undirritað samkomulag við rússnesk stjórnvöld um norræna upplýsingaskrifstofu í Kaliningrad. Ætlunin er að þessi skrifstofa gegni lykilhlutverki við að koma á samstarfi við aðila á þessu svæði. Vonir eru bundnar við að Norræna ráðherranefndin geti orðið brautryðjandi fyrir annað alþjóðlegt samstarf í Kaliningrad á sama hátt og í Pétursborg á sínum tíma.

Augu umheimsins hafa á undanförnum árum smám saman verið að opnast

fyrir mikilvægi Norðurskautssvæðisins og hægt og bítandi hefur þessi málaflokkur einnig komist betur í forgrunn í samstarfi Norðurlanda. Síðan fyrsta áætlun um samstarf um málefni Norðurskautssvæðisins var gerð árið 1996, sama ár og Norðurskautsráðið var stofnað, hafa fjárframlög til málaflokksins meira en tvöfaldast. Ný Norðurskautsáætlun hefur verið gerð fyrir tímabilið 2006-2008. Til að koma í veg fyrir tvíverknað og stuðla að samlegðaráhrifum er markviss verkaskipting og samráð haft við aðrar fjölþjóðlegar stofnanir á svæðinu, aðallega Norðurskautsráðið en einnig ESB og Barentsráðið.

Samstarfið við ESB hefur verið eflt jafnt og þétt á undanförnum árum. Það endurspeglaðist vel í aðkomu Norrænu ráðherranefndarinnar að undirbúningi hinnar nýju framkvæmdaáætlunar sambandsins fyrir Norðlægu víddina, sem tók gildi við áramót 2004/2005. Þá hefur Norræna ráðherranefndin á fjölmörgum sviðum starfseminnar unnið ötullega að þeim markmiðum sem sett eru fram í gildandi áætlun um Norðlægu víddina. Á árinu var samið um tvö mikilvæg samstarfsverkefni við ESB. Þau snúa annars vegar að því að koma á landamærasamstarfi á ytri landamærum ESB og hins vegar að því að fjármagna háskóla sem lokað var af stjórnvöldum í Hvíta-Rússlandi og flutti til Vilníus og tók þar til starfa í lok árs 2005.

Á árinu var unnið að umfangsmiklum breytingum á norrænu menningarsamstarfi. Þær snúa að því að einfalda kerfið og losa fjármuni til að auka hreyfiafl og pólitískt vægi starfseminnar. Því voru stjórnarnefndirnar um barna- og unglingamenningu, um fjölmiðla og um menningarsamskipti við lönd utan Norðurlanda lagðar niður við áramót 2005/2006.

Við áramót 2006/2007 verða enn frekari breytingar þegar sjö nefndir og stofnanir á menningarsviði verða lagðar niður. Þeirra á meðal eru Norræna fjölmiðlastöðin, Samtímalistastofnunin, Sviðslistamiðstöðin, bókmennta- og bókasafnsnefndin og safnanefndin.

Snemma árs 2006 verður kallað til fyrsta norræna menningarþingsins, sem verður nýr breiður vettvangur fyrir ráðgjöf og umræðu um norræn menningarmál, en þangað verða boðaðir nýir aðilar sem ekki hafa fyrr komið að samstarfinu.

Í upphafi árs tók til starfa ný stofnun, NordForsk, Norræna rannsóknaráðið með aðsetur í Ósló. Frá sama tíma var Norræna stofnunin um vísindamenntun og Norræna vísindastefnuráðið lagt niður. Nýja stofnunin fær öflugt umboð til að samhæfa aðgerðir landanna sem miða að því að efla rannsóknir og menntun vísindamanna, fjármagna aðgerðir til að ná samlegðaráhrifum á einstökum sviðum og styrkja þannig löndin út á við. Stofnun NordForsk kemur í kjölfar stofnunar Norrænu nýsköpunarmiðstöðvarinnar (NiCE), sem tók til starfa í byrjun árs 2004, einnig í Ósló, en þessar stofnanir eiga að hafa með sér náið samstarf. Vonir eru bundnar við að þessi nýskipan auki samlegðaráhrif á sviði vísinda og nýsköpunar á Norðurlöndum og efli þannig samkeppnishæfni landanna út á við.

Að frumkvæði Færeyinga ákváðu samstarfsráðherrarnir í lok ársins að láta fara fram hlutlausa úttekt á stöðu Færeyja, Grænlands og Álandseyja í samstarfinu á vettvangi Norrænu ráðherranefndarinnar. Að fengnum niður-

stöðum úttektarinnar, sem áætlað er að verði í júní 2006, ákveða ráðherrarnir hvort mögulegt sé að bæta stöðu þeirra. Norðurlandaráði verður gefinn kostur á að fylgjast með þessu verki.

Þing Norðurlandaráðs sem háð var á Hótel Nordica í Reykjavík 25.-27. október þótti takast með ágætum bæði hvað varðar pólitíska umræðu og ytra skipulag. Ríkisstjórn Íslands bauð, eins og venja er, öllum þingfulltrúum og starfsmönnum þingsins til kvöldverðar sem haldinn var í Perlunni.

Þegar á heildina er litið hefur starfsemi Norrænu ráðherranefndarinnar á starfsárinu einkennst af sjálfsskoðun og skipulagsbreytingum sem öllum er það sammerkt að þær snúa að því að einfalda kerfið, stuðla að þverfaglegu samstarfi, skapa færi á að taka á nýjum verkefnum af krafti og nýta fjármuni og tíma þátttakenda sem best.

Valgerður Sverrisdóttir iðnaðar- og viðskiptaráðherra gegndi embætti samstarfsráðherra til 29. september, en við brotthvarf Davíðs Oddssonar úr ríkisstjórn og uppstokkun á ráðherraembættum sem fylgdi í kjölfarið tók Sigríður Anna Þórðardóttir umhverfisráðherra við embættinu frá þeim degi að telja.

Á heimasíðunni www.norden.org er að finna nánari upplýsingar um starf Norrænu ráðherranefndarinnar á öllum fagsviðum.

## 2. Samstarf forsætisráðherra Norðurlanda

Forsætisráðherrar Norðurlanda áttu tvo fundi á starfsárinu, sumarfund sem haldinn var á Fjóni 27. júní og formlegan fund 26. október í tengslum við þing Norðurlandaráðs í Reykjavík. Sama dag áttu forsætisráðherrarnir fundi með oddvitum stjórna Álands, Færeyja og Grænlands og forsætisnefnd Norðurlandaráðs, en daginn áður fund með forsætisráðherrum Eistlands, Lettlands og Litháens. Halldór Ásgrímsson forsætisráðherra stýrði fundinum með forsætisráðherrum Eystrasaltsríkjanna, en Anders Fogh Rasmussen forsætisráðherra Danmerkur hinum fundunum.

Ráðherrarnir fjölluðu á fundum sínum að venju um mál þau sem hæst bar í norrænu samstarfi, samstarfinu við Eystrasaltsríkin og Norðvestur-Rússland, málefni ESB og EES auk alþjóðlegra málefna og þá sérstaklega Sameinuðu þjóðanna (S.þ.).

Ráðherrarnir lýstu stuðningi við þær breytingar sem unnið var að á árinu á skipulagi starfsemi Norrænu ráðherranefndarinnar. Sérstaklega var talið mikilvægt að auka pólitískt vægi starfseminnar. Þá var lögð áhersla á að skipulagsbreytingarnar mættu ekki leiða til þess að staða sjálfsstjórnarsvæðanna og möguleikar þeirra til þátttöku í samstarfinu versnuðu þegar hluti samstarfsins flyttist út fyrir vébönd Norrænu ráðherranefndarinnar.

Forsætisráðherra Dana kynnti á fundi ráðherranna 26. október sl. að samstarfsráðherra Dana mundi leggja fram tillögu um að gera hlutlausa úttekt á stöðu sjálfsstjórnarsvæðanna í Norrænu ráðherranefndinni. Málið var og til umræðu á fundum forsætisráðherranna með oddvitum stjórna sjálfsstjórnarsvæðanna og forsætisnefnd Norðurlandaráðs.

Ráðherrarnir lýstu stuðningi við áframhaldandi aðgerðir til að ryðja úr vegi stjórnsýslulegum landamærahindrunum.

Á sumarfundi ráðherranna báru þeir saman bækur sínar um stefnu og aðgerðir í löndunum til að mæta áskorunum alþjóðavæðingarinnar. Það kom fram að alls staðar á Norðurlöndum væri lögð áhersla á að mæta þessum áskorunum og að löndin hefðu valið svipaðar leiðir í því efni sem allar snúa að því að styrkja rannsóknir og nýsköpun og gera stefnumótunarferlið pólitískt og markvisst. Á fundi ráðherranna 26. október var svo kynnt skýrslan *Norðurlönd, sigursvæði á heimsvísu* sem danskt útgáfufyrirtæki hafði látið gera í samstarfi við Norrænu ráðherranefndina. Þar er lagt út af þeirri staðhæfingu að Norðurlönd hafi allar forsendur til að vera efnahagslega fremst í flokki, ef þau geri sér grein fyrir því að styrkur þeirra liggi í grunnþáttum norrænnar þjóðfélagsgerðar, sameiginlegum menningararfi og náttúruauðlindum og hlúi að þeim. Efnislega var skýrslan mjög í samræmi við grunnhugsunina í formennskuáætlun Íslands í samstarfinu 2004, *„Auðlindir Norðurlanda“*. Í skýrslunni var lagt til að Norðurlönd sameinist um stefnumótun til að nýta þá möguleika sem geti falist í hnattvæðingunni.

Framtíð stjórnarskrár ESB var sérstaklega til umræðu á sumarfundi ráðherranna í ljósi þess að í þeim þjóðaratkvæðagreiðslum sem um hana höfðu verið haldnar í 12 löndum hafði hún verið felld í tveimur.

Þá var fjallað um stækkunarferli ESB og sérstaklega um aðild Búlgaríu og Rúmeníu auk Tyrklands og einnig um þá frestun á afgreiðslu fjárlaga ESB sem orðið hafði nýlega þegar sumarfundurinn var haldinn og þau áhrif sem deilur um fjárlögin gætu haft. Einnig var í því sambandi fjallað um landbúnaðarstefnu sambandsins.

Forsætisráðherra Islands minnti á Lissabon-ferlið og varpaði fram þeirri spurningu hvort Alþjóðaviðskiptastofnunin (WTO) væri ekki sá vettvangur, þar sem eðli máls samkvæmt væri líklegast að styrkjavandi ESB á sviði landbúnaðar yrði leystur.

Umbótaferli S.þ. var sérstaklega til umræðu á sumarfundi ráðherranna. Fram kom að löndin styddu öll tillögu G4-hópsins og að mikilvægt væri að nýta það færi sem nú væri á að koma á umbótum, því bið gæti orðið á að slíkt færi gæfist á ný. Framboð Íslands til setu í Öryggisráðinu kom til umræðu og staðfest var af hálfu forsætisráðherra Íslands að það væri á dagskrá og af hálfu hinna að þau styddu það öll.

Hamfarirnar í Suðaustur-Asíu og sú mikla gagnrýni á stjórnvöld sérstaklega í Svíþjóð og Noregi sem komið hafði fram var til umræðu. Áhersla var lögð á að Norðurlönd styrktu samstarf sitt um viðbúnað og aðgerðir vegna hryðjuverka, farsótta og hamfara innan og utan Norðurlanda.

Á fundi forsætisráðherranna með oddvitum stjórna sjálfsstjórnarsvæðanna lýstu þeir síðarnefndu mikilvægi þess að skoðaðir yrðu möguleikar þess að styrkja stöðu þeirra í samstarfinu, ella væri hætta á að áhugi á samstarfinu dvínaði í heimalöndum þeirra. Af hálfu Íslands kom fram að eðlilegast væri að tillögur lægju fyrir áður en menn tjáðu sig um málið.

Oddviti stjórnar Álandseyja lýsti sérstökum áhyggjum yfir ástandi Eystra-

saltsins og upplýsti að Álandseyjar hefðu nýlega sett sér stranga aðgerðaráætlun á sviði umhverfismála til að minnka útstreymi mengandi efna frá landi. Þar sem alkunna væri að aðgerðir eins lands dygðu skammt beindi hann því til Norðurlanda að taka saman höndum um aðgerðir á alþjóðavettvangi sem og heima fyrir til að bjarga umhverfi Eystrasaltsins.

Á fundi forsætisráðherranna með forsætisnefnd Norðurlandaráðs var staða sjálfsstjórnarsvæðanna, vestnorrænt samstarf og norrænt samstarf við grannsvæði Norðurlanda í vestri auk umbóta á starfsemi S.þ. til umræðu.

Forsætisráðherrar Norðurlanda og Eystrasaltsríkjanna ræddu á fundi sínum málefni ESB og EES, þar á meðal stækkunarferli ESB og þá um leið EES. Forsætisráðherra Íslands benti á nokkur vandamál sem upp hafa komið í EES-samstarfinu. Þá voru samskipti Eystrasaltsríkjanna og Norðurlanda til umræðu og ástandið í Rússlandi auk samskipta ríkjanna við Rússland.

## 3. Störf samstarfsráðherra Norðurlanda

*Hlutverk.*

Stefnan í norrænu samstarfi er mörkuð af forsætisráðherrum og samstarfsráðherrum Norðurlanda, en það kemur í hlut hinna síðarnefndu (MR-SAM) að sjá til þess að framkvæmdin sé í samræmi við þá stefnumörkun. Norræna fjárlagagerðin vegur þyngst á verkefnalista samstarfsráðherranna, en í þeirri vinnu felst ekki hvað síst að ákvarða fjárframlög til einstakra málefnasviða í norræna samstarfinu. Undir samstarfsráðherrana heyra einnig málaflokkar sem teljast þverfaglegir og falla því ekki undir eina fagráðherranefnd fremur en aðra. Sjálfbær þróun, málefni Norðurskautsins, samstarf við grannsvæðin, ESB og önnur alþjóðleg samtök, vinnan gegn landamærahindrunum, málefni barna og ungmenna og nú síðast aðgengismál fatlaðra á Norðurlöndum eru meðal þeirra mála sem eru á borði samstarfsráðherra Norðurlanda. Fjölgun þverfaglegra viðfangsefna í norrænu samstarfi er þróun sem gera má ráð fyrir að muni halda áfram, og því má búast við að enn muni auka á fjölbreytni í viðfangsefnum samstarfsráðherranna í framtíðinni.

Norræna samstarfsnefndin (NSK) starfar í umboði samstarfsráðherranna og undirbýr fundi þeirra, en hún er jafnframt stjórn aðalskrifstofu Norrænu ráðherranefndarinnar í Kaupmannahöfn.

*Fjárlög Norrænu ráðherranefndarinnar.*

Fjárlög ráðherranefndarinnar 2005 voru 825,893 millj. d.kr. að raunvirði, en með þeirri aðferð sem notuð hefur verið frá árinu 2000 og felst í því að færa þau að greiðslugrunni var raunverulegt framlag landanna til norræns samstarfs 10 millj. d.kr. lægra, eða 815,893 millj. d.kr. Eins og fram kom í fyrri ársskýrslu var þetta í síðasta sinn sem þessari aðferð var beitt, þar eð samstarfsráðherrarnir ákváðu á fundi sínum í mars að hverfa frá því að halda áfram að færa fjárlögin að greiðslugrunni og um leið að afskrifa þær 50 millj. d.kr. sem safnast höfðu upp sem óinnleystar kröfur á löndin.

Við ákvörðun um forgangsmál ársins var tekið mið af tilmælum Norður-

landaráðs, stefnumótunarskýrslunni *Ný norræn dagskrá* og þeim áherslum sem skilgreindar eru í formennskuáætlun þess lands sem stýrir samstarfinu. Í fjárlagavinnunni var leitast við að hafa reglulegt samráð við fjárlagahóp Norðurlandaráðs. Fjárlagaliðurinn „ráðstöfunarfé ráðherranefndarinnar" (ministerrådets strategiske initiativer) var að þessu sinni 10,2 millj. d.kr. Meginreglan er sú að ráðstafa þessu fé eingöngu til pólitískt mikilvægra skammtímaverkefna, en ekki til verkefna sem skilgreind eru í framkvæmdaáætlunum eða starfsáætlunum einstakra fagsviða og ná yfir nokkur ár. Ráðstöfunarfé ráðherranefndarinnar er einnig ætlað að greiða fyrir forgangsverkefnum þess lands sem fer með formennsku hverju sinni.

Á undanförnum árum hefur þróun norrænu fjárlaganna verið í þá átt að draga úr því að festa megnið af fjármununum fram í tímann í varanlegri starfsemi og langtímaverkefnum – en leitað er leiða til að halda einhverjum fjármunum óráðstöfuðum svo unnt sé að ná þeim sveigjanleika og viðbragðsflýti sem pólitískar áherslubreytingar kalla oft á. Við upphaf fjárlagavinnunnar vegna ársins 2006 var tekin ákvörðun um að lækka fjárveitingar til allra sviða samstarfsins um 2% miðað við fjárveitingu 2005 til þess að mæta þörfum um endurforgangsröðun síðar á árinu. Þessum fjármunum, 16,3 millj. d.kr., var síðan ráðstafað til ýmissa brýnna forgangsmála. Þannig var t.d. 10,0 millj. d.kr. úthlutað til hinnar nýju stofnunar, NordForsk, en hún tók til starfa í ársbyrjun 2005. Fastlega má gera ráð fyrir að sami háttur verði hafður á við fjárlagavinnu ársins 2007 þó óvíst sé hvort um sama hundraðshluta verði að ræða.

*Breytingar á samstarfi við grannlönd og –svæði.*

Um áramótin 2005/2006 urðu nokkur þáttaskil í samstarfi Norrænu ráðherranefndarinnar við hin svokölluðu grannsvæði. Yfirstandandi ár hefur verið e.k. aðlögunarár í samstarfinu við Eistland, Lettland og Litháen en verulega hefur dregið úr sérstökum framlögum ráðherranefndarinnar til samstarfsverkefna við þau eftir að þau gengu í ESB í maí 2004. Frá ársbyrjun 2006 fer samstarfið við Eystrasaltsríkin fram á jafnræðisgrundvelli – fjármögnun samstarfsverkefna verður að komast sem næst því að vera jöfn milli aðila. Engin sérstök grannsvæðaáætlun sem tekur til þessara ríkja mun stýra samstarfinu heldur er gert ráð fyrir að áhugasamir samstarfsaðilar í Eystrasaltsríkjunum keppi um fjármagn fagráðherranefnda og norrænna sjóða með sama hætti og aðrir á Norðurlöndum. Viðmiðunarreglan fyrir samstarf við Eystrasaltsríkin er nú hin sama og gildir almennt í norrænu samstarfi: unnt er að sækja um norrænt fjármagn til áhugaverðra verkefna, þar sem norrænt notagildi er augljóst, að því tilskildu að mótframlag sé fyrir hendi. Verkefni til nokkurra ára sem þegar er unnið að skv. gömlu grannsvæðaáætluninni fá þó að renna sitt skeið. Íbúar Eystrasaltsríkjanna munu þó hér eftir sem hingað til eiga aðgang að fjölbreyttu styrkjakerfi ráðherranefndarinnar, svo sem Nordplus- og Sleipnir-styrkjunum, auk náms- og starfsdvalarstyrkja til starfsmanna í opinberri þjónustu.

*Rússlandsáætlunin 2006-2008.*

Um leið og framangreindar breytingar á samstarfi við grannlönd og – svæði koma til framkvæmda mun ráðherranefndin að sama skapi leggja aukna áherslu á samstarf sitt við Norðvestur-Rússland. Á fjárlögum yfirstandandi árs voru rúmlega 10,7 millj. d.kr. ætlaðar starfseminni í Rússlandi eingöngu. Frá ársbyrjun 2006 tók sérstök Rússlandsáætlun gildi og rúmast hún innan þess þáttar fjárlaganna sem nær yfir starfsemi ráðherranefndarinnar í nágrannaríkjum og –svæðum (sjá bls. 105) en heildarupphæð hans er 87,286 millj. d.kr.

Samkvæmt Rússlandsáætluninni verður m.a. lögð áhersla á að gera borgurum í Norðvestur-Rússlandi betur kleift að halda til náms- og starfsdvalar á Norðurlöndum, en reynsla undanfarinna ára, bæði í Eystrasaltsríkjunum og Norðvestur-Rússlandi, sýnir að mikill og vaxandi áhugi er fyrir því að nýta þá möguleika sem hin ýmsu einstaklingsmiðuðu styrkjakerfi Norrænu ráðherranefndarinnar bjóða upp á. Markmiðið er að byggja upp þekkingu þarlendra borgara á verklagi norrænna vinnustaða og stofnana auk lýðræðislegra vinnubragða og ákvarðanatöku. Einnig verður lögð áhersla á samstarf við frjáls félagasamtök og samstarfið á Barentssvæðinu. Þá verður lögð áhersla á landamærasamstarfið og norrænir sjóðir, svo sem Norræni verkefnaútflutningssjóðurinn, Norræni umhverfisþróunarsjóðurinn auk Norræna fjárfestingarbankans munu einnig láta til sín taka á svæðinu.

*Skrifstofa Norrænu ráðherranefndarinnar í Kaliningrad.*

Seint á árinu náðist samkomulag milli rússneskra yfirvalda og Norrænu ráðherranefndarinnar í Kaupmannahöfn um að norræn skrifstofa tæki til starfa í Kaliningrad. Ráðherranefndin átti frumkvæði að þessu máli en unnið hefur verið að því frá árinu 2000. Það var margoft tekið upp á fundum norrænna ráðherra með rússneskum ráðherrum, m.a. af Halldóri Ásgrímssyni þegar hann var utanríkisráðherra og hitti Ivanov, þáverandi utanríkisráðherra Rússlands, vorið 2002.

Ráðherranefndin hefur starfrækt skrifstofu í Pétursborg frá 1995 og útibú frá henni í Arkhangelsk, Petrozavodsk og Murmansk. Sérstök lega Kaliningrad milli Litháens í austri og Póllands í vestri gerir svæðið í senn mikilvægt og áhugavert fyrir starfsemi Norrænu ráðherranefndarinnar á grannsvæðum Norðurlanda í suðaustri. Skrifstofan í Pétursborg hefur reynst norrænu samstarfi í Rússlandi mikilvæg lyftistöng og greitt fyrir aðkomu Norðurlanda að mörgum þjóðþrifaverkefnum á svæðinu. Norræna ráðherranefndin væntir þess nú að með tilstyrk nýju skrifstofunnar verði unnt að ná góðum árangri í Kaliningrad, en þar er mikil þörf fyrir uppbyggingu á ýmsum sviðum.

Samkomulag Norrænu ráðherranefndarinnar og rússneskra stjórnvalda var undirritað í Moskvu 22. desember sl. og við sama tækifæri var undirritað samkomulag um að styrkja í sessi skrifstofur ráðherranefndarinnar í Arkhangelsk, Petrozavodsk og Murmansk.

Skrifstofur Norrænu ráðherranefndarinnar í Pétursborg og Kaliningrad munu halda utanum þá starfsemi sem skilgreind er í Rússlandsáætluninni og koma á samböndum milli einstaklinga og stofnana.

*European Humanities University – landflótta háskóli frá Minsk í Hvíta-Rússlandi.*

Á vormánuðum barst Norrænu ráðherranefndinni erindi frá sendiráði Litháens í Kaupmannahöfn um að taka þátt í að styðja við bakið á landflótta háskóla frá Minsk í Hvíta-Rússlandi. Í erindinu kom fram að verkefnið yrði að miklu leyti kostað af ESB og var farið fram á að ráðherranefndin yrði fjárhagslegur milliliður milli háskólans og ESB auk þess að fjármagna framtakið að einhverju leyti. Samstarfsráðherrarnir samþykktu að ganga inn í þetta verkefni enda var það metið svo að með aðkomu sinni að því gæti ráðherranefndin gert sitt til þess að stuðla að lýðræðislegri og friðsamlegri samfélagsþróun í Hvíta-Rússlandi. Eftir að gengið hafði verið frá fjármögnun verkefnisins var samningur milli Norrænu ráðherranefndarinnar og ESB undirritaður um miðjan desember með gildistöku í upphafi árs 2006.

Háskólinn, sem nefnist European Humanities University (EHU), var stofnaður 1992. Markmiðið var að byggja upp opna og lýðræðislega menntastofnun, sem útskrifaði nemendur sem væru þess m.a. megnugir að eiga samskipti og samstarf við stofnanir og einstaklinga á Vesturlöndum. Eftir að Lukashenko komst til valda árið 1994 hefur háskólinn átt afar erfitt uppdráttar í heimalandi sínu. Sumarið 2004 var háskólinn sviptur starfsleyfi og gerður brottrækur úr húsnæði sínu. Frá haustinu 2004 hefur EHU starfað sem landflótta háskólastofnun með aðstöðu í Vilnius, en stjórnvöld í Litháen vinna að því að veita stofnuninni starfsleyfi. Háskólinn býður upp á fjarkennslu auk þess sem ýmis tengslanet eru starfandi á hans vegum víðsvegar um Hvíta-Rússland. Strax haustið 2005 bauðst hvítrússneskum stúdentum að sækja reglubundið nám við EHU en stjórnvöld í Litháen veittu skólanum húsaskjól í háskólabyggingum í Vilnius. Sú menntun sem stúdentar fá hjá EHU er ekki viðurkennd í Hvíta-Rússlandi og hefur menntamálaráðherra landsins ítrekað að sú ákvörðun að loka EHU-háskólanum í Minsk hafi verið rétt, en yfirvöld í Hvíta-Rússlandi hafi þó ekki í hyggju að hindra ferðir nemenda og kennara til og frá Vilníus.

Verkefni ráðherranefndarinnar og ESB, sem nefnist *EHU International*, var formlega hleypt af stokkunum í ársbyrjun 2006 og er það til þriggja ára. Stefnt er að því að EHU-háskólinn í Vilnius geti tekið við 350 hvítrússneskum stúdentum.

*Samstarf við alþjóðleg samtök í Norður-Evrópu – Baltic Euroregional Network (BEN).*

Á undanförnum árum hefur gætt vaxandi viðleitni hjá Norrænu ráðherranefndinni til að koma á nánara samstarfi við aðrar fjölþjóðlegar og svæðisbundnar stofnanir sem starfa í Norður-Evrópu, í því augnamiði að samræma verkefni og koma í veg fyrir tvítekningu aðgerða. Eystrasaltssvæðið og aðrir hlutar þess svæðis sem falla undir hina Norðlægu vídd ESB er landfræðilegur vettvangur þessarar viðleitni, sem sýnir að ráðherranefndin tekur í síauknum mæli mið af málefnum Evrópu í allri sinni starfsemi. Þannig hefur Norræna ráðherranefndin mikilvægu hlutverki að gegna við að fylgja eftir áætlun ESB

um Norðlægu víddina. Ráðherranefndin hefur ennfremur náið samráð við Barentsráðið og Norðurskautsráðið um ýmiskonar verkefnastarfsemi sem lýtur að sjálfbærri þróun og öðrum sameiginlegum hagsmunamálum. Að ósk þarlendra yfirvalda hefur Norræna ráðherranefndin einnig átt samráð við Pólland, en landfræðileg lega landsins við Eystrasaltið þýðir óhjákvæmilega að hagsmunir – bæði efnahagslegir og umhverfistengdir – fara saman við norræna hagsmuni.

Norræna ráðherranefndin er ásamt Eystrasaltsráðinu aðili að umfangsmiklu samstarfsverkefni þar sem alls 35 Evrópu-svæði (svokölluð *Euroregions*) á Eystrasaltssvæðinu mynda með sér tengslanet. Verkefninu, sem nefnist *Baltic Euroregional Network* (*BEN)*, var hleypt af stokkunum með ráðstefnu í Vilnius 26. september sl. Skrifstofa ráðherranefndarinnar í Vilnius er leiðandi aðili í verkefninu og er jafnframt, ásamt Eystrasaltsráðinu, sá aðili sem leggur hvað mesta fjármuni til þess, að ESB undanskildu. Markmiðið með BEN-verkefninu er að byggja upp öflugt svæðasamstarf á Eystrasaltssvæðinu þannig að aðilar verkefnisins verði betur í stakk búnir til þess að takast á við sameiginleg viðfangsefni og lausn svæðisbundinna vandamála. Ráðherranefndin og Eystrasaltsráðið eru einu fjölþjóðlegu samtökin utan ESB sem eiga beina aðild að verkefninu en það er jafnframt styrkt af styrkjakerfi ESB, INTERREG IIIA. Aðrir aðilar verkefnisins eru sveitarfélög og Evrópu-svæði í Hvíta-Rússlandi, Danmörku, Eistlandi, Finnlandi, Lettlandi, Litháen, Póllandi, Rússlandi og Svíþjóð. Opnunarráðstefnan í Vilnius var mjög vel sótt og gætti þar bjartsýni um að verkefnið geti orðið sú lyftistöng fyrir Eystrasaltssvæðið sem að er stefnt.

*Norðurskautsáætlun 2006-2008.*

Áætlun Norrænu ráðherranefndarinnar um samstarf á Norðurskautssvæðinu rann sitt skeið í lok ársins, en ráðherranefndartillaga um nýja áætlun fyrir tímabilið 2006-2008 var samþykkt á þingi Norðurlandaráðs í Reykjavík í lok október. Fyrsta Norðurskautsáætlun ráðherranefndarinnar er frá 1996, eða sama árinu og Norðurskautsráðið var stofnað. Til að byrja með var áætlunin hluti af grannsvæðaáætlun ráðherranefndarinnar, en árið 2003 var skilið þar á milli og birtist Norðurskautsáætlunin þá sem sérstakur fjárlagaliður í norrænu fjárlögunum. Síðan þá hafa framlög til Norðurskautsmálefna meira en tvöfaldast. Norrænu fjárlögin fyrir 2006 gera ráð fyrir að rúmlega 7 millj. d.kr. fari í þennan málaflokk.

Norræna ráðherranefndin hefur frá upphafi átt náið samstarf við Norðurskautsráðið um framkvæmd áætlunarinnar. Þannig mynda fulltrúar Norðurlanda í Norðurskautsráðinu jafnframt ráðgjafarhóp ráðherranefndarinnar um málefni Norðurskautsins, auk þess sem mörg þeirra verkefna sem ráðist hefur verið í af hálfu Norðurskautsráðsins hafa notið fjárframlaga úr hinni norrænu Norðurskautsáætlun. Má þar m.a. nefna mikilvæg verkefni eins og rannsóknir á áhrifum loftslagsbreytinga á norðurslóðum – „Arctic Climate Impact Assessment“ (ACIA) – og rannsóknir á mannlífi á norðurslóðum – „Arctic Human Development Report“ (AHDR) – en bæði þessi verkefni hafa vakið athygli á alþjóðavettvangi.

Norðurskautsáætlunin er fyrst og fremst tæki Norrænu ráðherranefndarinnar til þess að eiga samstarf um málefni Norðurskautsins við löndin í Norðurskautsráðinu, við ESB um mótun hins svokallaða „Norðurskauts-glugga“ (Arktisk vindue) sem er hluti af Norðlægu víddinni, sem og við nágranna Vestur-Norðurlanda á Norðurskautssvæðinu. Þá styður áætlunin einnig við þann hluta Rússlandsáætlunarinnar sem tekur til samstarfs við Barentsráðið og svæðasamtök þess auk samræmdrar aðkomu Norðurlanda að Alþjóðlega heimskautaárinu 2007-2008 (International Polar Year 2007-2008 – IPY). Í Norðurskautsáætlun 2006-2008 verður einkum lögð áhersla á eftirfarandi samstarfsmálefni:

- Eftirfylgni við „Arctic Human Development Report“.
- Bætt skilyrði fyrir norrænar Norðurskautsrannsóknir, einkum með Alþjóðlega heimskautaárið í huga.
- Eftirfylgni við „Arctic Climate Impact Assessment“, auk aðgerða til að koma í veg fyrir útbreiðslu eiturefna og þungmálma á Norðurskautssvæðinu.

*Heimssýningin í Japan – Expo 2005.*

Eins og fram kom í fyrri skýrslu kynntu Norðurlönd sig sem eitt svæði á heimssýningunni í Aichi í Japan, en hún stóð yfir frá 25. mars til 25. september. Löndin voru því með sameiginlegan sýningarskála þar sem einkenni þjóðanna voru dregin fram og túlkuð með ýmsum hætti. Ráðherranefndin styrkti verkefnið með 5 millj. d.kr. á tímabilinu 2003-2005, en lagði auk þess til skrifstofuaðstöðu í húsakynnum sínum í Kaupmannahöfn fyrir framkvæmdastjóra og annað sameiginlegt starfslið. Hverju landi fyrir sig var úthlutað sérstökum degi á heimssýningunni, og var dagur Íslands 15. júlí. Sameiginlegur dagur Norðurlanda var 2. júlí og í tengslum við hann var í boði marghátttuð dagskrá, s.s. tónlistaratriði, kvikmyndasýningar, upplestur o.fl. Einnig stóð Norræna ráðherranefndin fyrir fundaröð dagana 1. og 2. júlí í samvinnu við sendiráð Finnlands og Noregs í Tókýó. Á fundunum var annars vegar fjallað um nýsköpun, rannsóknir og sjálfbæra þróun á Norðurlöndum og í Japan og hins vegar um fjölskyldustefnu Norðurlanda og Japans.

Þótt heimssýningunni sé nú lokið mun hin sameiginlega skrifstofa um verkefnið starfa áfram til 1. mars 2006 vegna uppgjörs.

*Samstarf við Norðurlandaráð.*

Norræna ráðherranefndin átti gott samstarf við Norðurlandaráð á árinu. Fundir voru haldnir með fjárlagahóp ráðsins um fjárlagagerðina því miklu máli skiptir að fjárlögin endurspegli pólitískar áherslur hverju sinni og taki mið af tilmælum Norðurlandaráðs. Báðir aðilar hafa látið í ljósi ósk um að samráð um fjárlagagerðina verði markvissara en verið hefur, og mun verða tekið tillit til þess í þeirri endurskoðun á starfsháttum norrænu fjárlagavinnunnar sem nú stendur yfir. Norðurlandaráð kom saman í 57. sinn í Reykjavík 25.-27. október. Í lok þingsins voru ný og eldri tilmæli samanlagt 38 talsins, en undanfarin tvö ár hefur þeim fækkað frá því sem áður var. Fyrir

þingið átti samstarfsráðherra gagnlegan fund með Íslandsdeild Norðurlandaráðs þar sem helstu áherslumál voru rædd og tækifæri gafst til að fara nánar ofan í einstök mál.

*Formennskuáætlun Noregs 2006.*

Um áramót 2005/2006 tóku Norðmenn við formennsku í Norrænu ráðherranefndinni og var formennskuáætlun þeirra lögð fram til kynningar á þingi Norðurlandaráðs. Á formennskuárinu vilja Norðmenn einkum beina kastljósinu að nýjum samstarfsmöguleikum í Norður-Evrópu. Þá munu þeir beita sér fyrir því að nýjar samstarfsáætlanir við Norðvestur-Rússland og um málefni Norðurskautssvæðisins fari vel og kröftuglega af stað.

Á formennskuárinu vilja Norðmenn að hugað verði sérstaklega að velferðarkerfum Norðurlanda en í tilefni af því að á árinu 2006 lýkur umfangsmiklu rannsóknarverkefni um norræna velferðarkerfið vilja þeir að hafist verði handa við að takast á við þær áskoranir sem að því geta steðjað í sífellt aukinni samkeppni í hnattvæddum heimi.

Á formennskuárinu ætla Norðmenn að halda áfram á þeirri braut sem mörkuð hefur verið og varðar endurskipulag á norræna rannsókna- og nýsköpunarsamstarfinu. Jafnframt leggja þeir áherslu á að áfram verði unnið að tveimur verkefnum sem voru á forgangslista Danmerkur á formennskuári þeirra: nútímavæðing í norrænu samstarfi og áframhaldandi vinna gegn stjórnsýsluhindrunum á norrænum landamærum.

Vinnan við að ryðja úr vegi landamærahindrunum hefur notið forgangs í norrænu samstarfi undanfarin fjögur ár. Það mun hins vegar koma í hlut Norðmanna að hrinda í framkvæmd þeim áformum um nútímavæðingu samstarfsins sem ákveðin voru af samstarfsráðherrunum síðla sumars og samþykkt á Norðurlandaráðsþingi í Reykjavík 2005. Nánar má lesa um formennskuáætlun Norðmanna á vefslóðinni http://odin.dep.no/europaportalen/norsk/norden2006.

## 4. Norðurlandasamstarf utanríkisráðuneytisins

Norrænt samstarf hefur eflst og dafnað þó að margt hafi breyst í utanríkismálum Norðurlanda í lok síðustu aldar, fyrst þegar opnaðist fyrir eðlileg samskipti við nágrannaþjóðir Austur-Evrópu og síðar þegar Finnland og Svíþjóð gengu í ESB þar sem Danmörk var fyrir. Norðurlandasamvinna er veigamikill þáttur í alþjóðasamstarfi allra landanna fimm. Samvinna þeirra er fyrirmynd í vaxandi grannríkjasamstarfi, til dæmis í Eystrasaltsráðinu og Barentsráðinu, þar sem Norðurlönd eru virkir þátttakendur og miðla af langri og góðri reynslu.

Utanríkisráðherrar Norðurlanda halda tvo fundi á ári jafnan í því landi sem fer með formennsku í Norrænu ráðherranefndinni hverju sinni. Danir leiddu starfið á árinu. Utanríkisráðherrar Eistlands, Lettlands og Litháens sækja annan ráðherrafundinn. Einnig funda ráðuneytisstjórar og aðrir embættis-

menn utanríkisráðuneytisins reglulega með norrænum embættismönnum, ýmist með starfssystkinum frá Eystrasaltsríkjunum eða án. Markvisst er unnið að því að auka skilvirkni þessa samstarfs, enda kallar breytt umhverfi á nýjar áherslur og nýjar aðferðir.

Fyrri fundur utanríkisráðherranna á árinu var haldinn í Kaupmannahöfn 10. mars sl. Náttúruhamfarirnar í Suðaustur-Asíu á jólunum 2004 settu mark sitt á dagskrána. Ræddar voru hugmyndir um að stilla saman strengi þegar válegir atburðir, sem snerta Norðurlandabúa í útlöndum, eiga sér stað. Óhætt er að segja að sú umræða hafi sett sterkan svip á samskipti utanríkisráðherranna á árinu. Á fundinum var einnig fjallað um alþjóðamál almennt, svo sem tengsl Evrópu og Bandaríkjanna og stöðu mála fyrir botni Miðjarðarhafsins.

Á seinni fundi utanríkisráðherranna, sem fram fór á Borgundarhólmi í lok ágúst, var þráðurinn tekinn upp að nýju og fjallað um samstarf og sameiginleg viðbrögð við náttúruhamförum, hryðjuverkum eða stórslysum. Fyrir fundinum lá yfirlýsing, sem byggðist á niðurstöðum af samráði embættismanna. Í yfirlýsingunni eru gefin fyrirheit um að grípa til margs konar ráða til að þétta það öryggisnet sem ræðisskrifstofur og sendiráð norrænu landanna mynda.

Ekkert norrænu landanna er með sendiskrifstofur í öllum löndum. En þar sem sendiráðin eru fleiri en eitt munu þau gera sameiginlegar aðgerðaáætlanir til að mæta stóráföllum. Þau munu skipta með sér verkum, einkum þar sem gera má ráð fyrir að margir Norðurlandabúar dvelji, til dæmis á fjölförnum ferðamannastöðum. Sameinast verður um skráningu, heimflutning, stöðumat og annað þess háttar. Þar sem aðeins er eitt norrænt sendiráð mun það sinna ríkisborgurum allra Norðurlanda. Vinnan í sendiráðunum er víða komin vel á veg.

Á Borgundarhólmi var einnig fundur utanríkisráðherra Eystrasaltsríkjanna og Norðurlanda. Á honum var að venju farið yfir stöðu heimsmála. Davíð Oddsson, þáverandi utanríkisráðherra Íslands, hafði framsögu um umbætur í S.þ. Einnig var fjallað um þátt Norðurlanda og Eystrasaltsríkjanna í samstarfi við ríki Austur-Evrópu og Mið-Asíu og mikilvægi þess fyrir framgang lýðræðis og baráttuna gegn hryðjuverkum.

Á Norðurlandaráðsþinginu í Reykjavík var haldinn fundur utanríkisráðherra að venju. Á dagskrá voru mál, sem voru ofarlega á baugi í alþjóðastjórnmálum. Geir H. Haarde, utanríkisráðherra, hafði framsögu um þróun mála og framtíðarhorfur í Afganistan. Utanríkisráðherra Dana flutti sameiginlega skýrslu ráðherranna. Eins og við mátti búast voru afleiðingar náttúruhamfaranna í Suðaustur-Asíu og viðbrögð við þeim efst á blaði. Ráðherrann greindi frá innihaldi Borgundarhólmsyfirlýsingarinnar og kvaðst binda miklar vonir við þá vinnu sem utanríkisþjónusta landanna fimm hefðu lagt í að þétta öryggisnet norrænna borgara.

Á miðju ári birtust í dagblöðum á öllum Norðurlöndum grein sem innihélt sameiginleg skilaboð utanríkisráðherranna fimm til Íraksráðstefnunnar, sem þá fór fram í Brussel. Fjöldi þjóða tók þátt í ráðstefnunni auk ESB og S.þ. Utanríkisráðherrarnir brýndu þjóðir heims og alþjóðastofnanir til að nýta

tækifærið, sem ráðstefnan fól í sér, til að sameinast um stuðning við þróun lýðræðis í Írak og efnahagslega endurreisn landsins. Þeir lýstu vilja ríkisstjórna sinna til að ganga á undan með góðu fordæmi og halda áfram stuðningi við írösku þjóðina.

Ísland hefur verið í forsvari fyrir kjördæmi Norðurlanda og Eystrasaltsríkjanna í Alþjóðabankanum síðan árið 2003. Þetta verkefni hefur gefið utanríkisráðuneytinu ómetanlegt tækifæri til að efla þekkingu og skilning á málefnum þróunarlanda og fjölþjóðlegs þróunarstarfs.

## 5. Menningarmál

Á þessu ári hefur starf norrænu ráðherranefndarinnar í menningarmálum (MR-K) einna helst einkennst af því að unnið hefur verið að endurskoðun og uppbyggingu norræns menningarsamstarfs með það að markmiði að einfalda núverandi kerfi sem hefur verið við lýði í nokkra áratugi. Allt frá stofnun ráðherranefndarinnar árið 1970 hafa verið settar á laggirnar sérfræðinganefndir og stofnanir og málaflokkum hefur farið sífjölgandi. Þetta hefur leitt af sér að á vegum ráðherranefndarinnar um menningarmál voru starfandi tuttugu stofnanir og nefndir. Þessi skipan mála hefur orðið til þess að þessar stofnanir og nefndir, hver um sig, hefur fengið of takmarkaða fjármuni sem fara í vaxandi mæli í rekstur og hefur þannig komið niður á hinu eiginlega menningarsamstarfi. Óráðstafað fé sem menningarmálaráðherrarnir hafa haft úr að spila hefur sífellt minnkað í takt við aukna fasta starfsemi og því hafa möguleikar ráðherranna til að fylgja eftir pólitískum áherslum og nýjungum á sviði menningarmála verið mjög takmarkaðir. Með hinu nýja skipulagi er ætlun ráðherranna að losa um fé þannig að auka megi svigrúm til nýrra verkefna innan norræna menningarsamstarfsins.

Ráðherranefndin hefur unnið að endurskoðuninni í nokkur ár og til grundvallar breytingunum liggja skýrslur og álit sérfræðinga. Fyrri hluta ársins vann starfsnefnd embættismanna að því að undirbúa endanlegar tillögur til menningarmálaráðherranna um hvernig hægt væri að minnka stjórnunarkostnað, einfalda sjóðakerfið og auka möguleika ráðherranna á að taka þýðingarmiklar ákvarðanir um málefni á samstarfssviðinu. Tillögur nefndarinnar voru kynntar ítarlega á fundum með hagsmunaaðilum í öllum norrænu löndunum og á sjálfsstjórnarsvæðunum.

Á fundi menningarmálaráðherranna í júní tóku þeir ákvörðun um þau meginmarkmið sem stefna skyldi að. Markmiðið er að auka möguleika Norðurlandabúa á fjölbreyttri menningarflóru innan Norðurlanda, bæta möguleika norrænna listamanna á að taka þátt í norrænu menningarsamstarfi og auka gæði samstarfsins. Þessu markmiði verður best náð með því að vinna stefnumótunar- og verkefnaáætlanir ásamt ýmsum verkefnum, en ekki síst með breyttu skipulagi. Vinnunefnd embættismanna var falið að móta tillögur um framkvæmd þessara ákvarðana.

Á ráðherrafundi sem haldinn var í lok október í Reykjavík var ákveðið að

leggja niður þrjár stjórnarnefndir frá ársbyrjun 2006 og losa þannig um fjármagn til að nýta í nýtt margmiðlunarverkefni sem á að hefjast 2006. Verkefninu er ætlað að styrkja þróun norrænna tölvuleikja fyrir börn og ungt fólk. Þá var ákveðið að veita fé til ferða- og dvalarstyrkja fyrir listamenn árið 2006.

Jafnframt var tekin ákvörðun um að hefja nýtt verkefni til stuðnings listum sem koma á í stað þeirra fag- og listanefnda sem nú starfa. Verkefnið á að þróa í nánu samráði við listamenn og aðra þá sem sinna listum og menningu á Norðurlöndum og verður það til umræðu á fyrsta norræna menningarþinginu sem haldið verður í febrúar 2006. Þingið er nýr samstarfsvettvangur sem verður til við breytingarnar. Tilgangur þinganna er að kalla til fleiri og nýja aðila sem ekki hafa áður komið formlega að norrænu menningarsamstarfi.

Nefndirnar sem lagðar voru niður um áramótin eru stjórnarnefnd um barna- og unglingamenningu, stjórnarnefnd um fjölmiðla og stjórnarnefnd um menningarsamskipti við lönd utan Norðurlanda. Um áramótin 2006/2007 verða síðan Norræna fjölmiðlamiðstöðin, Sviðslistamiðstöðin, Samtímalistastofnunin, Listamiðstöðin í Dalsåsen, bókmennta- og bókasafnsnefndin, safnanefndin og Norræna tónlistarmiðstöðin lagðar niður. Þessum nefndum hefur verið falið að gera grein fyrir þeim verkefnum sem þær telja að brýnt sé að haldi áfram í einhverri mynd í hinu nýja skipulagi. Skýrslur þeirra og greinargerðir verða kynntar og ræddar á fyrsta menningarþinginu.

Eftir breytingarnar standa eftir norrænu húsin í Reykjavík og Færeyjum, norrænu menningarstofnanirnar í Grænlandi, Álandseyjum og Finnlandi auk Norrænu gagnamiðstöðvarinnar um fjölmiðlarannsóknir (Nordicom). Þá verða áfram starfræktir norræni kvikmynda- og sjónvarpssjóðurinn og norræni menningarsjóðurinn. Ætlunin er að starfsemi þeirra verði efld og þessar stofnanir og sjóðir gegni ríkari hlutverki í samvinnu Norðurlanda á sviði menningarmála.

*Norræni menningarsjóðurinn.*

Norræni menningarsjóðurinn gegnir mikilvægu hlutverki í hinu nýja skipulagi. Til þess að varpa ljósi á þýðingu hans fyrir íslenskt og norrænt menningarlíf þykir ástæða til í þetta sinn að kynna hann sérstaklega.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja menningarsamvinnu Norðurlanda með því að veita styrki til verkefna á Norðurlöndum á sviði menningar, menntamála og rannsókna og til norrænna verkefna í öðrum löndum.

Stjórn sjóðsins skipa þrettán fulltrúar, tveir frá hverju norrænu ríkjanna fimm, annar tilnefndur af Norðurlandaráði og hinn af Norrænu ráðherranefndinni auk eins fulltrúa frá hverju sjálfsstjórnarsvæðanna þriggja: Færeyjum, Grænlandi og Álandseyjum. Ísland var á árinu með formennsku í sjóðsstjórn.

Á árinu var úthlutað alls 24 millj. d.kr. eða um 240 millj. ísl.kr. til verkefna en meðfylgjandi listi sýnir dreifingu verkefna milli landa. Í hlut Íslands komu um 13 millj. ísl.kr. sem dreifðust á 18 verkefni sem er um helmingur þeirra umsókna sem bárust frá Íslandi. Ísland tengist einnig mörgum umsóknum hinna landanna þótt Íslendingar séu þar ekki sjálfir umsækjendur.

Auk þess að veita styrki til umsækjenda menningarverkefna á sjóðsstjórnin sjálf frumkvæði að nokkrum stórum verkefnum. Ákveðið var fyrir tveimur árum að veita annað hvert ár verulega styrkupphæð til norrænnar safnasýningar og var fyrsta sýningin opnuð í Stokkhólmi í lok nóvember sl. Ber hún nafnið: „KONGÓSPOR – Kongó á Norðurlöndum – Norðurlöndin í Kongó.“ Yfir 40 þúsund munir og minjar frá Afríkuríkinu Kongó eru til á söfnum á Norðurlöndum og fjallar sýningin um afskipti norrænna manna í Kongó, frá trúboðum og ævintýramönnum til friðargæsluliða S.þ., og áhrif kongóskrar menningar á Norðurlönd.

Sjóðsstjórn hefur nú valið nýtt verkefni fyrir árin 2006-08. Verður sú sýning opnuð árið 2007 og ber heitið: „Bjartar nætur – dimmir dagar“ („Nætter av lys – dage av mörke“). Hún fjallar um áhrif bjartra nótta og myrkra daga á menningarlíf þeirra þjóða og þjóðarbrota sem búa norðan heimskautsbaugs.

Sýningar þessar verða síðar í heild sinni eða að hluta til farandsýningar sem sendar verða á milli landanna.

Þá lauk í haust þriggja ára könnun og rannsóknarvinnu á vegum sjóðsins á skilningi ungs fólks á Norðurlöndum á skandinavísku málunum þremur: dönsku, sænsku og norsku, auk ensku. Um 1800 ungmenni á aldrinum 16-19 ára tóku þátt í þessari könnun en á Íslandi voru þátttakendur frá Akureyri og Reykjavík. Hefur könnunin nú verið gefin út á vegum sjóðsins undir heitinu: „Håller språket ihop Norden?“ (TemaNord 2005:573). Í rannsókninni er staðfest að skilningur ungs fólks á tungumálum nágrannaþjóðanna fer minnkandi miðað við foreldrakynslóðina, sem einnig tók þátt í könnuninni. Íslensk ungmenni koma allvel út úr könnuninni miðað við jafnaldra sína annars staðar á Norðurlöndum.

*Íslenskar umsóknir sem hlutu styrk úr Norræna menningarsjóðnum á árinu:*

- Tónleikaferð Kristins Sigmundssonar og Jónasar Ingimundarsonar um Danmörku, Svíþjóð og Finnland.
- Læknisfræðisögurannsóknir. Ráðstefna og fyrirlestrar í Reykjavík um norræna læknisfræðisögu.
- „Norræn tunga og menning“. Ráðstefna og fyrirlestrar á vegum Stofnunar Sigurðar Nordal.
- Námskeið í íslensku fyrir Norðurlandabúa á vegum Norræna félagsins.
- „Sigurjónssafn“. Sýning og rannsóknir á vegum safns Sigurjóns Ólafssonar um áhrif danskra myndlistarmanna á íslenska myndlistarmenn. Sýningin verður bæði í Sigurjónssafni og á Norðurbryggju í Kaupmannahöfn.
- Norræn skólabókasafnaráðstefna. Haldin á Bifröst með norrænum þátttakendum og áherslu á að miðla norrænum menningararfi og bókmenntum til barna og unglinga.
- „Gula gullið“. Rannsóknir og fyrirlestrar um verslun með íslenskan brennistein á 14. öld, haldin á Gásum í Eyjafirði með þátttöku norrænna safna- og vísindamanna.

- Kvikmyndaleikur og kvikmyndagerð ungs fólks. Vinnubúðir norrænna listaskólanema og ungra leikara haldnar á Ísafirði, þar sem unnar voru stuttmyndir.
- „Hamarinn“. Vinnubúðir í Hafnarfirði fyrir unglinga á Norðurlöndum á vegum Myndlistaskólans í Reykjavík.
- Víkingahátíð. Fjölskylduhátíð haldin í Dalabyggð með norrænni þátttöku og kennd við Leif Eiríksson. Áhersla á fræðslu til barna og unglinga.
- „Gróður fortíðar – gróði framtíðar“. Ráðstefna norrænna aðila haldin á Egilsstöðum á vegum Menningarráðs Austurlands um landsbyggðarmenningu.
- „7 A View“. Myndlistarsýning sjö norrænna listamanna, þar á meðal tveggja íslenskra. Sýnd í þremur norrænu landanna.
- „Menntunarmál í norrænum fangelsum“. Norræn ráðstefna á vegum Fangelsismálastofnunar ríkisins um menntun fanga.
- „Norðurlönd – markaðstorg tækifæranna“. Hátíð á vegum Norræna félagsins og ýmissa norrænna samtaka um möguleika á námi, störfum, ferðum og samstarfi milli norrænna landa.
- Heimspekirannsóknir. Ráðstefna í Reykjavík á vegum norræna heimspekirannsóknarfélagsins.
- Sumarháskóli á Hrafnseyri. Norrænn sumarháskóli á vegum Háskólaseturs Vestfjarða um miðlun þjóðlegrar menningar á Norðurlöndum. Haldinn á setri Jóns Sigurðssonar.
- Menningarhátíð og ráðstefna norrænna heyrnleysingjasamtaka. Haldin á Akureyri með áherslu á menningarmál.
- „Mr. Skallagrímsson“. Leiksýning á vegum Landnámsseturs Íslands í Borgarnesi sem á að veita innsýn í norrænan menningararf í íslenskum fornsögum. Sýningin fer einnig í leikferð til Svíþjóðar og Danmerkur.

| **Land** | **Fjöldi umsókna** | **Fjöldi veittra styrkja** |
|---|---|---|
| Danmörk | 204 | 54 |
| Finnland | 116 | 43 |
| Færeyjar | 13 | 7 |
| Grænland | 5 | 3 |
| Ísland | 38 | 18 |
| Noregur | 153 | 55 |
| Svíþjóð | 246 | 77 |
| Álandseyjar | 6 | 2 |
| Eistland | 20 | 6 |
| Lettland | 12 | 4 |
| Litháen | 5 | 2 |
| Rússland | 21 | 8 |
| Önnur lönd | 28 | 6 |
| Bandaríkin | 2 | 0 |
| **Samtals** | **869** | **285** |

*Norræna æskulýðsnefndin (NUK).*

Hlutverk Norrænu æskulýðsnefndarinnar er að fylgja eftir barna- og æskulýðsmálum á öllum starfssviðum ráðherranefndarinnar. Nefndin er þverfagleg og heyrir undir norrænu samstarfsráðherrana en er þjónað af skrifstofu menningarmála. Skipan nefndarinnar á sér ekki hliðstæðu í öðrum nefndum á vegum ráðherranefndarinnar. Auk fulltrúa stjórnvalda sitja í nefndinni fulltrúar frá samtökum barna og ungmenna og fulltrúar frá sjálfsstjórnarsvæðunum en Samar eiga þar seturétt.

Á árinu var unnið að því að undirbúa gerð framkvæmda- og starfsáætlunar fyrir norræna æskulýðspólitík sem tók gildi í ársbyrjun 2006. Markmiðið er að auka þátttöku barna og ungmenna í norrænu samstarfi innan allra starfssviða norrænu ráðherranefndarinnar. Um 60% af fjármunum nefndarinnar fara í sjóð sem veitir styrki til verkefna og rekstrar norræns samstarfs á þessu sviði samkvæmt umsóknum. Annað fé nefndarinnar fer í samstarfsverkefni sem nefndin sjálf á frumkvæði að og falla undir framkvæmdaáætlunina, s.s. samstarf við Evrópu og grannsvæði Norðurlanda. Frá árinu 2004 hefur danska fyrirtækið Cirius annast umsýslu vegna styrkveitinganna.

Í tengslum við Norðurlandaráðsþingið í Reykjavík í október sl. var lifandi bókasafn kynnt á norrænum dögum í verslunarmiðstöðinni Smáralind og vakti talsverða athygli. Verkefninu er ætlað að vinna gegn fordómum af öllu tagi. Lifandi bókasafn starfar eins og venjulegt bókasafn, lesendur koma og fá „lánaðar bækur“ í takmarkaðan tíma, en það óvenjulega er að „bækurnar“ eru fólk. Þær eru fulltrúar hópa sem oft mæta fordómum og eru fórnarlömb misréttis og félagslegrar útilokunar. Í tilefni af þessu átaki vann Norræna æskulýðsnefndin handbók um lifandi bókasafn sem gefin var út á öllum norrænu tungumálunum.

Annað sem Norræna æskulýðsnefndin vann að á árinu var m.a. verkefnið „Ein Norðurlönd“ sem miðar að því að auka þátttöku ungs fólks af erlendum uppruna í norrænu samstarfi. Þá var endurnýjaður samningur um æskulýðsrannsóknir. Ráðstefna sem fyrirhuguð var á árinu fyrir ungt fólk á jaðarsvæðum verður haldin í Noregi í janúar 2006. A.m.k. tíu fulltrúar Íslands munu sækja ráðstefnuna.

Nánari upplýsingar um starfsemi norrænu ráðherranefndarinnar um menningarmál er að finna á heimasíðu ráðherranefndarinnar www.norden.org.

## 6. Menntun og rannsóknir

Samstarf á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar um menntamál og rannsóknir (MR-U) tekur til grunn- og framhaldsskólastigs, fullorðinsfræðslu, háskóla og rannsókna. Samstarfið felst einkum í verkefnum og styrkjakerfum sem stjórnað er af ráðgjafanefndum, sem hafa m.a. umsjón með faglegum vinnuhópum sem starfa tímabundið. Ráðherranefnd menntamála og rannsókna heldur þrjá fundi árlega. Þyngst í skauti nefndarinnar hafa verið deilur Dana og Svía um staðsetningu Norrænu stofnunarinnar í fræðilegri eðlisfræði (NORDITA) sem ekki sá fyrir endann á við lok árs 2005.

*Fastar ráðgjafanefndir.*

Norræna embættismannanefndin um menntamál og rannsóknir (EK-U) undirbýr ráðherrafundi auk annarra verkefna sem henni eru falin af ráðherranefndinni. Á vegum ráðherranefndarinnar um menntamál og rannsóknir starfa auk þess þrjár ráðgjafanefndir, ein sér um samstarf um skólamál (NSS), önnur um æðri menntun (HÖGUT) og sú þriðja um fullorðinsfræðslu (SVL). Auk stjórnarnefndanna starfa vinnuhópar að tilteknum tímabundnum verkefnum.

*Samstarf um skólamál.*

Verksvið nefndarinnar NSS nær til leik-, grunn- og framhaldsskóla. Tilgangurinn með starfi nefndarinnar er að stuðla að því að bæta skólastarf á Norðurlöndum og því tekur nefndin til umfjöllunar þau mál sem efst eru á baugi á hverjum tíma, ber saman lausnir og aðferðir sem beitt er í einstökum löndum og miðlar upplýsingum um skóla og skólastarf til þeirra sem málið varðar.

Á formennskuári Dana var hugtakið alþjóðavæðing sett á oddinn bæði í tengslum við niðurstöður fjölþjóðlegu PISA-rannsóknarinnar sem fram fór 2003, Lissabon-ferlið og gæði almennt í skólastarfi. Settur var á laggirnar norrænn hópur rannsakenda sem skoðar sérstaklega og ber saman niðurstöður norrænu landanna í PISA-rannsókninni. Ákveðið hefur verið að halda norræna ráðstefnu árið 2006 þegar niðurstöður hópsins liggja fyrir.

Norrænn vinnuhópur um læsi sem var skipaður 2004 skilaði skýrslu og í framhaldi af því var haldið fjölmennt málþing í Danmörku í febrúar sl. Þar komu saman helstu sérfræðingar Norðurlanda í læsi, lestrarkennslu og kennaramenntun ásamt stefnumótandi aðilum.

NSS veitti fjármagn til norræns málþings um gæði í skólastarfi sem haldið var í Noregi í mars. Málþingið var framhald af áhersluatriðum á formennskuári Íslendinga 2004.

Samstarf Norðurlanda við Norðvestur-Rússland bar mikið á góma á árinu.

*Fullorðinsfræðsla.*

Stjórnarnefnd um fullorðinsfræðslu (SVL) fjallar um þau málefni er varða menntun fullorðinna sem efst eru á baugi hverju sinni að undanskildum þeim málefnum er falla undir verksvið háskólanefndarinnar. Grundvallarmarkmiðið í norrænu samstarfi um fullorðinsfræðslu er að stuðla að og þróa skilning á fjölbreytileika og samkennd á þessu sviði á Norðurlöndum og efla norræna vídd á alþjóðavettvangi.

Stjórnarnefndin fól Fræðslumiðstöð atvinnulífsins að vera íslenskur tengiliður í norrænu neti um fullorðinsfræðslu (NVL) í fjögur ár frá ársbyrjun 2005. Norræna netinu er ætlað að vera fullorðinsfræðsluaðilum til stuðnings, fanga nýjar hugmyndir og eiga frumkvæði að nýjum verkefnum sem eru til þess fallin að vinna að á norrænum vettvangi. Þá á netið að afla og miðla upplýsingum um norrænt samstarf á sviði fullorðinsfræðslu.

Í ársbyrjun 2004 hófu göngu sína fimm nýjar áætlanir á vegum fræðslu-

sviðs Norrænu ráðherranefndarinnar, þar á meðal Nordplus Junior sem styrkir verkefni á sviði símenntunar og fullorðinsfræðslu og stuðlar að hreyfanleika og myndun samstarfsneta milli Norðurlandaþjóðanna á þessu sviði. Norræna ráðherranefndin styrkir þessar áætlanir. Alþjóðaskrifstofa háskólastigsins veitir upplýsingar og aðstoð vegna þátttöku í norrænum samstarfsáætlunum í menntamálum.

*Háskólasamstarf.*

Stjórnarnefndin um æðri menntun (HÖGUT) hefur umsjón með samstarfi um æðri menntun á vettvangi Norrænu ráðherranefndarinnar. Helsta hlutverk nefndarinnar er að stuðla að eflingu norræns samstarfs um æðri menntun m.a. með athugunum, verkefnum, ráðstefnum og samráði við háskóla. Vegvísar í starfi HÖGUT í formennskuáætlun Dana voru: Norðurlönd og áhrif hnattvæðingarinnar á gæði háskólamenntunar og rannsókna á Norðurlöndum.

Sett var á fót nefnd um norræna mastersgráðu þar sem fjallað er um samstarf háskóla í öllum norrænu löndunum um sameiginlega prófgráðu (joint degree). Nefndin mun koma með tillögur um sértæk verkefni á þessu sviði 2006.

*Nordplus.*

Á árinu var lögð fram tillaga um úttekt á Nordplus-áætluninni. Áætlunin er mikilvægasta verkfæri HÖGUT til að auka og efla samstarf háskóla á Norðurlöndum. Á árinu bárust um 324 umsóknir um styrki í Nordplus. Um 66% umsókna voru vegna mannaskipta og 34% vegna samstarfsneta og verkefna um sameiginlegt námsframboð háskóla.

Vinna við að samræma reglur lánasjóða á Norðurlöndum hélt áfram. Vinnuhópur skilaði sinni þriðju skýrslu á árinu með tillögum um frekari úrbætur og samræmi milli lánasjóða á Norðurlöndum til að auðvelda hreyfanleika nemenda í háskólanámi innan Norðurlanda.

Á grundvelli niðurstöðu fundar milli menntamálaráðherra Norðurlanda og Eystrasaltsríkjanna í mars 2004 var settur á fót verkefnahópur sem hefur skilað tillögum um aukið samstarf milli Norðurlanda og Eistlands, Lettlands og Litháens á sviðum mennta og rannsókna. Gert er ráð fyrir að Eystrasaltsríkin þrjú taki beinan þátt í Nordplus-áætluninni.

Þemaráðstefna Norrænu ráðherranefndarinnar undir formennsku Dana 2005 bar heitið: „Norden í verden – verden í Norden“ með undirheitinu „Globaliseringens utfordringer til höyere uddannelse“. Ráðstefnan var haldinn í Óðinsvéum á Fjóni í nóvember sl.

*Málráð Norðurlanda.*

Hlutverk málráðs Norðurlanda er að vera stýrihópur fyrir norrænt tungumálasamstarf. Ráðinu er m.a. ætlað að efla norrænan málskilning og málakunnáttu, styrkja tungumálasamstarfið og þekkingu á norrænum málum og styrkja stöðu norrænna mála innan Norðurlanda sem utan.

Á fundum málráðsins á árinu var m.a. rætt um nýja norræna málstefnu,

úttekt á Nordplus sprog og samstarfsnefnd sem fer með mál lektora er annast kennslu í Norðurlandamálum erlendis og samvinnu við norrænu málnefndirnar.

Einnig var á dagskrá norræn málstefna og samvinna við Eistland, Lettland og Litháen á sviði tungumála og um kennslu í norrænum málum erlendis.

Fjallað var um norræna málstefnu, hugmynd um útgáfu á úrvali af sígildum norrænum textum, úttekt á Nordplus sprog og norræna tungumálasamninginn. Þá var rætt um þátttöku Eistlands, Lettlands og Litháens í Nordplus sprog-áætluninni.

Ennfremur var rætt um úthlutun fjár úr Nordplus sprog. Norðmenn kynntu áhersluatriði sín, farið var yfir stöðu þeirra mála sem einkum voru í brennidepli á árinu, rætt var um 8. gr. Helsingforssamningsins og ýmis önnur mál kynnt.

Auk þess voru haldnir fundir með HØGUT og NSS.

*Vísinda- og tæknistefna.*

Á formennskuári Íslands í norrænu samstarfi árið 2004 var megináherslan lögð á endurskipulagningu norræna stofnanakerfisins á sviði vísinda- og tæknimála. Ákveðið var að sameina starfsemi Norrænu stofnunarinnar um vísindamenntun (NorFA) og Norræna vísindastefnuráðsins (FPR) í nýrri stofnun sem fékk nafnið NordForsk og tók hún til starfa í ársbyrjun 2005.

Til að undirstrika tengsl þessarar nýju stofnunar við hagsmunaaðila heima fyrir var ákveðið að stjórn stofnunarinnar væri skipuð alls níu manns; fimm fulltrúum rannsóknarráðanna í norrænu ríkjunum fimm, tveimur fulltrúum norrænna háskóla tilnefndum af NUS (samstarfi háskóla á Norðurlöndum) og einum fulltrúa atvinnulífs tilnefndum af ráðherranefnd iðnaðar- og atvinnumála. Var það gert m.a. til að auka tengslin milli stuðnings við rannsóknir og stuðnings við nýsköpun og til að tryggja tengslin við stefnumörkun rannsóknaráðanna í hverju landi svo og stuðla að aukinni samvinnu norrænu háskólanna um vísindalega framhaldsmenntun. Auk þessara aðila eiga sjálfsstjórnarsvæðin þrjá áheyrnarfulltrúa og Eistland, Lettland og Litháen einn sameiginlegan áheyrnarfulltrúa.

Nokkuð dróst að ráða framkvæmdastjóra að stofnuninni, sem hefur sett sitt mark á starfsemina, sérstaklega á vísindasviðinu þar sem stefnumótun vantaði. Hefur því dregið nokkuð úr verkefnasamstarfi í bili. Hins vegar hefur starfsemin á sviði rannsóknamenntunar sem NorFA annaðist gengið nokkurn veginn eftir áætlun samkvæmt óbreyttri stefnu.

Mikilvægur þáttur í aukinni samvirkni milli stefnumótunar á sviði vísinda annars vegar og nýsköpunar hins vegar var undirritun samstarfsyfirlýsingar milli ráðherranefndar mennta- og vísindamála og ráðherranefndar iðnaðar- og atvinnumála. Yfirlýsingin felur m.a. í sér vilja til að NordForsk og Norræna nýsköpunarmiðstöðin (NICe) eigi með sér nána samvinnu. Verða skrifstofur þessara stofnana í sameiginlegu húsnæði og framkvæmdastjórar þeirra eiga gagnkvæman rétt til setu á stjórnarfundum hvor hjá öðrum.

## 7. Upplýsingatækni

Eins og fram kemur í formála var í október ákveðið að leggja niður ráðherranefndina um upplýsingatækni (MR-IT) og færa ábyrgð á samræmingu upplýsingatækniverkefna til ráðherranefndarinnar um menntun og rannsóknir. Verkefni sem eru í vinnslu sem og ábyrgð á ákveðnum verkefnasviðum dreifist væntanlega á fleiri ráðherranefndir.

Ekki var haldinn ráðherrafundur á árinu þar sem ekki náðist næg þátttaka til þess. Haldin var námstefna um persónuvernd og öryggismál og unnið að ýmsum verkefnum.

Á árinu voru gefnar út þrjár skýrslur sem að hluta eða öllu leyti voru styrktar af ráðherranefndinni um upplýsingatækni: *Indicators for the Information Society in the Baltic Region 2005*, *Nordic Information Society Statistics 2005* og *IT-privacy – en forudsætning eller en forhindring for borgeren i Norden*?

*Námstefna undir yfirskriftinni „IT-privacy og IT-sikkerhed“.*

Í desember sl. var haldin námstefna í Kaupmannahöfn þar sem fjallað var um persónuvernd og öryggismál sem tengjast síaukinni notkun upplýsingatækninnar á öllum sviðum hinna norrænu samfélaga. Til umræðu var m.a. sú staða að Norðurlönd eru í hópi þeirra landa sem hvað mest og best nýta sér tæknina í daglegu lífi borgaranna og í atvinnulífinu. Því er afar mikilvægt að tekið sé á þeim þáttum sem ógnað geta áframhaldandi nýtingu tækninnar til að auka hagræðingu, styrkja lýðræðið og auka lífsgæði almennt. Kynnt var ný, yfirgripsmikil skýrsla sem unnin var fyrir ráðherranefndina og ber heitið: „IT-privacy – en forudsætning eller en forhindring for borgeren i Norden“.

*MR-IT lögð niður – hvað tekur við?*

Embættismannanefndin um upplýsingatækni (EK-IT) lýsti í bréfi til framkvæmdastjóra Norrænu ráðherranefndarinnar um áramótin 2005-2006 þeirri skoðun sinni að auk þess starfs sem fram muni fara innan vébanda MR-U sé æskilegt að komið verði upp óformlegu samstarfi milli þeirra aðila á Norðurlöndum sem vinna að stefnumótun og framkvæmd stefnu landanna á sviði upplýsinga- og fjarskiptatækni. Samstarfið hefði það markmið að miðla reynslu og hugmyndum.

Ekki liggur fyrir hvað verður um þau verkefni sem MR-IT hefur rekið. En þau verkefni sem ekki er lokið í árslok eru eftirfarandi:

1) Framkvæmd stefnu- og aðgerðaráætlunar sem MR-IT hefur mótað fyrir árin 2005-2007. Í henni eru sex áhersluatriði: Öryggismál, tölfræði upplýsingasamfélagsins, samskipti milli kerfa, að tæknin nái til allra, rafrænt lýðræði og framleiðsla á norrænu efni.
2) Opnir staðlar og opinn hugbúnaður.
3) Höfundaréttindi og framleiðsla rafræns efnis á Norðurlöndum.
4) Einkaleyfi á hugbúnaði.
5) Samstarf við Eystrasaltsríkin.

Skoða þarf sérstaklega hvernig halda eigi áfram með þau verkefni sem nú þegar er unnið að með Eystrasaltsríkjunum.

## 8. Orkumál

*Inngangur.*

Markmiðið með norrænu samstarfi á sviði orkumála er að stuðla að sjálfbærri, skilvirkri, samkeppnishæfri og öruggri orkuöflun á Norðurlöndum. Áherslur í samstarfinu og þau verkefni sem unnið er að eiga að hafa pólitíska þýðingu fyrir Norðurlöndin.

Í samstarfinu hefur verið lögð áhersla á að orkan sé einn helsti grunnþáttur við eflingu atvinnulífs og hagsældar þjóðanna. Öryggi í flutningi og dreifingu orku hefur því verið ofarlega á baugi og einnig hefur verið lögð áhersla á nýtingu endurnýjanlegra orkulinda, vegna þeirra miklu loftslagsáhrifa sem orkuframleiðsla með brennsluefnum hefur.

Samstarf norrænu ráðherranefndarinnar á sviði orkumála (MR-ENERGI) á árinu hefur verið í samræmi við rammaáætlun fyrir árin 2002-2005. Á fundi sínum á Grænlandi í ágúst sl. ráðherrarnir nýja aðgerðaráætlun fyrir samstarfið á árunum 2006-2009.

*Rammaáætlun um norrænt samstarf á sviði orkumála.*

Í rammaáætlun orkuráðherranna fyrir árin 2002-2005 var lögð áhersla á þrjú meginsvið:

- Opnun raforkumarkaðarins á milli norrænu landanna fjögurra sem eru samtengd, þ.e. Danmerkur, Noregs, Svíþjóðar og Finnlands.
- Samstarf á sviði loftslagsmála.
- Samstarf við grannríkin í austri, þ.e. grannsvæðin Eistland, Lettland og Litháen og Norðvestur-Rússland, svo og ríki innan Eystrasaltsráðsins og ESB.

Vaxandi áhersla hefur og verið lögð á önnur svið og þar má helst nefna notkun endurnýjanlegra orkulinda og bætta orkunýtni og vandamál er tengjast orkunotkun strjálbýlustu svæða Norðurlanda sem eru einangruð og styðjast eingöngu við brennslueldsneyti.

Þá er í áætluninni fjallað um hlutverk Norrænu orkurannsóknaáætlunarinnar (Nordisk energiforskningsprogram – NEFP), við að styðja við rannsóknir á kjarnasviðum áætlunarinnar.

*Tilraunasvæði um losunarheimildir.*

Árið 2003 undirrituðu orkuráðherrar Norðurlanda samkomulag um að gera Eystrasalt að tilraunasvæði fyrir Kyoto-bókunina. Ástæða þess er sú að norrænu ríkin hafa lýst yfir vilja sínum til að aðstoða Eystrasaltsríkin við að draga úr losun þeirra á gróðurhúsalofttegundum, sem er mjög mikil, en geta

þeirra til að takast á við þetta vandamál er takmörkuð. Aðilar að þessu samstarfi eru nú, auk norrænu ríkjanna og Þýskalands, Eistland, Lettland, Litháen og Pólland.

Árið 2004 var komið á fót sérstökum sjóði til að fjármagna fyrstu verkefni í þessu skyni. Lögðu ríkin fram samtals 10 millj. evra er skiptast í sömu hlutföllum og í norrænu fjárlögunum, og á árinu 2004 gerðist Þýskaland aðili að sjóðnum með 5 millj. evra framlagi. Áformað er að efla verulega sjóðinn á næstunni og verið er að kanna áhuga einkaaðila á aðild að fjármögnun verkefna. Unnið hefur verið að undirbúningi nokkurra verkefna í Eystrasaltsríkjunum á árinu og verulegur áhugi stjórnvalda í vesturhluta Rússlands og Ukraínu er fyrir því að koma inn í þetta samstarf.

Þátttaka Íslands í þessu verkefni mun verða til þess að opna leið fyrir íslensk orku- og ráðgjafarfyrirtæki í verkefnum um sameiginlegar framkvæmdir, einkum á sviði jarðhita. Eystrasaltsríkin og mörg önnur Austur-Evrópulönd búa yfir miklum möguleikum á nýtingu jarðhita sem henta vel fyrir verkefni af þessu tagi.

Miðað er við að verkefnið standi til ársins 2008 en þá hefst fyrsta skuldbindingartímabil Kyoto-bókunarinnar.

*Orkurannsóknir.*

Norræna orkurannsóknaráætlunin (NEFP) er að mestu fjármögnuð beint af orkuráðuneytum landanna og skiptist á milli þeirra í samræmi við skiptingu norrænu fjárlaganna. Markmiðið hefur verið að styrkja grunnþekkingu og efla samstarf háskóla, rannsóknastofnana o.fl. með það fyrir augum að stuðla að bættri samkeppnisstöðu landanna. Áherslur orkurannsóknaráætlunarinnar hafa beinst að fimm höfuðverkefnum, þ.e.a.s. orkumarkaðsmálum, endurnýjanlegum orkulindum, orkunýtni, vetnissamfélaginu og áhrifum loftslagsbreytinga á orkubúskap Norðurlanda. Þá hefur skrifstofa orkurannsóknaráætlunarinnar annast verkefnisstjórnun fyrir einstök verkefni sem unnin hafa verið á vegum embættismannanefndarinnar.

*ESB, EES og alþjóðaorkumál.*

Á fundum norrænu embættismannanefndarinnar um orkumál (EK-ENERGI) og starfshópa á hennar vegum er að jafnaði fjallað um mál er varða EES og þróun orkumála innan ESB. Fyrir reglulega fundi í ráðherraráði ESB um orkumál eru áður haldnir óformlegir fundir norrænu orkuráðherranna og sitja fulltrúar Íslands og Noregs þá fundi en síðustu árin hafa fulltrúar Eystrasaltsríkjanna einnig setið þá. Þessir fundir geta verið mikilvægir fyrir okkur Íslendinga, sem ekki eigum möguleika á að taka þátt í öllum málaflokkum, sem heyra undir orkusviðið innan ESB.

*Samstarf við grannsvæði Norðurlanda.*

Helsti samstarfsvettvangur Norðurlandaþjóðanna og grannríkjanna við Eystrasalt í orkumálum fer fram á vegum BASREC (Baltic Sea Region Energy Cooperation) á vettvangi Eystrasaltsráðsins (Baltic Sea States

Council, BSSC). Á árinu tók Ísland við formennsku í Eystrasaltsráðinu og einnig í BASREC-samstarfinu. Framfarir og endurbætur á sviði orkumála eru mjög mikilvægur þáttur í framþróun Eystrasaltssvæðisins. BASREC hefur skipulagt einstök samstarfs- og stuðningsverkefni sérstaklega í Eystrasaltsríkjunum og Vestur-Rússlandi. Má þar m.a. nefna þjálfun starfsmanna orkufyrirtækja og opinberra stofnana í þessum löndum og hafa nokkrir þeirra verið í þjálfun hér á landi á þessu ári.

Orkuráðherrar í BASREC-samstarfinu hittast þriðja hvert ár. Í október sl. var haldinn ráðherrafundur í Reykjavík þar sem aðalumræðuefnið var framtíð orkusamstarfs þjóðanna í ljósi breyttra aðstæðna. Þar flutti Andris Piebalgs, yfirmaður orkumála ESB erindi um þýðingu þessa samstarfs og taldi eðlilegt að því yrði fram haldið. Á fundinum var samþykkt ný þriggja ára vinnuáætlun um áframhaldandi samvinnu BASREC-aðildarríkjanna.

*Samstarf á vestnorræna svæðinu.*

Á síðustu þremur árum hefur innan embættismannanefndarinnar um orkumál verið lögð aukin áhersla á frekara samstarfi milli vestnorrænu landanna, Grænlands, Íslands og Færeyja. Sérstaða þeirra, og þá einkum Grænlands og Færeyja, í orkumálum er mikil samanborið við önnur norræn lönd. Helsta vandamál landanna er að orkuframleiðsla er nánast öll byggð á olíunotkun og raforkudreifing er víðast erfið sökum strjálbýlis. Á árinu 2004 var lögð sérstök áhersla að skoða vanda landanna í orkuöflun og var það eitt af helstu áherslumálum Íslands á formennskuárinu. Á árinu var lokið við og kynnt niðurstaða úttektar á vandamálum einstakra einangraðra byggðarlaga við orkuöflun og á hvern hátt væri unnt að draga úr hinni miklu olíunotkun við að mæta orkuþörf þeirra.

*Opinn norrænn raforkumarkaður.*

Á síðasta áratug hefur skipan raforkumála á Vesturlöndum tekið miklum breytingum sem m.a. hafa falist í því að komið hefur verið á markaðsbúskap í viðskiptum með raforku. Á árinu urðu miklar umræður á Norðurlöndum um raforkuverð og flutning raforku m.a. vegna rafmagnsleysis á síðari hluta árs 2004 á þéttbýlustu svæðum landanna. Unnið var að úttekt á flutningskerfum landanna, gerðar tillögur til endurbóta og nauðsynlegum úrbótum hrundið í framkvæmd. Þá var áfram unnið að athugun á því hvernig raforkumarkaðurinn á Norðurlöndum geti í auknum mæli tengst markaði Eystrasaltsríkjanna og Austur-Evrópu.

*Ný rammaáætlun um samstarf í orkumálum.*

Eins og fyrr er getið samþykktu norrænu orkuráðherrarnir nýja samstarfsáætlun á fundi sínum í ágúst sl. Þar kemur fram að þrjú meginsvið samstarfsins skyldu vera:

- Orkumarkaður Norðurlanda og nágrannaríkja. Hér er fyrst og fremst átt við þróun raforkumarkaðarins og uppbyggingu raforkukerfis landanna.
- Sjálfbær orkukerfi. Með sjálfbærum orkukerfum er átt við aukna notkun

endurnýjanlegra orkulinda, aukna orkunýtni og þá einkum í því skyni að draga úr áhrifum gróðurhúsalofttegunda við orkuframleiðslu.

- Norðurlönd í alþjóðlegu samstarfi. Lögð er áhersla á að Norðurlönd verði í fararbroddi í alþjóðlegu samstarfi á orkusviði. Lögð er áhersla á samvinnu bæði innan Evrópusamstarfsins og Eystrasaltssamstarfsins og á samstarf við Rússland á sviði orkumála.

Rammaáætlunin, Handlingsplan for det nordiske energisamarbejde 2006–2009, var rædd og samþykkt á þingi Norðurlandaráðs í Reykjavík í október sl. og hlaut þar jákvæðar viðtökur.

*Niðurlag.*

Miklar breytingar hafa orðið í orkumálum nágrannaþjóða okkar á undangengnum áratug. Þó svo að Ísland sé ekki tengt raforkukerfi annarra þjóða er uppbygging kerfis landsins með svipuðum hætti og í öðrum nágrannaríkjum. Á síðustu 2–3 árum hafa gagngerar breytingar verið gerðar á skipulagi orkumála hér á landi, sem enn standa yfir. Gagnlegt hefur verið fyrir Ísland að fylgjast með þróun raforkumarkaðarins í þessum löndum og læra af reynslu nágrannaþjóðanna. Þá hafa Íslendingar í vaxandi mæli tekið þátt í og notið góðs af norrænu orkurannsóknaráætluninni og má þar nefna stjórnun á rannsóknarverkefni um áhrif loftslagsbreytinga á norræna orkuframleiðslu í framtíðinni.

## 9. Umhverfismál

Samstarf norrænu umhverfisráðherranna (MR-M) byggir á norrænni framkvæmdaáætlun í umhverfismálum. Framkvæmdaáætlun sem nú er unnið eftir gildir fyrir árin 2005–2008 og var hún unnin undir formennsku Íslands á árinu 2004.

Fjögur meginefni eru í forgrunni í áætluninni. Þau eru:

- maðurinn og heilsan,
- hafið,
- verndun náttúrunnar og
- sjálfbær framleiðsla og neysla.

Hugmyndin að baki þessum meginefnum er að ekki sé hægt að skoða umhverfismál á einangraðan hátt heldur verði að skoða þau í heild sinni. Til dæmis verði þannig að skoða hættuleg efni bæði út frá þeim áhrifum sem þau geti haft á heilsu manna og út frá áhrifum sem þau hafi á náttúruna. Í nýrri framkvæmdaáætlun er áhersla lögð á aukna samþættingu milli geira svo og samvinnu milli vinnuhópa. Framkvæmdaáætluninni er ætlað að vera leiðsögurit fyrir samstarfið á komandi fjórum árum milli norrænu landanna, við ESB og aðrar alþjóðlegar stofnanir, grannsvæðin og Norðurskautsvæðið.

Í maí sl. var haldin alþjóðleg ráðstefna í boði umhverfisráðuneytisins og var hún ein þeirra ráðstefna sem haldnar voru í tilefni af formennsku Íslend-

inga í Norrænu ráðherranefndinni árið 2004. Ráðstefnan nefndist „National Parks, Outdoor life and Health" og var hún haldin í Hótel Freysnesi í Skaftafelli en hana sóttu rúmlega hundrað manns. Þátttakendur voru frá öllum norrænu ríkjunum auk Færeyja og Grænlands en einnig komu aðilar frá Litháen, Lettlandi, Skotlandi og Kanada. Helstu niðurstöður ráðstefnunnar voru að betra væri að vernda stórar einingar en hafa sveigjanleika varðandi mismunandi verndunarstig innan svæðisins og að mikilvægt væri að fá almenning sem búi á eða nálægt friðuðum svæðum og aðra hagsmunaaðila til samstarfs. Einnig var lögð áhersla á mikilvægi friðaðra svæða fyrir heilsu almennings. Voru nefndarmenn sammála um að skoða þyrfti betur þau jákvæðu áhrif sem græn svæði, bæði svæði í nágrenni við heimili fólks og friðuð svæði, hefðu á heilsu almennings.

Tillögur ESB um meðhöndlun efnasambanda (REACH) voru ræddar ítrekað af norrænu umhverfisráðherrunum enda hefur af hálfu ráðherranna mikil áhersla verið lögð á að hafa áhrif á mótun þeirra tillagna. Formennskulandið Danmörk boðaði til ráðstefnu þar sem þeim aðilum innan stjórnkerfa norrænu landanna, sem munu vinna við að innleiða væntanlega nýja tilskipun, var boðið til skrafs og ráðagerða. Áhersla var lögð á að skoða hvernig norrænt samstarf gæti nýst þessum aðilum til að undirbúa sig undir hið nýja regluverk og er ljóst að slík samvinna er mjög mikilvæg fyrir íslenska hagsmuni, bæði hvað varðar umhverfi og atvinnulíf. Umhverfisráðherrar lögðu einnig áherslu á að norrænt innlegg komi inn í tillögur ESB um heildstæða stefnumótun um málefni hafsins. Ísland hefur lagt áherslu á að slík stefnumótun muni ekki eiga við íslensk hafsvæði en hefur lýst yfir fullum stuðningi við að hafa jákvæð áhrif á stefnumótun ESB á þessu mikilvæga sviði. Staða samningaviðræðna vegna alþjóðlegrar áætlunar um efni (SAICM) var rædd enda Norðurlönd í forystuhlutverki á þessum vettvangi. Samþykkt var tillaga Íslands um að halda sérstaka kynningu á norrænu samstarfi á vegum efnavörunefndarinnar á næsta fundi SAICM sem haldinn verður í Dubai í febrúarmánuði 2006. Áhersla verður lögð á að kynna þá gagnagrunna sem efnavörunefndin hefur komið upp um hættuleg efni. Þessir gagnagrunnar eru opnir öllum á netinu en þörf er á að dreifa vitneskju um slíka gagnagrunna til annarra þjóða þar á meðal þróunarlanda þar sem skortir á þekkingu um eiginleika hættulegra efna og t.d. áhrif þeirra á heilsu fólks. Íslenskur verkefnisstjóri stjórnar þessu verkefni.

Umhverfisráðherra Íslands hélt starfsfélögum sínum upplýstum um þann leka sem átti sér stað í kjarnorkuendurvinnslustöðinni í Sellafield á árinu og var ákveðið að Ísland héldi áfram að fylgjast með framvindu mála. Einnig ákváðu ráðherrarnir að taka málið til frekari skoðunar ef tilefni gæfust til og ræða hugsanlegar sameiginlegar aðgerðir til að sporna við geislavirkri mengun frá Sellafield.

*Norræna umhverfisfjármögnunarfélagið (NEFCO).*

Norræna umhverfisfjármögnunarfélagið heyrir undir norrænu ráðherranefndina um umhverfismál (sjá nánar um NEFCO, kafla 23.2.)

*Fastir vinnuhópar á vegum umhverfisráðherra Norðurlanda.*

Á vegum norrænu umhverfisráðherranna eru fimm fastir vinnuhópar og fimm þverfaglegir hópar sem eru í samstarfi við önnur samstarfssvið í norrænu samstarfi, í samræmi við þá reglu að samþætta eigi umhverfissjónarmið á öllum sviðum samfélagsins.

*Vinnunefnd um umhverfi hafs og lofts.*

Innan ramma norrænnar áætlunar um aðgerðir í umhverfismálum 2005–2008 styrkir nefndin verkefni sem stuðla að uppbyggingu þekkingar fyrir norrænt framlag í alþjóðlegum stofnunum og samningum um mengun hafs og lofts. Meðal alþjóðlegra samninga eru CLRTAP, OSPAR og HELCOM, AMAP og Stokkhólmssamningurinn en helstu verkefni í tengslum við ESB varða loftgæði og tilskipanir um útblástur, mótun evrópskar stefnu um hafið og framkvæmd rammatilskipunar um vatn. Unnið verður á vegum vinnunefndarinnar að sautján verkefnum á árinu 2006, þar af eru ellefu framhaldsverkefni. Meðal þessara verkefna eru fimm verkefni sem varða rykmengun, átta verkefni um næringarefnaofauðgun í hafinu og líkanagerð, og tvö verkefni varðandi þrávirk lífræn mengunarefni. Á árinu gerir hópurinn ráð fyrir að gefa út upplýsingabækling um lofmengun, ryk og heilsu. Bæklingurinn byggir á niðurstöðum verkefna hópsins á þessu sviði á undanförnum árum og verður ætlaður almenningi.

*Efnavörunefndin.*

Vinnunefndin um efnavörur, sem fjallar einkum um eiturefni og hættuleg efni, starfar á grundvelli norrænu umhverfisverndaráætlunarinnar og með hliðsjón af áætluninni „Sjálfbær þróun – ný stefna fyrir Norðurlönd“.

Markmið starfsins er að efnanotkun við framleiðslu, meðhöndlun og förgun hafi ekki í för með sér óæskileg áhrif á heilsu manna eða umhverfi. Framtíðarmarkmiðið er að árið 2020 muni verða hætt losun slíkra efna út í umhverfið frá iðnaði og að efnavara sem inniheldur efni sem valdið geta vandamálum fyrir heilsufar og umhverfi verði ekki lengur í umferð. Nefndin stuðlar að samstarfi stjórnvalda og samræmingu verkefna þannig að tiltækt fjármagn nýtist sem best.

Efnavörunefndin hefur unnið að verkefnum sem nýtast Norðurlöndum sérstaklega, en megináherslan hefur þó beinst að verkefnum sem nýtast í alþjóðlegu samstarfi og samningum, einkum í tengslum við ESB og EES. Verkefnin eru af ýmsu tagi og snúa m.a. að því að safna upplýsingum um efni og gera þær aðgengilegar, þróa aðferðir til að meta áhættu, og vinna að ráðstöfunum til að draga úr notkun hættulegra efna. Þar sem ný efnalöggjöf (REACH) er væntanleg innan skamms í Evrópu hefur í auknum mæli verið unnið að verkefnum sem miða að því að hafa áhrif á gerð löggjafarinnar og undirbúa framkvæmd hennar.

Undir vinnunefndinni starfa ráðgefandi verkefnahópar og átti Ísland fulltrúa í átta þeirra á árinu.

Niðurstöður úr verkefnum vinnuhópanna hafa verið gefnar út sem skýrslur og geisladiskar og er efnið í flestum tilvikum aðgengilegt á netinu. Sem dæmi

um verkefni má nefna gagnabanka með upplýsingum um hvaða hættuleg efni er að finna í efnavörum á Norðurlöndum og notkunarsvið þeirra (SPIN) og gagnabanka um hættuflokkun og merkingar slíkra efna (N-Class). Þessir gagnabankar gegna stöðugt stærra hlutverki fyrir stjórnvöld og sérfræðinga á Norðurlöndum, í Evrópu og í alþjóðlegu samstarfi.

*Nefnd um náttúruvernd, útivist og menningarumhverfi.*

Verkefni nefndarinnar eru á sviði líffræðilegrar fjölbreytni þ.m.t. erfðaauðlinda, landslags, menningarminja og útivistar. Árið 2005 er upphafsár nýrrar umhverfisáætlunar fyrir tímabilið 2005–2008 og hefur starfsárið mótast af því. Nefndin mun leggja áherslu á að fækka verkefnum en hafa þau í staðinn viðameiri. Lögð verður áhersla á verkefni sem tengjast því að stöðva tap á líffræðilegri fjölbreytni og á verkefni um samspil náttúruverndar, útivistar og heilsu almennings, sérstaklega barna.

Af verkefnum sem eru að ljúka á árinu má nefna eitt stærsta verkefni nefndarinnar, um áhrif botnvörpuveiða á lífríki og menningarminjar í hafinu. Hafrannsóknastofnunin hefur stýrt því verkefni, sem er hluti af framkvæmdaáætlun um vernd náttúru- og menningarminja á Norðurheimskautssvæðinu, Íslandi, Svalbarða og Grænlandi. Önnur verkefni sem Ísland hefur tekið þátt í og heyra undir framkvæmdaáætlunina eru m.a. „Forskning uten spor“, „Kulturmiljøer i Arktis“ og „Vernekriterier for geologiske elementer og kulturminner i Arktis“. Einnig er væntanleg skýrsla um landverði og leiðsögumenn á norðurslóðum með fylgiriti um fræðslu og náttúruleiðsögn. Af öðrum verkefnum má nefna „Conservation of Nordic Nature in Changing Climate“ og ráðstefnu um heimsminjaskrá á Norðurlöndum.

*Vinnunefnd um vörur og úrgang.*

Verkefni nefndarinnar eru á sviði umhverfisvænnar vöruþróunar, hreinni framleiðslutækni og úrgangsmála. Vinna í nefndinni fer að miklu leyti fram í verkefna- og tengiliðahópum. Þessir hópar stýra tilteknum verkefnum og vinna að því að bæta upplýsingastreymi milli aðila innan málaflokksins. Þá tekur vinna nefndarinnar mið af EES-samningnum. Nefndin hefur m.a. unnið að umhverfisstjórnun, skilgreiningu á bestu fáanlegu tækni og umhverfismálum í litlum samfélögum. Þá tekur nefndin þátt í skilgreiningu á bestu fáanlegu tækni á Evrópuvettvangi. Nefndin er m.a. aðili að heimasíðu um úrgangsmál á Norðurlöndum (www.nordic-waste.info) og tengist heimasíðu um líftímagreiningu (www.norlca.org). Á árinu var hin nýja umhverfisáætlun og stefna um sjálfbæra þróun á Norðurlöndum í brennidepli í starfi nefndarinnar og miðaðist verkefnaval við að setja af stað verkefni sem tengjast þeim markmiðum sem þar eru sett fram.

Nefndin vinnur náið með samstarfsnefndinni um framleiðslumiðaða stefnumótun í umhverfismálum.

*Vinnunefnd um umhverfisvöktun og meðferð gagna.*

Vinnunefndin leggur höfuðáherslu á þrjá málaflokka; líffræðilega fjöl-

breytni, hættuleg lífræn efni (POPs) og verkefni tengd rammatilskipun ESB um vatn. Það er mat nefndarinnar að mikilvæg verkefni séu óunnin innan þessara málaflokka. Verkefni sem vinnunefndin mun beita sér fyrir innan þessara flokka er m.a. stöðumat – úttekt á ástandi, þróun aðferða við vöktun, umhverfisvísar og þekkingarmiðlun.

*Þverfaglegir vinnuhópar – samstarf við aðra geira:*
*Samstarfsnefnd um loftslagsmál.*

Á vegum umhverfis- og orkumálaráðuneyta er starfandi samstarfsnefnd um loftslagsmál. Undanfarin ár hafa störf nefndarinnar að stærstum hluta snúið að verkefnum sem fjalla um framkvæmd Kyoto-bókunar loftslagssamnings S.þ., þá einkum þann þátt sem snýr að því að gera Eystrasaltssvæðið að tilraunasvæði með viðskipti á losunarkvótum og sameiginlega framkvæmd.

*Samstarfsnefnd um umhverfis- og efnahagsmál.*

Sérstakur vinnuhópur starfar á vegum þeirra embættismannanefnda sem fjalla um efnahagsmál og umhverfismál (EK-M) (sjá nánar um vinnuhópinn í kafla 18).

*Samstarfsnefnd um fiskveiðar og umhverfismál.*

Nefndin er samstarfsvettvangur sjávarútvegs- (NEF) og umhverfisgeirans. Nefndin hefur m.a. fjallað um væntanlega stefnumótun ESB um málefni hafsins (European Marine Strategy).

*Samstarfsnefnd um umhverfi, landbúnað og skógrækt.*

Í nefndinni starfa saman fulltrúar af umhverfis- og landbúnaðarsviði. Stefnumörkunin byggist á efirfarandi sjö meginþáttum: bættri nýtingu auðlinda, líffræðilegri fjölbreytni, jarðvegseyðingu, hreindýrabúskap, nýjum framleiðsluaðferðum, menningarumhverfi og menningarlandslagi og alþjóðlegu samstarfi.

*Samstarfsnefnd um framleiðslumiðaða stefnumótun í umhverfismálum.*

Nefndin er þverfaglegur samstarfsvettvangur aðila sem starfa að umhverfismálum, neytendamálum og málefnum atvinnulífsins. Aðalmarkmiðið með starfi nefndarinnar er að draga úr neikvæðum áhrifum sem framleiðsla á vörum og þjónustu getur haft á umhverfi og heilsu manna. Þetta á að gera m.a. með því að huga að umhverfisþáttum í öllum framleiðsluþáttum og nýta auðlindir á eins sjálfbæran hátt og unnt er. Meðal grunnþátta í starfi nefndarinnar eru verkefni sem varða umhverfisupplýsingar til neytenda og opinber vistvæn innkaup. Nefndin hefur fylgst náið með og unnið að umhverfisstöðlum á alþjóðlegum vettvangi. Nefndin gegnir mikilvægu hlutverki í því starfi á sviði sjálfbærrar framleiðslu og neyslu. Á árinu var unnið eftir nýrri umhverfisáætlun og að koma áherslu þaðan inn í starf nefndarinnar. Mikið var unnið að málum er varða vistvæn innkaup og var unnið að forverkefni til að búa til ramma um sameiginlegar viðmiðanir fyrir innkaup opinberra aðila.

Lokið var við verkefni um markaðssetningu á norræna umhverfismerkinu (svaninum) með áherslu á upplýsingaátaki á Íslandi og námstefnu sem haldin var í Reykjavík í október sl. Þá var efnt til tveggja ráðstefna í Svíþjóð undir yfirskriftinni „Industriell Symbios Norden“ (iðnaðarvistfræði). Á fyrri ráðstefnunni var fjallað um niðurstöður rannsókna á sviði iðnaðarvistfræði. Síðari ráðstefnan fjallaði um samstarf atvinnulífs og opinberra aðila um sjálfbæra byggðaþróun. Nefndin hefur náið samráð við vinnunefndina um vörur og úrgang.

## 10. Byggðamál

Eins og fram kemur í inngangskafla skýrslunnar var ákveðið að að ráðherranefndin um byggðamál (MR-REG) hættir sem sjálfstæð ráðherranefnd við áramót 2005/2006. Frá ársbyrjun 2006 heyra því byggðamál ásamt atvinnumálum og orkumálum undir eina ráðherranefnd (MR-NER).

Samkvæmt samþykkt samstarfsráðherranna mun þó norræna embættismannanefndin um byggðamál (NERP) starfa áfram sem sjálfstæð embættismannanefnd. Þegar þetta er skrifað er ekki fullkomlega ljóst hvert endanlegt fyrirkomulag verður varðandi samstarf embættismannanefndanna þriggja, um atvinnumál, byggðamál og orkumál. Mun það væntanlega skýrast á árinu 2006.

Norræna ráðherranefndin um byggðamál hafði yfirumsjón með norrænu samstarfi á sviði byggðamála en framkvæmdin var í höndum embættismannanefndar um byggðamál, sem er samstarfsvettvangur embættismanna þeirra ráðuneyta norrænu landanna sem fara með byggðamál. Starfið á árinu byggðist á samstarfsáætlun sem gildir fyrir árin 2005–2008 og samþykkt var í formennskutíð Íslands árið 2004, svo og formennskuáætlun Dana.

Samstarf Norðurlanda í byggðamálum tekur að sjálfsögðu breytingum með breyttri heimsmynd og sú staðreynd að þrjú norrænu landanna eru aðilar að ESB hefur vissulega áhrif á starfið í embættismannanefndinni. Einnig og ef til vill ekki síður hefur það mikil áhrif á starfið að áhugi sumra norrænna landa á þróun mála í Eystrasaltsríkjunum og aðliggjandi löndum fer stöðugt vaxandi. Í starfinu er þó leitast við af fremsta megni að halda jafnvægi á milli Eystrasaltssvæðisins og Norður-Atlantshafssvæðisins.

*Starfsemi.*

Eins og áður segir fóru Danir með formennsku á árinu. Aðalatriðin í formennskuáætlun þeirra hvað byggðamálum viðvíkur voru:
- svæðasamstarf,
- Vestur-Norðurlönd og
- hlutverk Norðurlanda í ESB.

Embættismannanefndin hélt fimm reglulega fundi á árinu. Haldinn var einn fundur ráðherra byggðamála og var það jafnframt síðasti fundur ráðherr-

anna þar eð ný ráðherranefnd tekur yfir sem yfirstjórn málaflokksins eins og áður greinir. Þá voru haldnir allmargir fundir starfsnefnda vegna væntanlegra nýrra reglna um Interreg-áætlanir ESB og endurskoðunar á reglum ESB um ríkisstyrki. Sett var á fót ný starfsnefnd til að vinna með vísindamönnum sem eru að rannsaka þýðingu bæja og borga fyrir svæðaþróun.

Eftirgreindir þættir voru fyrirferðarmestir í starfsemi embættismannanefndarinnar um byggðamál á árinu:

1) *Svæðasamstarf yfir landamæri.* Svæðisbundið samstarf fer fram á átta svæðum á Norðurlöndum sem eru afar ólík á allan hátt. Landstærð er mjög misjöfn, íbúafjöldi einnig og viðfangsefni hafa orðið til með misjöfnum hætti. Þannig varð Norræna Atlantsnefndin (NORA) til fyrir tilhlutan Norrænu ráðherranefndarinnar en annað svæðasamstarf er sprottið upp á svæðunum sjálfum. Þá er afar misjafnt hversu mikið af því fé sem fer til svæðasamstarfsins kemur frá embættismannanefndinni. Engu að síður hefur verið talin þörf á að móta sameiginlega stefnu í svæðasamstarfinu og útbúa mælikvarða sem hægt verði að meta árangur starfsins eftir. Á árinu fór mikil vinna í að móta stefnu í svæðasamstarfinu. Var fjallað um málið á öllum fundum ársins og var stefnan samþykkt á ráðherrafundinum þann 18. nóvember sl.

   Í þeirri stefnu eru sett fram markmið svæðasamstarfsins sem eru að nýta möguleika og draga úr vandamálum sem skapast af því að svæðin eru á landamærum. Áhersla er á notagildi svæðasamstarfsins og að efla vaxtarstefnu Norðurlanda.

   Skilgreind eru sérstök markmið sem unnið skal að á árunum 2006–2008. Lögð er áhersla á samstarf við sem flesta málaflokka norræns samstarfs svo samlegðaráhrif nýtist. Setja á viðmið til að hægt sé að meta árangur starfsins á hinum einstöku svæðum í samræmi við samstarfsáætlun NERP og samstarfssvæðanna. Þá á að gera fjármögnun sveigjanlegri en nú, þannig að hægt verði að breyta fjárframlögum til einstakra svæða og jafnvel taka inn ný svæði eða fella önnur út. Sérstakt tillit verður tekið til sérstöðu NORA.

*2) Rannsóknaráætlun NERP.* Í framhaldi af samstarfsáætlun um byggðamál 2005–2008 var unnin rannsóknaráætlun NERP fyrir sama tímabil. Meginviðfangsefni þessarar rannsóknaráætlunar er alþjóðavæðing stefnumótunar í svæðaþróun – þarfir og kröfur á Norðurlöndum. Megináherslan er lögð á Norðurlönd og stækkun ESB og rannsóknir á þremur þáttum: a) stjórnháttum svæða, b) nýsköpun og vexti á svæðum og c) lýðfræði og flutningi vinnuafls. Sjálfbær þróun er ætíð höfð að leiðarljósi.

*3) ESPON.* Starfsmaður Norrænu ráðherranefndarinnar hjá ESPON (European Spatial Planning Observation Network) gerði fulltrúum í NERP grein fyrir starfsemi stofnunarinnar tvisvar á árinu. Öll norrænu löndin nema Ísland eru aðilar að ESPON sem er stofnun á vegum ESB með aðsetur í Luxemburg og hefur það hlutverk að fylgjast með því hvað er að gerast á sviði svæðaþróunar í Evrópu og stunda rannsóknir á því sviði. Iðnaðar-

ráðuneytið og Byggðastofnun eru með það til skoðunar að leita eftir aðild Íslands að stofnuninni frá og með árinu 2007 en þá hefst nýtt starfstímabil.

4) *Vestur-Norðurlönd*. Danir hafa í formennskutíð sinni árið 2005 lagt áherslu á að beina sjónum til vesturs. Hefur það bæði komið fram í áherslu á að styrkja NORA og eins með því að hrinda af stað rannsóknarverkefni sem er tengt Vestur-Norðurlöndum.

   Í formennskutíð Íslendinga árið 2004 var samþykkt tillaga um að efla starf NORA. Sú vinna hófst með ráðstefnu um framtíðarhlutverk NORA sem haldin var í Reykjavík í janúar sl. Þar var m.a. fjallað um hugsanlega útvíkkun á starfssvæði NORA. Fulltrúar landanna sem aðild eiga að NORA hafa síðan rætt óformlega beina fjármögnun á hluta starfseminnar. Líkur eru á að samkomulag náist um skiptingu slíkrar fjármögnunar á milli landanna sem taki gildi í ársbyrjun 2007.

   Þá var ýtt úr vör rannsóknarverkefni um efnahagsleg tengsl vestnorrænu landanna innbyrðis og við hin norrænu löndin og þýðingu þessara tengsla fyrir þróun atvinnulífs á Vestur-Norðurlöndum. Rannsóknin er á lokastigum.

   Loks er svo þess að geta að í formennskuáætlun Norðmanna fyrir árið 2006 er lögð mikil áhersla á Vestur-Norðurlönd.

5) *Starfsnefndir*. Nokkrar tímabundnar starfsnefndir voru að störfum á árinu. Fyrst er að geta nefndar um framtíð INTERREG-áætlana ESB. Núverandi áætlanatímabili lýkur um áramót 2006/2007. Þær hugmyndir sem uppi eru og snerta okkur Íslendinga mest snúast um að sameina í eina INTERREG-áætlun Norðurslóðaáætlunina („Northern Periphery“), sem Ísland er aðili að, og Eystrasaltsáætlunina sem nær til svæðisins umhverfis Eystrasaltið. Öll norrænu löndin eru andvíg þessari hugmynd og hafa komið þeim sjónarmiðum á framfæri við ráðherraráðið í Brussel. Hefur nefndin um framtíð INTERREG fylgst gaumgæfilega með þróun mála og hafa fulltrúar þeirra landa sem aðild eiga að ESB upplýst fulltrúa þeirra landa sem utan standa, jafnframt því sem afstaða til tillagna ESB hefur verið samræmd eftir því sem kostur er.

   Nefnd sem fylgjast á með endurskoðun á ríkisstyrkjum hjá ESB hefur sömuleiðis haldið starfi sínu áfram en nú stendur yfir endurskoðun á reglum sambandsins um slíka styrki. Hefur nefndin gert athugasemdir og komið ábendingum á framfæri við ráðherraráðið í Brussel, til dæmis varðandi skilgreiningu á hvað teljist til heimskautasvæða, en hugmyndir voru uppi um að einungis þau svæði sem eru norðan heimskautsbaugs teljist til heimskautasvæða. Hefur að því best er vitað verið horfið frá slíkum skilgreiningum innan ESB.

   Snemma á árinu lauk rannsókn á þýðingu borga og bæja fyrir svæðaþróun út frá evrópsku og norrænu sjónarhorni en það er rannsóknarverkefni á vegum NERP. Ákveðið var að setja á fót nefnd embættismanna til að halda verkefninu áfram og skapa samvirkni vísindamanna og embættismanna um borgarstefnu og yfirfæra rannsóknir þannig að þær nýtist við

stefnumótun. Er sérlega áhugavert fyrir Íslendinga að taka þátt í þessu verkefni ekki síst þar sem hér hefur ekki verið mótað neitt sem flokkast getur sem borgarstefna.

6) *Nordregio, ransóknarverkefni og ráðstefnur.* Stærsti hluti ráðstöfunarfjár NERP rennur til starfs Nordregio en um starfsemi þeirrar stofnunar er fjallað sérstaklega. Einnig styrkti NERP á árinu ýmis rannsóknarverkefni og ráðstefnur eftir því sem tilefni var til.

*Nordregio.*

*Skipulag og fjármál.* Nordregio er norræn fræðslustofnun í skipulags- og byggðamálum. Hún var stofnuð árið 1997 upp úr eldra norrænu samstarfi á sviðinu. Stofnunin er staðsett í Stokkhólmi og starfar þar einn Íslendingur. Í lok ársins 2004 störfuðu 25 manns hjá stofnuninni.

Hlutverk Nordregio er að stunda rannsóknir á sviði skipulags- og byggðamála auk þess að þróa og miðla þekkingu um byggða- og skipulagsmál til viðeigandi stofnana innan þessara málaflokka á Norðurlöndum. Áhersla stofnunarinnar á byggðamál í Evrópu, sem og í málum tengdum Eystrasaltsríkjunum hefur farið vaxandi undanfarin ár. Þá hefur einnig átt sér stað innan stjórnar umræða um auknar áherslur á Vestur-Norðurlönd.

Heildarvelta Nordregio á árinu 2004 var alls 32,6 millj. s.kr. Í stjórn sitja aðalfulltrúar frá norrænu ríkjunum fimm, en að auki áheyrnarfulltrúar frá Færeyjum, Álandseyjum og Grænlandi, auk fulltrúa starfsfólks. Þá sitja í fagráði stofnunarinnar 21 einstaklingur, þrír frá hverju norrænu ríkjanna og tveir frá hverju sjálfsstjórnarsvæðanna.

*Fræðslustarfsemi, námskeið og ráðstefnur.* Auk umfangsmikilla rannsókna á sínu sérsviði stundar stofnunin fræðslustarf í formi námskeiða og skóla og rekur m.a. skólann „Nordregio Academy“, sem hélt 33 námskeið og ráðstefnur árið 2004 með alls 795 þátttakendum.

*Útgáfustarfsemi.* Stofnunin gefur út tímaritið „Journal of Nordregio“ sem kemur út ársfjórðungslega. Því er dreift ókeypis til áskrifenda, en einnig má sækja það af vefsíðu Nordregio (www.nordregio.se).

Í rafræna fréttabréfinu „Bifröst“ sem er dreift reglulega gefst áskrifendum kostur á að fylgjast vel með starfsemi Nordregio.

„European Journal of Spatial Development“ er einnig vefrit sem dreift er ókeypis og má sækja það á vefsíðu Nordregio. Markmiðið er að halda úti tímariti sem er vísindalegt framlag til umræðu um skipulagsmál og svæðaþróun. Á árinu 2004 voru birtar fimm fræðigreinar í ritinu.

*Rannsóknir.* Á árinu 2004 gaf Nordregio út 8 stórar rannsóknaskýrslur og 4 vinnuskýrslur. Vísindamenn stofnunarinnar hafa gefið út eða átt hlutdeild í alls 11 bókum á árinu, auk 40 fræðigreina og bókarkafla.

Á árinu 2005 kom út á vegum stofnunarinnar ein bók með íslenskri þátttöku „Film och regional utveckling i Norden“.

*Stefnumótun til framtíðar.* Stefnumótun og starfsáætlun Nordregio fyrir árin 2004–2006 má sjá í heild sinni á vefsíðu stofnunarinnar. Þar kemur m.a. fram að stofnunin sjái sig sem samnorræna og alþjóðlega viðbót við þá rannsókna- og

þróunarstarfsemi á sviði byggða- og skipulagsmála sem fyrir er í hverju norrænu landanna. Þá er lögð sérstök áhersla á áframhaldandi hlutverk stofnunarinnar við að byggja upp og viðhalda netum og tengslum innan fagsviðsins svo og sem vettvangs þar sem fræðimenn og starfsmenn úr stjórnsýslu geta náð saman. Faglega er lögð áhersla á að skoða verði allar hliðar sjálfbærrar byggðaþróunar í samhengi; þ.e. efnahagsþróun, jafnvægi í byggðum og þróun náttúrulegs umhverfis og menningarumhverfis.

*Norræna Atlantsnefndin (NORA) og Nordic-Scottish Co-operation Liasion Group.*

*Norræna Atlantsnefndin (Nordisk Atlantsamarbejde – NORA)* er samstarfsvettvangur Íslands, Færeyja, Grænlands og norður- og vesturhluta Noregs. NORA heyrir undir Norrænu ráðherranefndina og telst vera hluti af norrænu samstarfi á sviði byggðamála og svæðasamstarfs. Aðalskrifstofa nefndarinnar er í Þórshöfn í Færeyjum en Byggðastofnun hefur umsjón með starfinu á Íslandi. Ísland á fulltrúa í stjórn nefnarinnar og ráðgjafanefndum er starfinu tengjast. NORA veitir styrki til verkefna sem stuðla að eflingu atvinnulífs og byggða í löndunum með auknu samstarfi atvinnulífs, einstaklinga og stofnana á milli landanna m.a. með áherslu á auðlindir sjávar, ferðamál, upplýsingatækni og eflingu fámennra byggðarlaga. Þá leitast nefndin við að koma á samstarfi við aðra aðila sem vinna að hliðstæðum og tengdum verkefnum innan samstarfssvæðisins með áherslu á samvinnu við atvinnuþróunar- og rannsóknarstofnanir. Einnig er miðluð reynsla og þekking í byggða- og atvinnumálum milli landanna og stuðlað að rannsóknum og þróun á framangreindum sviðum þar sem löndin geta notið góðs hvert af reynslu annars með því að koma á samskiptum stofnana, fyrirtækja og einstaklinga. Verkefni innan NORA hafa skilað góðum árangri, ekki síst hvað varðar þekkingarmiðlun, rannsóknir, samstarf og markaðssókn hinna ýmsu aðila sem tekið hafa þátt. Styrkfjárhæðir geta numið allt að 500 þús. d.kr. á ári. Einungis er greitt fyrir hluta kostnaðar við hvert verkefni og aldrei meira en 50% af heildarkostnaði og skilyrði er að um samstarfsverkefni á milli landanna er að ræða. Á árinu bárust NORA 37 umsóknir og ákveðið var að styrkja 20 ný verkefni og framhaldsverkefni um alls 3,77 millj. d.kr. Íslendingar eru þátttakendur í 16 þeirra en þau voru á sviðum auðlinda sjávar, ferðaþjónustu, upplýsingatækni, samgangna og orkumála. Á heimsíðu Byggðastofnunar www.byggdastofnun.is er að finna yfirlit yfir ný og eldri NORA-verkefni.

Stærstur hluti tekna NORA á árinu kemur frá Norrænu ráðherranefndinni eða 4,36 millj. d.kr. Þar að auki koma 200 þús. d.kr. frá Landsstjórninni í Færeyjum, vaxtatekjur áætlast vera 80 þús. d.kr. og ónýtt fjármagn að fjárhæð 1,3 millj. d.kr. færðist frá fyrra ári.

Norræna Atlantsnefndin tekur jafnframt þátt í Norðurslóðaáætlun ESB (Northern Periphery Programme – NPP) en það er ein af þrettán samstarfsáætlunum Interreg III B um svæðasamstarf. Nefndin kemur fram fyrir hönd Grænlands, Færeyja og Íslands gagnvart aðalskrifstofu NPP og skilar sameiginlegu verkefnamati. Aðild landa utan ESB að verkefninu má líta á sem hluta

af alþjóðlegri þróun og alþjóðavæðingu á sviði byggðamála, sem um leið opnar fyrir ný tækifæri aðila innan þessara svæða til að vinna að sínum hagsmunum á nýjan og fjölbreyttari hátt en áður.

Á fundum Norræna Atlantsnefndarinnar hefur verið fjallað um mikilvægi þess að útvíkka starf nefndarinnar með auknum tengslum og verkefnasamstarfi til landa við Norður-Atlantshaf. Starfsemi fyrirtækja og stofnana auk hvers konar menningarstarfs er í vaxandi mæli að tengjast nágrannasvæðum, s.s. í Skotlandi, á Hjaltlandseyjum, Orkneyjum og austurströnd Kanada. Haldin var sérstök ráðstefna á Íslandi á árinu þar sem fjallað var sérstaklega um þetta atriði og voru þátttakendur frá NORA-löndunum auk fyrrnefndra nærliggjandi landa. Niðurstaða þeirrar ráðstefnu var að mikilvægt væri að efla samstarfið eins og kostur er, vegna aukinnar alþjóðavæðingar, hagsmuna atvinnulífs og einstaklinga sem og af menningarlegum ástæðum.

Þegar er starfandi nefnd norrænna og skoskra aðila á sviði byggðamála sem ber heitið *Nordic-Scottish Co-operation Liaison Group*, en hún fjallar um mögulegt samstarf, upplýsingamiðlun og verkefni sem nýtast kann þessum aðilum. Fundir nefndarinnar hafa verið haldnir í tengslum við fundi NPP en einnig hafa verið haldnar stærri ráðstefnur og fundir. Starf innan nefndarinnar hefur einnig snúið að því að auka möguleika þessara landa innan annarra og tengdra alþjóðlegra verkefna sem tengjast svæðinu á einn eða annan hátt. Á árinu var gefin út skýrsla um samstarfið en hún ber heitið „Regional Policy, Territorial Cooperation and the Future of Nordic-Scottish Cooperation“ (sjá nánar slóðina www.eprc.strath.ac.uk/nordic).

## 11. Samgöngumál.

Samstarf embættismanna um samgöngumál hefur farið fram í norrænu embættismannanefndinni um samgöngumál (NET), en í henni sitja ráðuneytisstjórar samgönguráðuneytanna. Samgönguráðherrar Norðurlanda (MR-T) héldu einn formlegan fund á árinu. Í tengslum við þann fund var haldinn sérstakur fundur með samgönguráðherrum Eystrasaltsríkjanna um samstarf á sviði samgöngumála. Auk þess áttu ráðherrarnir með sér þrjá óformlega fundi sem lið í undirbúningi fyrir fundi ráðherraráðs ESB.

Á formennskuári Dana í Norrænu ráðherranefndinni hélt embættismannanefndin þrjá fundi.

Eftirtalin mál voru helst til umræðu:

a) Undirbúningur og skipulag ráðherrafundar.
b) Störf vinnuhópa.
c) EES- og ESB-mál.
d) Áhersluatriði formennskulandsins.
e) Eystrasaltssamstarfið.
f) Breytingar á norrænu samstarfi um samgöngumál.

Á fundi samgönguráðherranna í Vejle í Danmörku 29. ágúst sl. voru eftirgreind mál á dagskrá:

a) *Framtíð norrænS samstarfs á sviði samgöngumála.*
Tillaga samstarfsráðherra var kynnt, en samkvæmt henni mun hinu formlega norrænu samstarfi landanna á sviði samgöngumála ljúka frá og með árinu 2006, en óformlegt samstarf taka við. Það er á valdi viðkomandi ríkisstjórna að ákveða hvernig því verði hagað. Með þessum breytingum falla niður norrænar fjárveitingar til þessa málaflokks. Þó verður hægt að sækja um fjármagn til ýmissa verkefna á árinu 2006 af samþykktum fjárveitingum til samgöngumála á því ári. Umsóknum skal skilað til samstarfsráðherranna.

Ráðherrarnir ræddu þessar fyrirhuguðu breytingar og lýstu því yfir að þeir væru fylgjandi áframhaldandi samstarfi sem yrði á óformlegum nótum. Tillaga Dana þess efnis að halda framvegis óformlegan sumarfund ráðherranna, svo og að ráðherrarnir hittust áfram fyrir samgönguráðherrafundi ESB, var samþykkt. Embættismannefndinni var falið að gera tillögur um fyrirkomulag þessa óformlega samstarfs.

b) *Umferðaröryggismál.*
Samgönguráðherra Dana hóf umræðuna og staðhæfði að öll löndin stefndu að því að draga úr dauðsföllum í umferðinni. Þetta væri einn mikilvægasti málaflokkurinn í norrænu samstarfi, sá málaflokkur sem löndin gætu einna helst miðlað upplýsingum um og lært hvert af öðru.

Kynntar voru niðurstöður frá ráðstefnunni „Future road safety requires intelligent vehicles and roads“ sem haldin var í Kaupmannahöfn í júlí sl. Staðhæft var að ökumaðurinn væri oftast orsakavaldur slysa í umferðinni og ný tækni gæti hjálpað til að draga úr hættunni á slysum.

Í kynningunni kom eftirfarandi fram:
- Rannsóknir í Noregi sýna m.a. að hægt væri að fækka banaslysum í umferðinni um allt að 53%, ef menn tileinkuðu sér samtímis alla þekkta tækni.
- Sænsk rannsókn um gagnvirka hraðaaðlögun, sem 5000 ökutæki tóku þátt í og notendur tóku vel, gefur til kynna bætt öryggi. Þessi tækni aðvaraði ökumann þegar ekið var yfir hámarkshraða.
- Dönsk tilraun sem stór verktaki í vegagerð gerði sýnir fram á að við venjulegar aðstæður fjölgi slysum við vegagerð. Markmið könnunarinnar var að haga aðstæðum þannig að svo yrði ekki raunin. Það tókst með því að nota breytileg vegaskilti, sjálfvirka umferðarvita og bæta upplýsingagjöf um vegagerðina.
- Notkun svarta kassans, sem um árabil hefur verið notaður í loftförum, hefur jákvæð áhrif á ökumenn.
- Tilraun um sjálfvirka hringingu, þ.e. bíllinn hringir sjálfvirkt í neyðaraðstoð þegar óhapp verður.
- Rannsókn sem sýnir að nýir bílar eru verulega öruggari en eldri bílar. Í rann-

sókninni kom fram að bílar í dag eru um 90% öruggari en bílar frá árinu 1984.

- Öryggisbúnaður sem kallast rafrænn jafnvægisstillir getur komið í veg fyrir 17% allra slysa.

Eftir þessa kynningu gerðu löndin grein fyrir þeim aðgerðum í umferðaröryggismálum sem gripið hefur verið til á síðustu árum.

Í ár hefur banaslysum í umferðinni fækkað um 30% í *Noregi* og er fjöldi banaslysa því svipaður og hann var á sjötta áratug síðustu aldar. Gerð var könnun um notkun bílbelta og hversu oft ökumenn sofna undir stýri. Gert var átak í því að fækka svokölluðum „svörtum blettum“ í vegakerfinu.

Í *Svíþjóð* var fyrir tveimur árum samþykkt umferðaröryggisáætlun til 12 ára þar sem áætlað er að verja 4,9 milljörðum s.kr. til aðgerða í umferðaröryggismálum. Á síðasta ári létust 480 manns í umferðarslysum í Svíþjóð og hafa ekki færri látist í umferðinni frá árinu 1948. Af öðrum aðgerðum voru nefndar breytilegar hraðatakmarkanir, ný tækni eins og áfengislásar sem ákveðið var að setja í alla bíla frá árinu 2012, fjölgun myndavéla vegna eftirlits með ökuhraða og síðast en ekki síst aðgerðir til að stuðla að aukinni ábyrgð ökumanna í umferðinni.

Á *Álandseyjum* verða trúlega innan tíðar sett í lög ákvæði um skyldu til að setja áfengislása í nýskráða bíla.

Í *Finnlandi* hefur umferðaröryggi almennt farið batnandi á síðustu árum. Ný umferðaröryggisáætlun hefur verið samþykkt fyrir árin 2006–2010. Hún hefur m.a. að geyma aðgerðir til þess að draga úr ölvunarakstri og slysum sem ungir ökumenn valda.

Af hálfu *Íslands* var greint frá því að á Alþingi var samþykkt umferðaröryggisáætlun sem hluti samræmdrar samgönguáætlunar fyrir árin 2005–2008. Helstu aðgerðir sem settar eru fram í áætluninni er stóraukið hraðaeftirlit bæði með hefðbundnum aðferðum og með því að nota sjálfvirkar myndavélar svo og aukinn áróður og fræðsla fyrir ýmsa hópa eins og grunnskólabörn, atvinnubílstjóra (fyrirtæki með stóran bílaflota) og erlenda ferðamenn. Einnig má nefna bætt vegakerfi með því að eyða svartblettum, byggingu 2+1 vegakafla og uppsetningu vegriða á milli akreina.

Í *Danmörku* hefur dauðsföllum í umferðinni fækkað verulega og er tala látinna svipuð og hún var á árinu 1950. Danir hafa tekið upp gatakort/punktakerfi, sem í reynd þýðir að þeir ökumenn sem brjóta endurtekið af sér í umferðinni missa að lokum ökuréttindi. Sem dæmi um brot sem hafa áhrif má nefna akstur umfram hámarkshraða (meira en 30%) og akstur yfir á rauðu ljósi. Eyðing svartbletta í vegakerfinu var einnig nefnd og bættur speglabúnaður á vöruflutningabifreiðum til þess að draga úr slysum á hægri beygju.

Ráðherrarnir voru sammála um þörfina fyrir áframhaldandi norrænt samstarf í þessum málaflokki og hétu að stuðla að því.

c) *Umræða um samkeppni, einkafjármögnun og útboð rekstrarverkefna í samgöngum.*

*Norðmenn* sögðu reynsluna af samkeppni í samgöngum jákvæða og hafi

hún aukið afkastagetu samgöngufyrirtækjanna. Mjög mikilvægt væri að aðskilja stjórnsýsluna frá hinum rekstrarlega þætti stofnana. Samt sem áður muni hið opinbera í framtíðinni sem hingað til væntanlega þurfa að fjármagna nauðsynlega óarðbæra opinbera þjónustu. Nauðsynlegt væri að hafa stjórn á samkeppnis- og útboðsverkefnum til að sem mestur ávinningur náist. Í þessu sambandi voru nefnd verkefni á sviði vegagerðar og járnbrautarsamgangna, flugmála og fjarskipta sem einkavædd hafa verið eða boðin út með góðum árangri.

Í *Svíþjóð* hefur flugstarfsemin í landinu verið frjáls allt frá árinu 1992. Þessi ráðstöfun hefur samt ekki stuðlað að lægri fargjöldum. En gert hefur verið átak í að styrkja óarðbært flug innanlands. Lággjaldaflugfélög hafa skotið rótum í millilandaflugi en óskandi væri að innanlandsmarkaðurinn njóti þeirra í framtíðinni. Vöruflutningar með járnbrautum eru nú frjálsir en engin áform eru uppi um að einkavæða farþegaflutninga með járnbrautum. Rekstrar- og viðhaldsverkefni vegagerðarinnar hafa verið einkavædd eða boðin út og hefur það leitt til 25% lækkunar á viðhaldskostnaði vega.

Á *Álandseyjum* eru fá fyrirtæki á samgöngumarkaðinum. Hjá vegagerðinni er búið að aðskilja rekstur og stjórnsýslu. Skerjagarðssamgöngur taka til sín bróðurpartinn af framlögum ríkissjóðs til samgöngumála.

Í *Finnlandi* hefur þróunin orðið sú að stórframkvæmdir í vegagerð og lagning járnbrauta hafa í vaxandi mæli verið boðnar út. Stefnt er að því að bjóða út rekstur og viðhald vega í ríkara mæli en verið hefur. Vegna stærðar finnsku vegagerðarinnar er erfitt að fá verktaka á hinum almenna markaði til þess að bjóða í þessi verk á móti henni. Rekstur og viðhald járnbrautanna í Norður-Finnlandi var boðið út fyrr á þessu ári og urðu vegagerðin og nokkur fyrirtæki á hinum almenna markaði hlutskörpust. Er þetta í fyrsta skipti sem þessi verk eru unnin af öðrum en finnsku járnbrautunum.

Sturla Böðvarsson, samgönguráðherra, gerði grein fyrir því hvernig málum væri háttað á *Íslandi*. Útboð hafa haft umtalsverð jákvæð áhrif á fjárhag og framkvæmdagetu íslenskra samgöngustofnana. Innan þeirra hafa nær allar framkvæmdir farið í útboð síðustu ár, hvort sem um sé að ræða framkvæmdir í flugmálum, hafnamálum eða vegamálum. Útboðin hafa leitt af sér betri nýtingu fjármuna sem aftur hefur orðið til þess að stofnanir hafa getað ráðist í frekari framkvæmdir. Mestur hefur ávinningur af útboðsstefnunni verið hjá Vegagerðinni vegna stærðar verkefna en minni þar sem um er að ræða sérhæfð verkefni sem einvörðungu fáir aðilar hafa haft getu til að bjóða í.

Í *Danmörku* er góð reynsla af útboðum í samgöngugeiranum. Töluverður sparnaður hefur náðst í rekstri járnbrautanna, þar sem útboð hafa í vaxandi mæli verið notuð á síðustu árum. Á næsta ári er stefnt að því að bjóða út rekstur járnbrautanna á Eyrarsundssvæðinu í samstarfi við Svía. Bifreiðaskoðunin hefur verið einkavædd og ríkisstofnunin verið seld. Þessi ráðstöfun hefur þegar leitt til lægra verðs fyrir þjónustuna.

d) *Fundur með samgönguráðherrum Eystrasaltsríkjanna.*
Farið var yfir dagskrá fundar með samgönguráðherrum Eystrasaltsríkjanna sem boðað var til daginn eftir. Finnar upplýstu um samstarf við Rússland á sviði viðskipta og samgangna og um verkefni sem unnin eru innan ESB undir merkjum Norðlægrar víddar.

e) *EES- og ESB-mál.*
Ráðherrarnir greindu frá EES- og ESB-málum sem efst eru á baugi en þau eru m.a.:
- tilskipun um þjónustu í höfnum,
- varðveisla gagna hjá fjarskiptafyrirtækjum,
- loftferðasamningar við þriðja ríki,
- járnbrautarsamgöngur, þriðji pakki,
- Eurovignet-tilskipunin, sem fjallar m.a. um vegtolla.

*Sameiginlegur fundur samgönguráðherra Norðurlanda og Eystrasaltsríkjanna.*

Í tengslum við sumarfund norrænu samgönguráðherranna var haldinn sameiginlegur fundur þeirra og samgönguráðherra Eystrasaltsríkjanna. Þetta var þriðji fundur þessara aðila. Eftirtalin mál voru rædd:
- Formennska Finnlands í ESB síðari hluta árs 2006.
- Framtíðarsamstarf Norðurlanda og Eystrasaltsríkjanna á sviði samgöngumála.
- Vegagerð í Evrópu og stækkun ESB til austurs.
- Hvítbók ESB, en hún fjallar um samgöngustefnu sambandsins fram til ársins 2010, þar sem áhersla er á umferðaröryggismálum.

*Efst á baugi í samgöngumálum Norðurlanda.*

Á árinu var fast vegasamband milli Danmerkur og Þýskalands, sala hlutabréfa ríkisins í danska póstinum og markaðsvæðing bifreiðaskoðunar ofarlega á blaði í Danmörku. Í Svíþjóð var það breyting á samgönguáætlun með áherslu á byggðamál, einkum fjárfestingar í höfnum, og breytingar á stjórnskipulagi flugmálastofnunar. Í Finnlandi bar hæst breytingar á stjórnskipulagi flugmálastofnunar í rekstrar- og stjórnsýsluhluta, breytingar á skipuriti samgönguráðuneytisins og aðgerðir til að lækka flutningskostnað í samgöngugeiranum. Í Noregi var það ný löggjöf um járnbrautarsamgöngur, umhverfis- og umferðaröryggismál og vígsla Svínasundsbrúarinnar milli Noregs og Svíþjóðar á árinu. Á Álandi bar hæst umræða um umferðaröryggismál, einkum akstur undir áhrifum áfengis, og Skerjagarðs-samgöngurnar.

Af hálfu Íslands var gerð grein fyrir samgönguáætlun fyrir árin 2005–2008, en hún felur í sér áform um framkvæmdir og rekstur í siglingamálum, flugmálum og vegamálum, nýjum áætlunum um umferðaröryggismál og fjarskipti, langtímaáætlun um ferðamál og breytingum á Flugmálastjórn í þá veru að stofnað verður hlutafélag um þjónustustarfsemina (flugvallar- og flugumferðarþjónustu), en áfram verður starfrækt ríkisstofnun um stjórnsýslu og eftirlitsverkefni.

*Störf vinnuhópa.*

Á árinu störfuðu vinnuhópar um umferðaröryggismál, upplýsingatækni í samgöngumálum, um sjálfbærar samgöngur á Norðurlöndum og um samstarfið á Eystrasaltssvæðinu á vegum embættismannanefndarinnar um samgöngumál. Á fundum nefndarinnar á árinu var gerð grein fyrir störfum þessara vinnuhópa. Flestir þeirra munu halda starfi sínu áfram á næsta ári án sérstakra framlaga af norrænum fjárlögum.

*Samstarfið á árinu 2006.*

Embættismannanefndin um samgöngumál hélt sinn síðasta fund í nóvember. Á þeim fundi var m.a. rætt um ákvörðun norrænu samgönguráðherranna um að halda samstarfinu áfram með óformlegum hætti. Samþykkt var að Noregur hefði frumkvæði að boðun óformlegs sumarfundar ráðherranna í júní 2006. Noregur mun boða til undirbúningsfundar í byrjun apríl. Jafnframt var samþykkt að Finnland boðaði til samráðsfundar ráðherranna í mars til undirbúnings fundar ráðherraráðs ESB.

## 12. Sjávarútvegur, landbúnaður og skógrækt og matvæli

Á formennskuári Íslands 2004 var gengið frá þremur framkvæmdaáætlunum sem allar skipta miklu máli fyrir starfsemina innan ráðherranefndarinnar um sjávarútveg, landbúnað og skógrækt og matvæli (MR-FJSL) en þær voru framkvæmdaáætlun um sjálfbæra þróun (TemaNord 2004:567 og ANP 2004:784, stytt útgáfa), starfsáætlun um erfðaauðlindir (ANP 2005:709) og síðast en ekki síst fyrsta sameiginlega framkvæmdaáætlun ráðherranefndarinnar (Nordiskt fiske-, jord- och skogsbruks- og livsmedelssamarbete, *Et nordisk løft for verdiskapning og livskvalitet,* ANP 2005:708). Allar framkvæmdaáætlanirnar gilda fyrir árin 2005–2008.

Danir höfðu formennskuna með höndum undir yfirskriftinni „Norðurlönd á nýjum tímum: þekking, þróttur, samstarf“. Inntaki og stefnumiðum fyrrnefndra framkvæmdaáætlana var fylgt fram jafnframt sem fitjað var upp á nýjungum í anda formennskuáætlunarinnar þar sem segir að samstarfið skuli vera markvisst og pólitískt mikilvægt.

Í anda þessa stefnumiðs Dana var á árinu haldið áfram af krafti með starf það sem hófst seint á árinu 2004 og miðaði að endurskipulagningu starfseminnar innan hinnar sameinuðu ráðherranefndar. Skipulagshópur hafði starfið með höndum en vann í umboði hins svokalla samræmingarhóps (KG) embættismannanefndanna þriggja. Tillögur skipulagshópsins voru samþykktar á fundi samræmingarhópsins vorið 2005 og fóru síðan til umfjöllunar á hinum árlega sumarfundi ráðherranefndarinnar og hlutu þar samþykki, jafnframt sem formennskulandinu og skrifstofu Norrænu ráðherranefndarinnar var falið að vinna að frekari útfærslu á starfsreglum og atriðum sem þeim tengjast. Því verki var lokið seint á árinu með formlegu samþykki allra landanna jafnframt sem skipað var í nefndir eftir hinu nýja kerfi. Þannig er allt til reiðu

að halda áfram þróttmiklu starfi innan MR-FJSL undir formennsku Norðmanna.

Breytingarnar sem um ræðir felast í að hér eftir starfar ein embættismannanefnd undir ráðherranefndinni í stað þriggja áður en er deildskipt. Deildirnar eru deild fiskveiða og sjávarnytja, landbúnaðardeild, matvæladeild og skógardeild en auk þess starfar innan hinnar sameiginlegu embættismannanefndar framkvæmdanefnd sem ætlað er að sinna ýmsu því sem snýr að t.d. samræmingu á milli deildanna. Deildirnar og framkvæmdanefndin hafa allar sambærilega stöðu sem embættismannanefndir. Í deildunum sitja einn eða fleiri fulltrúar allra aðildarlanda norræna samstarfsins en í framkvæmdanefndinni situr einn fulltrúi frá hverju landi fyrir sig. Meginstarfið mun fara fram innan starfseininga þeirra sem hér hefur verið frá greint en deildirnar geta síðan sett á laggirnar starfshópa á sínu verksviði eins og verið hefur. Jafnframt er heimilt að boða til fundar í embættismannanefndinni í heild sinni einu sinni á ári og þá í tengslum við sumarfund ráðherranefndarinnar. Samfara þessu var nafni ráðherranefndarinnar breytt og heitir hún frá ársbyrjun 2006: Ráðherranefndin um fiskveiðar og sjávarnytjar, landbúnað, matvæli og skógrækt (Ministerrådet for fiskeri og havbrug, jordbrug, levnedsmidler og skovbrug – MR-FJSL). Telja má fullvíst að með þessari breytingu náist enn frekari árangur við að samþætta starfið innan ráðherranefndarinnar sem var sameinuð úr þremur fyrir fáeinum árum síðan. Á árinu voru gerðar breytingar á starfi Norrænu ráðherranefndarinnar í heild, ráðherranefndum fækkað o.fl. Þær breytingar snerta ekki MR-FJSL að öðru leyti en því að neytendamál þau sem snerta verksvið ráðherranefndarinnar, verða hér eftir verkefni hennar og hlutaðeigandi embættismannanefnda.

Árlegur sumarfundur ráðherranefndarinnar var haldinn í Árósum í Danmörku 30. júní og í tengslum við hann var ráðstefna, fundir o.fl. Eins og árið áður var sá háttur hafður á að skipta fundi hinna ýmsu samtaka innan þeirra atvinnugreina sem hér um ræðir hvaðanæva að á Norðurlöndum (NKO), með þátttöku ráðherranna, upp í málstofur. Þetta form er tvímælalaust fallið til þess að fulltrúar atvinnugreinanna nái að fjalla um áhorfsatriði sem mestu skipta fyrir hverja grein fyrir sig en fundurinn fær síðan heildstætt yfirbragð með sameiginlegu inngangserindi og yfirskrift sem nú var „Hnattvæðing og nýbreytni“.

Á ráðherrafundinum sjálfum var samþykkt nýtt innra skipulag undir ráðherranefndinni eins og þegar hefur verið greint frá. Auk þess var fjallað um ýmis stjórnmálaleg áhersluatriði sem falla undir hin ýmsu svið ráðherranefndarinnar og samþykktar ályktanir þar um, þ.e. yfirlýsing ráðherranna um þróun dreifbýlis, yfirlýsing um hnattvæðingu og fiskiðnað og yfirlýsing um „nýjan norrænan mat“ en þar er lögð áhersla á að norræn matarhefð, þar sem byggt er á að matur sé upprunninn úr sjó og af landi, eigi ríkt erindi við nútímamanninn. Þá var samþykkt aðgerðaráætlun þar sem fjallað var um megináhersluatriði til að auka heilbrigði og lífsgæði með réttu mataræði og hreyfingu og loks var ályktað um aukið samstarf á milli dýralækna á Norðurlöndum til að treysta heilbrigði og velferð dýra og þá um leið mannfólks sem lifir á eða í nánu samneyti við dýrin, m.a. vegna matvælaframleiðslu.

*Sjávarútvegsmál.*

Embættismannanefndin um sjávarútvegsmál (NEF) kom saman til fjögurra funda á árinu. Auk þess var haldinn samráðsfundur með vinnuhópnum um sjávarútvegsrannsóknir (NAF) sem starfar undir embættismannanefndinni, með samstarfsnefnd umhverfis- og sjávarútvegsmála (MiFi) og með norrænum starfsmönnum ýmissa alþjóðlegra sambanda, samtaka og stofnana í september. Í starfi embættismannanefndarinnar var megináherslan fólgin í að fylgja eftir samþykktum sumarfundar matvælaráðherranna á Akureyri 2004 og þeim stefnumálum á sjávarútvegssviðinu sem um er fjallað í þeim framkvæmdaáætlunum fyrir árin 2005–2008 sem unnið er eftir. Einnig voru drög lögð að sjávarútvegsáherslum sumarfundar matvælaráðherranna á árinu og fylgst náið með og sjónarmiðum komið á framfæri viðvíkjandi fyrrnefndum breytingum á skipulaginu undir MR-FJSL. Jafnframt var með markvissum hætti fylgt eftir stefnumiðum sem samþykkt voru á ráðstefnunni í Álasundi 2004 og fólust m.a. í að embættismannanefndin skyldi virkjuð betur sem miðpunktur í samráði og tengslaneti um sjávarútvegsmál.

Helstu umfjöllunaratriðin á fundum embættismannanefndarinnar, auk almennra framkvæmda- og úrlausnarefna sem eðlilega eru viðamikil, fólust þannig í umfjöllun um skipulag fiskveiða, bæði með tilliti til efnahagslegra atriða og vistkerfisnálgunar (ecosystem approach). Eru sérfræðihópar farnir að vinna að hvoru tveggja og munu ráðstefnur haldnar á árinu 2006; í Þórshöfn í Færeyjum í maí um fyrrnefnda þáttinn (verkefni frá formennskuári Dana) og í Bergen í Noregi í lok september um síðartalda þáttinn og fellur það undir veigamikið áhersluatriði í formennskuáætlun Norðmanna. Eru Íslendingar í samstarfi við Norðmenn um undirbúninginn. Einnig var á fundum embættis-mannanefndarinnar fjallað um áhrif alþjóðavæðingar á sjávarútveg. Ályktað var um það á sumarfundi matvælaráðherranna svo og um samráð um málefni hafsins sem norræna ráðherranefndin fól embættismannanefndinni að ýta úr vör.

Í samræmi við tilmæli frá Norðurlandaráði samþykkti embættismannanefndin að standa fyrir ráðstefnu um framtíð strandveiða á Norðurlöndum en hún var haldin í Grenå á Jótlandi í byrjun maí.

Á árinu komust tvö málefni í höfn sem Íslendingar hafa veitt forystu: annars vegar umhverfismerkingar en snemma á árinu samþykkti FAO leiðbeinandi reglur um umhverfismerkingar sjávarfangs sem að grunni til eru upprunnar úr starfi norræns vinnuhóps sem Íslendingar leiddu lengst af og allt til loka; hins vegar var í nóvember opnuð heimasíðan www.seafoodnet.info en hún er afrakstur verkefnis sem var skilgreint sem höfuðviðfangsefni á sviði sjávarútvegs á formennskuári Íslands 2004.

Starfsemin í vinnuhópnum um sjávarútvegsrannsóknir og í samstarfsnefnd umhverfis- og sjávarútvegsmála var með reglubundnum hætti á árinu. Enginn formlegur fundur var haldinn á árinu í embættismannanefnd norrænu ríkjanna og Eystrasaltsríkjanna um sjávarútvegsmál (CSO-NB8) en tengslum var haldið í gegnum ráðherranefndarskrifstofuna í Kaupmannahöfn.

*Landbúnaður og skógrækt.*

Meginviðfangsefni embættismannanefndarinnar á sviði landbúnaðar og skógræktar (NEJS) á árinu voru að fylgja eftir ályktunum sumarfundar matvælaráðherranna á Akureyri 2004. Til þess að fylgja eftir ályktun um framtíðarhlutverk landbúnaðarins og menningarlandslagið sem auðlind var settur á fót starfshópur með fulltrúum allra norrænu landanna sem hefur það hlutverk á næstu tveimur árum að miðla reynslu og efla samstarf á þessu sviði milli embættismanna og vísindamanna þar sem Norðurlönd hafa sameiginlega hagsmuni og aukið samstarf getur haft efnahagslega og félagslega þýðingu. Í þessu sambandi eru í fyrsta lagi hafðar í huga auðlindir landsins, hinar náttúrulegu auðlindir, og í öðru lagi auðlindirnar sem búa í fólkinu sjálfu og menningunni sem kynslóðirnar hafa skapað. Í þeim mæli sem opinberar aðgerðir koma við sögu eru markmið þeirra: að treysta grundvöll atvinnu og tekjuöflunar á landsbyggðinni, bæta landið og skapa sem flestum skilyrði til þess að njóta gæða þess til andlegrar og líkamlegrar hvíldar og hressingar. Grundvöllur alls þessa er að nýr skilningur sé lagður í hugtakið landbúnaður – að hann sé ekki aðeins einhæf framleiðsla fáeinna hráefna í matvælaframleiðslu heldur einnig fjölbreytt not landsins og auðlinda þess til margvíslegrar verðmætasköpunar. Landið og auðlindir þess krefjast umönnunar sem eðlilegt er að fela bændum. Samhliða því þarf samfélagið að vera tilbúið að launa bændum þá þjónustu, hvort heldur er með beinum eða óbeinum hætti.

Á formennskuári Íslands 2004 var eitt af markmiðum starfsins að efla umræðu um málefni skóga og skógbúskapar. Þemaverkefni Íslands á sviði landbúnaðar var „SKÓGALÍF – áhrif nytjaskógræktar á vistkerfi, félagslegt umhverfi og byggð“. Um er að ræða þriggja ára verkefni með þátttöku vísindamanna frá öllum norrænu löndunum. Í júní sl. var haldin í Reykholti ráðstefna sem var liður í verkefninu. Í samræmi við ákvörðun ráðherra var boðað til ráðstefnu um framtíð skógbúskapar en hún var haldin í Nødebo á Sjálandi í ágúst sl. með þátttöku norrænna ráðherra sem fara með málefni skógarins. Á ráðstefnunni var fjallað um þýðingu skóganna fyrir atvinnulíf í dreifbýli, umhverfi og landslag, útiveru, heilbrigði og ferðaþjónustu. Af hálfu Íslands var á ráðstefnunni m.a. lögð áhersla á þýðingu nýskógræktar til að sporna við loftslagsbreytingum.

Nýtt verkefni – „Ny Nordisk Mat“ – var tekið upp á vegum landbúnaðarnefndarinnar á árinu í samstarfi við aðrar embættismannanefndir MR-FJSL. Markmið þess er að draga fram einkenni norrænnar matarhefðar og skapa henni nafn á alþjóðavettvangi. Er það í samræmi við ályktun ráðherrafundarins í Árósum. Markmið verkefnisins er m.a. að stuðla að jákvæðri þróun byggðar í sveitum og á strandsvæðum með því að styrkja og þróa svæðisbundna matvælaframleiðslu og matarhefðir.

Auk þess sem að framan greinir hefur landbúnaðarnefndin unnið að hefðbundnum verkefnum á sviði varðveislu erfðaauðlinda í búfé og nytjaplöntum, auk þeirra tækifæra sem felast í nýtingu villtra lífvera. Einnig hefur verið unnið að því að efla rannsóknastarf á sviði skógræktar og búfjárræktar og stuðla að auknu samstarfi landbúnaðarháskólanna á Norðurlöndum.

Áfram hefur verið unnið að því að efla samstarf við Eystrasaltsríkin. Frá ársbyrjun 2005 er þetta samstarf á sviði landbúnaðar tvískipt, annars vegar eru haldnir fundir þar sem fjallað er um málefni sem snerta landbúnað og byggðaþróun og hins vegar fundir þar sem fjallað er um málefni skógarins og aukna nýtingu skógarafurða. Tveir fundir voru haldnir á hvoru þessara starfssviða á árinu þar sem leitast var við að finna sameiginlega samstarfsfleti.

*Matvælamál.*

Norræna embættismannanefndin um matvælamál (EK-Livs) og fastanefndir á hennar vegum sem fjalla um eiturefnafræði matvæla og áhættugreiningu (NNT), matvælaörverufræði og áhættugreiningu (NNM), matvælaeftirlit (NNK), matvælalöggjöf (NNL) og manneldi (NKE) hafa á árinu sett heilsu neytenda í öndvegi. Það er í samræmi *við áætlun um mataræði og hreyfingu 2005–2008* sem samþykkt var á ráðherrafundi árið 2004. Lögð er áhersla á að tryggja neytendum örugg matvæli, verja þá fyrir villandi upplýsingum um matvæli og fræða þá um heilnæmi matvæla. Ísland hefur tekið virkan þátt í starfi allra fastanefnda embættismannanefndarinnar um matvæli svo og undirnefnda og verkefnahópa þar sem unnið er að einstökum sérgreindum verkefnum tengdum matvælum.

Samstarf í vinnunefndunum hefur eðlilega fyrst og fremst tekið mið af þeim framkvæmdaáætlunum sem liggja til grundvallar starfinu en auk þess hefur ný matvælalöggjöf ESB, sem tók gildi í aðildarríkjum ESB í ársbyrjun 2006, verið fyrirferðarmikil í norrænu samstarfi á árinu. Unnið hefur verið að því að samræma breytingar í ýmsum málaflokkum, túlka matvælalöggjöfina og leggja fram samræmdar norrænar útfærslur sem innlegg í umræðuna á evrópskum og alþjóðlegum vettvangi. Unnið hefur verið að fjölmörgum verkefnum, m.a. á vegum tengslaneta sérfræðinga og hafa verkefnaniðurstöður verið birtar í TemaNord skýrslu. Þá hafa verið haldnar ráðstefnur og minni fundir.

Eftirtaldir fastanefndafundir, verkefnafundir og málþing voru haldin á Íslandi á árinu: Þriðja norræna eftirlitsráðstefnan var haldin í janúar og voru þátttakendur um 150 frá öllum norrænu löndunum; fundur norrænna sérfræðinga um erfðabreytt matvæli og fóður var haldinn í maí; fundur norrænna sérfræðinga um merkingar matvæla var haldinn í ágúst og fundur í nýrri vinnunefnd sérfræðinga um dýravelferð og dýraheilsu var haldinn í september.

Auk þessa tóku fulltrúar Íslands þátt í fjölmörgum verkefnum og fundum um matvælamál, t.d. um varnarefnaeftirlit og kjöteftirlit. Þá hefur Ísland einnig tekið fullan þátt í samvinnu Norðurlanda og Eystrasaltsríkjanna um eftirlit með matvælum. Hið sama má segja um sambærilegt samstarf Vestur-Norðurlanda.

## 13. Vinnumál og vinnuverndarmál

*Fundur ráðherra vinnumála og vinnuverndar (MR-A).*

Árlegur fundur Norrænu ráðherranefndarinnar um vinnumál og vinnuverndarmál (MR-A) var haldinn 15. september sl. í Louisiana listasafninu rétt

fyrir utan Kaupmannahöfn. Á dagskrá fundarins var umræða um fjarvistir fólks frá vinnu vegna veikinda en Danir lögðu áherslu á mikilvægi þess að finna leiðir til að draga úr fjarveru fólks frá vinnu af þeim ástæðum. Á fundinum var samþykkt tillaga danska vinnumálaráðherrans um að setja á laggirnar norrænan starfshóp til að fjalla um efnið. Er gert ráð fyrir að nefndin verði að störfum til loka árs 2007.

Skýrsla norskrar rannsóknarstofnunar í vinnumálum, sem fjallar um áhrif stækkunar ESB og EES á vinnumarkaði á Norðurlöndum, var lögð fyrir fundinn. Enn fremur lágu fyrir drög að bréfi formennskuríkisins til framkvæmdastjórnar ESB þar sem lagt var til að skýrslan yrði lögð fram sem innlegg í umræðuna um áhrif stækkunar ESB/EES. Skýrslunni var vel tekið á fundinum og samþykkt að bréfið yrði sent sem fyrst til framkvæmdarstjórnarinnar.

Verkefni í tengslum við rafræna norræna vinnumiðlun sem hófst á árinu 2004 var kynnt á fundinum. Fram kom að stefnt væri að því að koma á rafrænni vinnumiðlun á Eyrarsundssvæðinu í nóvember sl. Atvinnuleitendur á svæðinu gætu því fengið upplýsingar um laus störf á svæðinu á heimasíðu danskra og sænskra vinnumiðlana. Þá var umræða um Evrópureglur um ríkisstuðning á vinnumarkaði en áhyggjur manna lúta að því að vinnumarkaðskerfi einstakra landa samræmist ekki að öllu leyti reglunum. Samþykkt var að fela embættismannanefndinni að fjalla nánar um málið en ráðherranefndin kemur til með að fylgjast með framgangi mála.

*Embættismannanefndin um vinnumál og vinnuverndarmál (EK-A).*

Embættismannanefndin um vinnumál og vinnuverndarmál hélt tvo fundi á árinu. Formennskuáætlun Dana var kynnt á fyrri fundinum og var umræðunni síðan framhaldið á síðari fundinum. Umræðan laut aðallega að fjarvistum fólks frá vinnu vegna veikinda. Sagt var frá ráðstefnu sem haldin var 24. apríl sl. í Kaupmannahöfn um efnið og samþykkt að leggja til við ráðherra vinnumála og vinnuverndar að setja á laggirnar starfshóp er fjallaði nánar um málið.

Umræðan um stækkun ESB/EES hélt áfram og var samþykkt að leggja til að málið yrði tekið upp á ráðherrafundinum í september. Skýrsla norskrar rannsóknarstofnunar í vinnumálum var lögð fyrir fund nefndarinnar í ágúst og var henni vel tekið. Þar var meðal annars lagt til að skýrslan gæti verið gott innlegg í umræðuna sem færi fram á vettvangi framkvæmdastjórnar ESB um áhrif stækkunar svæðisins.

Á fundinum í apríl var rætt um drög að nýjum samningi sem ætlað var að koma í stað eldri samnings um sameiginlegan vinnumarkað Norðurlanda frá árinu 1982. Nefndarmenn töldu ekki ástæðu til að vinnunni yrði haldið áfram í ljósi þess að engar efnisbreytingar væru lagðar til. Ríkjunum var gefinn frestur þar til í maí til að koma fram með endanlegu afstöðu sína. Síðar var samþykkt að ekki yrði frekar aðhafst í málinu þannig að eldri samningur héldi gildi sínu.

Danir upplýstu um að vonir þeirra stæðu til að rafræn vinnumiðlun á Eyrarsundssvæðinu yrði opnuð formlega í nóvember sl. og samþykkti nefndin að kynning um efnið færi fram á fundi ráðherranna í september. Jafnframt

voru drög að skýrslu um norrænu atvinnuleysistryggingakerfin kynnt á fundi nefndarinnar í ágúst og voru þau samþykkt með fyrirvara um að lokaeintakið yrði sent til ríkjanna til formlegrar afgreiðslu. Fyrirhugað er að skýrslan verði aðgengileg á heimasíðunni www.hallonorden.org.

Enn fremur samþykkti nefndin drög að fjögurra ára starfsáætlun nefnda er starfa á verksviði hennar fyrir árin 2004–2008. Áætlanirnar fela í sér innleiðingu á samstarfsáætlun Norðurlanda á sviði vinnumarkaðs- og vinnuumhverfismála fyrir árin 2005–2008. Í því fólst jafnframt að samþykkja verkefni norrænnar samstarfsnefndar um ESB-málefni og samning við stjórn Norrænu stofnunarinnar um menntun á sviði vinnuverndar (NIVA) fyrir sama tímabil. Þá samþykkti nefndin fjárhagsáætlun fyrir árið 2006 og fjallað var um styrki til norrænna rannsókna og samstarfsverkefna.

*Nefnd um vinnurétt (NAU).*

A fundum nefndarinnar um vinnurétt á árinu voru meðal annars rædd áhrif stækkunar ESB og EES á vinnumarkaði norrænu landanna og þá aðallega hvaða lögfræðileg álitaefni kunna að koma upp eða hafa þegar komið upp. Þar á meðal fór fram almenn umræða um hugtakið „launamaður“ en oft getur reynst erfitt að greina milli hvort viðkomandi er launamaður eða sjálfstætt starfandi einstaklingur. Sú aðgreining getur hins vegar haft mikla þýðingu við túlkun Evrópureglna þegar greina þarf muninn á frjálsum þjónustuviðskiptum og frjálsri för launafólks. Nefndin samþykkti að fastur liður á dagskrá nefndarinnar yrði að fylgjast með stækkun ESB/EES. Enn fremur skiptust nefndar-menn á upplýsingum í sambandi við innleiðingu ríkjanna á Evrópureglum. Meðal þeirra tilskipana sem voru á dagskrá nefndarinnar voru tilskipun um upplýsingar og samráð, mismunatilskipanir og tilskipun um vinnutíma járnbrautarstarfsmanna. Þá var að vanda farið yfir þau mál á hendur ríkjunum er liggja fyrir Evrópudómstólnum, Mannréttindadómstólnum, Alþjóðavinnumálastofnuninni og hjá embættismannanefnd er starfar á grundvelli félagsmálasáttmála Evrópu. Þá fjallaði nefndin um einstakar umsóknir um styrki til norrænna rannsókna og samstarfsverkefna.

*Nefnd um vinnumarkaðinn.*

Vinnumarkaðsnefndin er vettvangur fyrir umræðu um atvinnumál, vinnumarkaðsmál og vinnumarkaðsrannsóknir í norrænu samstarfi. Verkefni nefndarinnar tengdust aðalmarkmiðum ráðherranefndarinnar á sviði vinnumála sem ná yfir tímabilið 2005–2008, þar sem lögð er áhersla á að stuðla að áframhaldandi þróun samstarfsins með miðlun reynslu, ákveðnum verkefnum og sameiginlegum framkvæmdum. Á árinu var einkum lögð áhersla á nútímavæðingu norræns vinnumarkaðar þar sem sjónum var beint að vandamálum er lúta að fjarvistum á vinnustöðum vegna veikinda, afnámi landamærahindrana á Norðurlöndum og almennt að norrænum gildum.

Norrænt atvinnuleysistryggingamót var haldið á Íslandi í júní sl. þar sem m.a. var fjallað um áhrif stækkunar ESB/EES á vinnumarkaði einstakra aðildarríkja. Vinnuhópar voru starfandi er fjölluðu um atvinnuleysisbætur og

viðbótartryggingar, eftirlit með atvinnuleysistryggingum, reynslu Eystrasaltsríkja af stækkun ESB og virkni atvinnulausra.

Nefndin gaf á árinu út:

- Skýrslu um sameiginlegan norrænan vinnumarkað 1954-2004.
- Lokaskýrslu verkefnisins GOLIN 2003–2005: Hugmynd um vinnumarkað án landamæra á Norðurlöndum.
- Skýrsluna „Frumkvæði Norðurlanda um að draga úr fjarvistum frá vinnu vegna veikinda“.
- Skýrsluna „Framleiðniaukning á Norðurlöndum“.
- Skýrslu um þær reglur sem í gildi eru á Norðurlöndum eftir stækkun ESB.

Nefndin hélt áfram stuðningi sínum við norrænan stýrihóp um rafræna vinnumiðlun á Norðurlöndum. Þá styrkti nefndin ýmis verkefni á árinu en þar á meðal voru verkefni um reynslu norrænu landanna af aðlögun flóttafólks og innflytjenda að vinnumarkaðnum, aðlögun fólks með takmarkaða menntun á vinnumarkaðnum og áhrif atvinnuleysisbóta, alþjóðavæðingu vinnumarkaða á Norðurlöndum og afleiðingar alþjóðavæðingar fyrir eftirspurn á vinnuafli á Norðurlöndum og forsendur hás atvinnustigs á Norðurlöndum.

*Stýrihópur um vinnumiðlun.*

Nýr stýrihópur tók við af eldri stýrihópi er lauk störfum árið 2004. Verkefnin markast af aðgerðaráætlun sem lögð var fram á árinu 2004. Markmið hópsins er að leita leiða til að norræn vinnumiðlun verði virk en þar er áhersla á að nýta tæknina í tengslum við netið. Norrænar heimasíður verða tengdar saman, netþjónusta efld og sérstakir tenglar verða settir upp í Vinnumálastofnun sem og systurstofnunum hennar á Norðurlöndum. Enn fremur var samþykkt að gera frumrannsókn á afstöðu atvinnurekenda til gagnagrunns lífs- og starfsferla með áherslu á norræn gildi. Námstefna var haldin í Kaupmannahöfn haustið 2005 þar sem kynnt var verkefni um notkun vinnuveitenda í Noregi, Svíþjóð, Danmörku og Finnlandi á gagnagrunninum.

*Atvinnuskipti ungs fólks.*

Eitt af stærri norrænum samstarfsverkefnum á sviði vinnumála er NORDJOBB sem byggir á atvinnuskiptum ungs fólks milli norrænu landanna og norrænu félögin annast. Á árinu komu 96 ungmenni hingað til lands til vinnu og 53 ungmenni fóru héðan til vinnu í öðrum norrænum löndum á vegum NORDJOBB.

*Samstarfshópur um upplýsingamiðlun um vinnumarkaðsmál (NIAL).*

Samstarfshópurinn miðlar upplýsingum á vinnumálasviði en undir það falla vinnumarkaðs-, vinnuumhverfis- og vinnuréttarmál. Starfshópurinn hélt tvo fundi á árinu og fóru Danir með formennsku í starfshópnum en formennskan þar fylgir formennsku í Norðurlandaráði.

Gefin voru út þrjú tölublöð af „Arbejdsliv i Norden“ (AiN) og tvö af „Nordic Labour Journal“ (NLJ). Tekið er fyrir ákveðið efni í hverju blaði fyrir sig og var þema fyrsta tölublaðs AiN „Jakten på det gode arbejde“. Í öðru tölublaði var

þema „Sykefravær i Norden“ og í því þriðja *„Globalisering“*. Í NLJ var þema fyrsta tölublaðs „In search of a sustainable work place“ og í öðru tölublaði var umfjöllunarefnið „Young and unemployed – in search of a future“.

*Norræna samstarfsnefndin um vinnuvernd.*

Norræna samstarfsnefndin um vinnuvernd hefur það meginhlutverk að stuðla að norrænu samstarfi á sviði vinnuverndarmála. Nefndin vann að ýmsum verkefnum á árinu en þar má helst nefna árangursmat í vinnuverndarstarfi sem lauk á árinu en verkefnið hófst árið 2003. Verkefnið hafði verið kynnt á vettvangi ESB og bættust fleiri Evrópuríki í hópinn á síðari stigum. Nefndin hélt áfram samstarfi varðandi þátttöku í starfi evrópsku staðlastofnunarinnar (CEN) en ákveðið var að leggja aukna áherslu á staðla og markaðseftirlit á árinu 2006. Enn fremur var ákveðið að veita fjármuni til verkefnis um stjórnendur opinberra stofnana sem hefur tekist að innleiða gagngerar breytingar án neikvæðra áhrifa á vinnuumhverfið. Samvinna um menntun starfsmanna við norrænu eftirlitsstofnanirnar var á dagskrá nefndarinnar og verður haldinn sérstakur samráðsfundur í ársbyrjun 2006 um efnið. Þá stóð nefndin fyrir samráðsfundum um málefni er varða verksvið nefndarinnar sem meðal annars fjölluðu um reglur og leiðbeiningar á sviði vinnuverndar í bygginga- og mannvirkjagerð, varasöm efni í vinnuumhverfinu, streitu og andlegt álag á vinnustað og líkamlegt álag og vinnuaðstæður.

*Norræna rannsóknarnefndin á vinnuverndarsviði.*

Norræna rannsóknarnefndin á vinnuverndarsviði hélt tvo fundi á árinu með stjórn norrænu stofnunarinnar um menntun á sviði vinnuverndar (NIVA). Hlutverk rannsóknarnefndarinnar er að úthluta styrkjum til rannsókna á vinnuverndarsviði og til ýmissa verkefna. Nefndin vann að stefnumótun fram til ársins 2008 þar sem áhersla er lögð á þróun vinnuverndarrannsókna. Þar á meðal er aukin áhersla á samspil atvinnu fjölskyldu og frítíma í því markmiði að finna leiðir til að stuðla að hraustara starfsfólki á öllum aldri svo draga megi úr fjarvistum þess frá vinnu. Litið er á þetta sem útvíkkun á áherslum í vinnuvernd þar sem skil milli vinnustaða, heimila og fría eru í mörgum tilfellum óskýrari en þau hafa áður verið.

Að vanda voru verkefni ársins 2006 rædd á sameiginlegum fundi með norrænu samstarfsnefndinni um vinnuvernd. Í samræmi við fyrri ákvörðun um breytingu á styrkveitingum var ekki veittur styrkur til sérfræðinefndar um mengunarmörk efna (NEG). Hvert ríki fyrir sig mun taka ákvörðun um hvernig styðja skuli þá starfsemi.

Ísland mun halda áfram þátttöku sinni í samstarfsverkefni um öryggismenningu á byggingarvinnustöðum sem unnið hefur verið í góðu samstarfi við nokkur íslensk byggingarfyrirtæki og verkefni um áhrif langs og/eða óreglulegs vinnutíma á vinnutengda heilsu og félagsstöðu.

*Stjórn norrænu stofnunarinnar um menntun á sviði vinnuverndar (NIVA).*

Stjórn norrænu stofnunarinnar um menntun á sviði vinnuverndar vann að

markvissum undirbúningi námskeiða að vanda en á árinu 2006 er gert ráð fyrir þrettán námskeiðum (sjá heimasíðu stofnunarinnar www.niva.org og ársskýrslu). Unnið er áfram að þeim áherslubreytingum sem samþykktar hafa verið á undanförnum árum. Meðal námskeiða á árinu 2006 má nefna námskeið er lýtur að vinnu og vinnuumhverfi þeirra sem eru orðnir 60 ára og eldri og starfsendurhæfingu. Við undirbúning námskeiða fyrir árið 2007 verður miðað við að námskeiðin verði styttri og haldin þar sem samgöngur eru greiðar frá öllum norrænu löndunum.

Þá hefur umræða um hvernig stofnunin getur stutt við vinnuverndarstarf í Eystrasaltsríkjunum haldið áfram, sem og í norðvesturhluta Rússlands. Einnig fer fram umræða um önnur jaðarsvæði sem hefur þó ekki enn leitt til námskeiða eða formlegrar starfsemi.

## 14. Heilbrigðis- og félagsmál

*Ráðherrafundir.*

Heilbrigðis- og félagsmálaráðherrar Norðurlanda (MR-S) héldu sinn reglubundna fund í Þórshöfn í Færeyjum dagana 13.–14. júní sl. Ráðherrarnir fjölluðu m.a. um framtíðarsamvinnu á sviði heilbrigðis- og félagsmála, gæðamál heilbrigðisþjónustunnar, áfengismál á Norðurlöndum, afnám landamærahindrana og heimsfaraldur inflúensu. Norrænu lýðheilsuverðlaunin 2005 voru afhent Pekka Puska, finnskum prófessor og forstjóra lýðheilsustöðvar í Helsingfors. Hann hefur getið sér gott orð alþjóðlega fyrir Nordkarelanen-verkefnið sem byggist á rannsóknum á hjartasjúkdómum en umfram allt hvernig draga má úr líkum á sjúkdómnum með heilbrigðum lífsháttum, eða m.ö.o. forvörnum. Pekka Puska hefur ekki aðeins lagt sitt af mörkum á sviði rannsókna, heldur hefur hann einnig lagt áherslu á að gera rannsóknaniðurstöðurnar aðgengilegar almenningi í fjölmiðlum. Jafnframt hefur hann lagt áherslu á þátt frjálsra félagasamtaka í starfsemi sem stuðlað geti að bættu heilsufari.

Meginþema ráðherrafundarins var starfsemi frjálsra félagasamtaka á sviði velferðarmála á Norðurlöndum og frjálst framtak einstaklinga, félagasamtaka og stofnana sem starfandi eru á þessu sviði. Þetta var ein helsta áherslan á formennskuári Dana en auk umræðunnar á ráðherrafundinum var efnt til tveggja málþinga um sama efni á árinu.

Boðað var til aukafundar heilbrigðisráðherranna í desember í Kaupmannahöfn um viðbúnað gegn heimsfaraldri inflúensu og framleiðslu bóluefnis gegn henni en forsætisráðherrar landanna vísuðu á haustdögum málinu til heilbrigðisráðherranna. Jafnframt hafði sérfræðingahópur unnið að málinu í framhaldi af fundi heilbrigðis- og félagsmálaráðherra í Færeyjum í júní og skilaði hann skýrslu um málið í lok nóvember. Niðurstaða fundarins var að kanna ætti frekar tvær leiðir við að undirbúa framleiðslu bóluefnis. Önnur snýr að því að fela opinberum aðila verkefnið en hin að koma á samstarfi opinberra aðila og einkaaðila um framleiðsluna. Það á að liggja fyrir í mars

2006 hvaða leiðir Norðurlönd geta farið við framleiðslu á bóluefni til að verjast heimsfaraldri inflúensu.

*Embættismannanefndin um heilbrigðis- og félagsmál (EK-S).*

Norræna embættismannanefndin á sviði heilbrigðis- og félagsmála hélt þrjá fundi á árinu. Á fundi í apríl var m.a. fjallað um ráðherrafundinn í júní, formennskuáætlun Dana, heimsfaraldur inflúensu, skiptingu fjárveitinga til málefna fatlaðra, samstarf um umhverfislæknisfræði, samstarf við Eystrasaltsríkin og Norðvestur-Rússland, framtíð grannsvæðahópsins og aðgerðaáætlun fyrir börn og ungmenni á grannsvæðum Norðurlanda. Fundur embættismannanefndarinnar í tengslum við ráðherrafundinn í júní snerist aðallega um undirbúning ráðherrafundarins en auk þess voru lagðar fram skýrslur frá Svalbarðahópnum og nefndinni sem sér um Norðurlandasamninginn um sameiginlegan vinnumarkað heilbrigðisstétta. Á dagskrá haustfundar, sem haldinn var í nóvember í Reykjavík, var m.a. ný norræn samstarfsáætlun, samstarf um vímuefnamál, fyrirkomulag á starfi embættismannanefndarinnar, hlutverk frjálsra félagasamtaka, velferðarrannsóknir, réttindi Norðurlandabúa og hugsanlegur heimsfaraldur inflúensu.

*Norræni lýðheilsuháskólinn (NHV).*

Norræni lýðheilsuháskólinn er samnorræn menntastofnun fyrir æðri menntun og rannsóknir í heilbrigðisfræði. Háskólinn er staðsettur í Gautaborg í Svíþjóð og starfar samkvæmt sérstökum samningi við Norrænu ráðherranefndina sem gerður er til þriggja ára í senn. Megináherslan er á nám til meistara- eða doktorsgráðu í lýðheilsufræðum en einnig er hægt að sækja þar einstök námskeið.

Námsskrá skólans er í sífelldri endurskoðun og eru alltaf fleiri umsækjendur frá Íslandi sem sækja um að komast í nám við skólann en komast þar að. Ísland hefur þar sérstöðu því heldur dregur úr umsóknum frá öðrum norrænum löndum. Meginskýringin er trúlega sú að ekki er hægt að stunda sambærilegt nám hér á landi.

Ísland forgangsraðar sjálft umsóknum svo námsplássin nýtist heilbrigðisþjónustunni á Íslandi sem best.

*Norræna tannlækningastofnunin (NIOM).*

Starfsemi Norrænu tannlækningastofnunarinnar á sviði tannlækninga spannar fjögur meginsvið: 1) stöðlun, 2) prófun efna, 3) rannsóknir og 4) fræðslu. Á alþjóðlegum vettvangi tekur stofnunin þátt í mótun staðla varðandi gæði og öryggi í tannlækningum með þátttöku í ISO (International Organization for Standardization), CEN (Comité Européen de Normalisation) og FDI (Federation Dentaire Internationale).

Rekstur og starfsemi NIOM gekk vel á árinu og var mun sýnilegri fyrir norræna tannlækna og almenning en mörg undanfarin ár. Endurnýjun tækja á undanförnum árum hefur skilað sér vel í auknum verkefnum utan frá og þar með auknu sjálfsaflafé. Nú er í smíðum norrænn gagnagrunnur sem á að inni-

halda upplýsingar um öll efni sem eru seld til tannlækninga á Norðurlöndum. Þar verða upplýsingar um innihald og samsetningu efna, hugsanlega ofnæmisvalda, notkunarreglur og umfjöllun um klíniskar rannsóknir og varúðarreglur fyrir hvern efnisflokk.

*Norræna rannsóknarnefndin á sviði vímuefna (NAD).*

Norræna rannsóknarnefndin á sviði vímuefna hefur það markmið að efla og þróa þverfaglega samvinnu á sviði áfengis- og vímuefnarannsókna á Norðurlöndum. Starfsemin miðast að verulegu leyti við samfélagslegar rannsóknir, samfélagslækningar og samfélagsgeðlækningar. Rannsóknarnefndinni er ætlað að auka þekkingu manna á neyslu vímuefna, forvörnum, stefnumótun og meðferð á fíklum.

Helsta verkefni NAD er að stuðla að öflugum sameiginlegum rannsóknum og miðla upplýsingum. Nefndin á að vera vettvangur skoðanaskipta og upplýsinga fyrir norræna þegna sem hafa áhuga á áfengis- og vímuefnamálum.

Á fundum rannsóknarnefndarinnar var m.a. rætt um ný verkefni á vegum hennar eða sem NAD er tilbúin til að styrkja eða koma að en sérstök áhersla var á rannsóknarverkefni. Kynnt var starfsemi Lýðheilsustöðvar með áherslu á rannsóknir og verkefni á sviði áfengis- og vímuefna.

*Norræna samstarfsmiðstöðin um málefni fatlaðra (NSH).*

Helsta verkefni samstarfsmiðstöðvarinnar er að stuðla að því að markmið Norðurlanda um jafnrétti og fulla þátttöku fatlaðra verði að veruleika. Samstarfsmiðstöðin styrkir fjölda verkefna sem hafa það að markmiði að auka og bæta þjónustu við fatlaða á Norðurlöndum og auðvelda þeim aðgang að upplýsingasamfélaginu. Á stefnuskrá er einnig að styrkja stöðu fatlaðra í stefnumótun velferðarsamfélagsins. Á fundum stjórnar á árinu var m.a. fjallað um áherslur Dana á formennskuárinu en á vettvangi NSH tengdust áherslurnar grannsvæðum Norðurlanda. Jafnframt var umfjöllun um fátíðar fatlanir og norrænu áætlunina um „Aðgengi fyrir alla 2005–2007“. Upplýsingaáætlun fyrir starfsemina var kynnt, og fjallað um upplýsingamiðlun til stofnana og einstaklinga í löndunum. Kynntar voru fyrirhugaðar áherslubreytingar á sviði hátækni í þróun lausna á hjálpartækjasviðinu. Ennfremur var rætt aukið samstarf norrænna stofnana og samtaka sem láta sig málefni fatlaðra varða. Fram kom að Norræna samstarfsmiðstöðin um málefni fatlaðra hefur þegar stofnað til samstarfs við norræna samstarfsnetið um fötlunarrannsóknir (NNDR).

*Norræna menntamiðstöðin á sviði daufblindu (NUD).*

Markmiðið með starfsemi stofnunarinnar er að vinna að framgangi og þróun norrænnar samvinnu á sviði daufblindu. Hún á jafnframt að styrkja faglega þróun starfsfólks á umræddu sviði og þeirra stofnana eða samtaka sem starfsfólkið tengist.

Hlutverk menntamiðstöðvarinnar er að bjóða norræna menntun á sviði daufblindu sem bætir upp menntunartilboð landanna. Í fyrsta lagi að safna og

þróa þekkingu á sviði daufblindu og að byggja upp og viðhalda þekkingar- og samstarfsneti bæði á norrænum vettvangi og alþjóðlega; í öðru lagi að miðla þekkingu t.d. með fréttabréfum, ritum, bókasafnsþjónustu og sérfræðingum frá NUD sem eiga samstarf við sviðið í einstökum löndum og með fjarfundum. Auk þess er unnið að því að skrá norræna þekkingu á sviði daufblindu.

Á árinu var haldið eitt grunnnámskeið, fjögur þemanámskeið, eitt námskeið opið þátttakendum utan Norðurlanda, ein ráðstefna og ein námstefna.

NUD og NSH hófu samvinnu um hópa með fátíðar fatlanir og NUD átti samvinnu við þekkingarmiðstöð í Álaborg um þróun á fjarkennslu. Átta norrænir og evrópskir hópar héldu fundi í menntamiðstöðinni um ýmis þróunarverkefni á starfssviði stofnunarinnar (samskipti daufblindra, meistaranám á sviði daufblindu, ritun námsefnis o.fl.)

*Norræna heilbrigðistölfræðinefndin (NOMESKO).*

Meginmarkmið Norrænu heilbrigðistölfræðinefndarinnar er að vinna að því að samræma og safna tölfræðilegum upplýsingum um ýmsa þætti heilbrigðisþjónustunnar, sjúkdóma, dánarorsakir ásamt tengdum þáttum. Starfið fer að töluverðu leyti fram með því að samræma skilgreiningar skráningar og afmörkun einstakra þátta til þess að tryggja að upplýsingar séu sem líkastar og sem best sambærilegar.

NOMESKO kemur aðallega niðurstöðum sínum á framfæri í meginriti sínu „Health Statistics in the Nordic Countries“ en einnig í sérútgáfum og öðrum upplýsingum sem eru birtar á heimasíðu nefndarinnar www.nom-nos.dk.

Helstu verkefni sem unnið hefur verið að á árinu eru athugun á mannafla og fjármagni í heilbrigðisþjónustunni, staðtölur fyrir sjúklinga sem ekki eru lagðir inn, flokkun dánarorsaka, upplýsingar um lyfjanotkun, gæðamat á flokkun aðgerða o.fl.

Undanfarin ár hefur heilbrigðistölfræðinefndin átt mikið samstarfi við Eistland, Lettland og Litháen og hefur m.a. unnið að útgáfumálum og námskeiðshaldi fyrir þau lönd. Áfram er unnið á því sviði.

Norræna stofnunin um sjúkdómaflokkanir (www.nordclass.uu.se) í Uppsölum starfar í nánu samstarfi við NOMESKO. Samræming flokkunarkerfa hefur í auknum mæli verið unnin af stofnuninni, sem er rekin sameiginlega af heilbrigðisráðuneytum Norðurlanda. Hún er viðurkennd af WHO sem samstarfsstofnun.

*Norræna hagskýrslunefndin á sviði félagsmála (NOSOSKO).*

Meginverkefni NOSOSKO er að vinna að samanburðarhæfri skýrslugerð um velferðarmál á Norðurlöndum og gefa árlega út skýrslu um það efni. Hagskýrslunefndinni ber einnig að fylgjast með alþjóðlegu samstarfi í hagskýrslugerð og vinna að því að samræma upplýsingar frá þátttökulöndunum. Allar norrænu þjóðirnar fimm eru aðilar að evrópskri samvinnu á sviði hagskýrslugerðar, Eurostat, vegna aðildar sinnar að ESB eða EES. Eurostat

vinnur að bættri hagskýrslugerð á sviði heilbrigðis- og félagsmála og sundurliðun útgjalda eftir svonefndri ESSPROS-flokkun.

Í ársskýrslu hagskýrslunefndarinnar var sérstaklega fjallað um félagslega aðstoð við börn og ungmenni sem búa við erfiðar aðstæður á Norðurlöndum. Meðal mála sem fjallað var um á árinu má nefna samstarfið við ESB og Eurostat, breytingar í heilbrigðis- og félagsmálatölfræði landanna, hugmyndir um breytingar á ársskýrslu og heimasíðu nefndarinnar, útgáfa þemarits 2007 um starfsendurhæfingu, framsetningu upplýsinga um sjálfbæra þróun, samvinnu við Eistland, Lettland og Litháen og samstarf við Norræna lýðheilsuháskólann.

*Norræna samstarfsmiðstöðin um þróun félagslegrar þjónustu (NOPUS).*

NOPUS er norræn miðstöð fyrir hugmynda- og reynslumiðlun á sviði félagslegrar þjónustu á Norðurlöndum. Markhópurinn er starfsfólk sem hefur eða gæti haft með höndum forystuhlutverk í félagsþjónustu. Markmiðið með starfsemi miðstöðvarinnar er að styrkja samstarf Norðurlanda með því að taka þátt í og standa að norrænum ráðstefnum og þróunarstarfi af ýmsu tagi og miðla viðeigandi upplýsingum á hinu félagslega sviði.

Á fundum stjórnar á árinu voru á dagskrá staða starfsáætlunar NOPUS og áherslur á ákveðnum sviðum hennar. Stjórnin lagði áherslu á mikilvægi samvinnu á sviði netvinnu, ráðstefna og málþinga ýmiskonar. Í starfsáætluninni fyrir árið 2006 eru fjögur málefnasvið og meginmarkmið: 1) netvinna og námskeið, 2) styrking starfseminnar gagnvart nágrannasvæðum Norðurlanda, 3) miðlun upplýsinga og reynslu og 4) þættir er lúta að stjórnun, markaðsvinnu og þróun upplýsingatækni. Kynntar voru stjórnsýslubreytingar á sviði félagsþjónustu í Danmörku þar sem áhersla er lögð á þróun þekkingar, ráðgjafar og samhæfingar á sviði félagsþjónustu (VISO).

*Norræni vinnuhópurinn um almannatryggingar.*

Markmið vinnuhópsins er að fylgjast með framkvæmd landanna á Norðurlandasamningnum um almannatryggingar. Vinnuhópurinn á að ræða almenna framkvæmd samningsins og einstök mál tengd honum og á jafnframt að vera ríkjunum ráðgefandi um almannatryggingar. Skal vinnuhópurinn meta hvort þörf er á að endurskoða ákvæði samningsins vegna breytinga á löggjöf eða reglum í ríkjunum. Þá skal vinnuhópurinn einnig ræða önnur almannatryggingamál sem koma upp.

Á sameiginlegum fundi með norræna vinnuhópnum um félagslega aðstoð og félagslega þjónustu var m.a. rætt um útgáfu sameiginlegs bæklings með upplýsingum um norrænu samningana um almannatryggingar og félagslega þjónustu.

Vinnuhópurinn samdi á árinu framkvæmdasamning með Norðurlandasamningnum um almannatryggingar sem var undirritaður af öllum ríkjunum og tók gildi í september sl. Settur var á stofn undirhópur til að fjalla um hvernig ríkin geti auðveldað samstarf vegna örorkubóta. Öðrum hópi var falið að undirbúa norræna ráðstefnu í samvinnu við ESB um almannatryggingabætur sem byggja á búsetu og atvinnu.

Grænland og Færeyjar gerðust aðilar að Norðurlandasamningnum um almannatryggingar á árinu.

*Grannsvæðanefndin á sviði heilbrigðis- og félagsmála (EK-S NÆR).*

Grannsvæðanefndin, sem unnið hefur að verkefnum á sviði heilbrigðis- og félagsmála í Eistlandi, Lettlandi, Litháen og Norðvestur-Rússlandi undanfarin ár, var lögð niður á árinu. Embættismannanefndin tekur við verkefnum hennar en jafnframt verður opnað fyrir þann möguleika að kalla til sérstaka tengiliði um málefni grannsvæðanna.

*Norðurlandasamningur um sameiginlegan norrænan vinnumarkað fyrir ákveðnar heilbrigðisstéttir og dýralækna.*

Samningurinn fjallar um gagnkvæmar viðurkenningar prófskírteina hjá ákveðnum starfsstéttum í heilbrigðis- og dýralæknaþjónustunni og á að tryggja aðgang norrænna ríkisborgara að norrænum vinnumarkaði á þessum sviðum. Hann nær nú til alls 22 faghópa en Ísland er einungis aðili varðandi 19 hópa. Eftirlitsnefnd fylgist með framkvæmd samningsins og tekur saman upplýsingar um flutning heilbrigðisstarfsmanna milli norrænu landanna, svo og um fjölda innritaðra og útskrifaðra nemenda á þeim sviðum er undir samninginn heyra. Nefndin fylgist auk þess með því að tilkynningarskyldu sé fylgt vegna sviptingu eða takmarkana á starfsleyfum á Norðurlöndum.

Á fundum nefndarinnar var m.a. fjallað um framkvæmd norræna samningsins með tilliti til stækkunar ESB, stöðu og áhrif af nýrri tilskipun ESB um starfsréttindi heilbrigðisstétta og áhrif þjónustutilskipunar ESB á starfsréttindi. Af Íslands hálfu var gerð grein fyrir þeim breytingum sem hafa verið gerðar á lögum og reglum er varða starfsréttindi heilbrigðisstétta á Íslandi, s.s. sjóntækjafræðinga, osteópata og lífeindafræðinga.

## 15. Jafnréttismál

Starfsárið 2005 var síðasta ár sem unnið var samkvæmt samstarfsáætlun sem samþykkt var 2001. Einn meginþáttur starfsins var að undirbúa nýja samstarfsáætlun fyrir tímabilið 2006–2010. Norrænu jafnréttisráðherrarnir (MR-LIGESTILLING) samþykktu nýja áætlun í maí sl. en hún ber yfirskriftina „*Með áherslu á kyn er stefnt að jafnréttissamfélagi*“.

*Ný norræn samstarfsáætlun í jafnréttismálum 2006–2010.*

Í 30 ár hefur Norræna ráðherranefndin stuðlað að því að norrænu samfélögin þróist í átt til aukins jafnréttis kynjanna. Virk jafnréttisstefna einkennir hin norrænu lýðræðisþjóðfélög. Jafnrétti felur í sér jafnan aðgang að völdum og áhrifum, að konur og karlar hafi sömu réttindi, skyldur og tækifæri á öllum sviðum mannlífsins, og samfélag sem er laust við kynbundið ofbeldi.

Í samfélagi, þar sem jafnrétti ríkir, fá kraftar og hæfileikar beggja kynja að njóta sín. Jafnrétti hefur þannig þýðingu fyrir verðmætasköpun og fyrir þróun

og endurnýjun á ýmsum sviðum þjóðmála svo sem velferðarmála, atvinnumála og atvinnusköpunar.

Norrænt samstarf um jafnrétti kynjanna grundvallast á sameiginlegri hefð og af því hafa norrænu löndin og sjálfsstjórnarsvæðin gagnkvæman hag þar sem þau glíma við mörg sömu vandamálin. Við norrænni jafnréttisstefnu blasa ný viðfangsefni í tengslum við aukna alþjóðavæðingu og þróun á sviði hefðbundinna jafnréttismála. Íbúar Norðurlanda eru mismunandi hvað varðar uppruna þeirra, félagslega stöðu, heimahagi, kynslóðir, fjölskyldustöðu, kynhneigð og viðhorf til kynlífs eða heilsufar.

Hin norræna áhersla á karla og jafnrétti, sem er einstök í alþjóðlegu samhengi, er gott dæmi um ávinning af jafnréttisstefnunni og nauðsyn þess að margir mismunandi hópar leggi sitt af mörkum við mótun hennar.

Jafnréttisstarf norrænu landanna er afar umfangsmikið og norrænt samstarf getur ekki náð til allra þátta þess. Norræna ráðherranefndin hefur ákveðið að tvö meginsvið verði höfð í fyrirrúmi í norrænu jafnréttissamstarfi árin 2006–2010, þ.e.a.s. *Kyn og völd* og *Kyn og æska.*

Verkefni á báðum þessum sviðum verða unnin út frá hugmyndinni um norrænt notagildi og fjalla um málefni sem snerta sameiginlega hagsmuni norrænu landanna og sjálfsstjórnarsvæðanna. Verkefni innan ramma norræns jafnréttissamstarfs verða kynnt í árlegum framkvæmdaáætlunum sem norrænu jafnréttisráðherrarnir hafa samþykkt. Auk þessa verður lögð áhersla á *kyn, menningu og miðlun*. Spurningin um hvernig staðalmyndir um kyn eru settar fram í listsköpun, fjölmiðlum og klámi, er þungvæg.

Norræna ráðherranefndin vill að norrænt samstarf fjalli á breiðum grunni um vandamál sem spretta af kynferði, menningu og tjáskiptum. Áleitin spurning í þessu sambandi er enn fremur hvort unnt sé að stuðla að samþættingu og jafnrétti í framtíðinni gegnum list og menningu. Samstarfsáætlunin var kynnt á þingi Norðurlandaráðs í október sl.

*Rannsóknir og rannsóknarverkefni.*

Norræna stofnunin fyrir kvenna- og kynjarannsóknir (NIKK) hrindir í framkvæmd, styður og samhæfir kvenna-, karla- og kynjarannsóknir á Norðurlöndum og utan þeirra auk þess sem hún tekur þátt í að mynda samnorrænan grundvöll fyrir kynjarannsóknir. Embættismannanefndin um jafnréttismál (EK-Ligestilling) fjallaði um starfsemi stofnunarinnar og stefnumótun samfara endurnýjun samnings um rekstur hennar. Gerð var úttekt á starfi hennar og ákveðið að endurnýja samkomulag um rekstur hennar til ársloka 2007. Jafnframt voru starfsreglur endurskoðaðar og samþykkt ný stefnumótun.

Lokið var við skýrsluna „*Þróun löggjafar um fæðingarorlof á Norðurlöndunum og reynsla þjóðanna*“. Skýrslan er afrakstur rannsóknarverkefnis sem unnið var á formennskuári Íslands í Norrænu ráðherranefndinni. Markmið verkefnisins var að leita svara við því hvernig löggjöf á Norðurlöndum um fæðingar- og foreldraorlof hefur þróast og hvort og þá hvernig sú löggjöf hefur stuðlað að jafnrétti kynjanna og bætt möguleika kynjanna til að sameina fjölskyldulíf og virka þátttöku á vinnumarkaði. Skýrslan er aðgengileg í raf-

rænu formi á heimasíðu félagsmálaráðuneytisins (www.felagsmalaraduneyti.is) og Jafnréttisstofu (www.jafnretti.is).

*Mælistikur á launajafnrétti* (På spåret av likalön) er samstarfsverkefni á vegum vinnumálaráðherra og jafnréttisráðherra Norðurlanda sem unnið var að á árinu. Meginmarkmið verkefnisins er að gera norrænar tölfræðiupplýsingar skýrari þannig að þær gefi betri mynd af orsökum kynbundins launamunar og verði samanburðarhæfar milli landa. Gerð verður greining á tölfræðiupplýsingum um laun karla og kvenna á Norðurlöndum og settar fram tillögur að úrbótum m.a. varðandi samræmingu á skilgreiningum og mælikvarða á kynbundinn launamun. Tillögurnar verða unnar í samstarfi við norræna sérfræðinga og með hliðsjón af starfi sérfræðingahópa ESB á þessu sviði. Jafnframt verða tekin saman gögn um skilvirkustu aðferðirnar (best practices) til að draga úr kynbundnum launamun.

Þá var einnig unnið að verkefni um samþættingu kynja- og jafnréttissjónarmiða við fjárlagagerð á Norðurlöndum (Integrering av ett könsperspektiv i nordiska statsbudgetar). Markmiðið með verkefninu er að gera áætlanir og kynna aðferðir sem nota má til að tryggja að jafnréttissjónarmið verði höfð að leiðarljósi við fjárlagagerð á Norðurlöndum, en slík sjónarmið eru talin mikilvægt tæki sem stuðlar að þróun í átt til aukins jafnréttis. Verkefninu er stýrt frá Svíþjóð og lýkur árið 2006.

*Samstarf við Norðvestur-Rússland.*

Embættismannanefndin um jafnréttismál lagði mikla áherslu á samstarf við Norðvestur-Rússland á árinu. Tveir viðburðir voru viðamestir. Sá fyrri var málþing um jafnréttismál sem Norræna ráðherranefndin stóð að ásamt stjórnvöldum í Pétursborg. Þátttakendur málþingsins voru framkvæmdastjórar sveitarstjórna í Norðvestur-Rússlandi. Árni Magnússon, félagsmálaráðherra, flutti erindi um karlmenn og jafnrétti. Sá seinni var ráðstefnan „Konur og lýðræði“ (WoMen and Democracy). Þetta var fjórða og síðasta ráðstefnan í ráðstefnuröð með sama heiti. Sú fyrsta var haldin á Íslandi árið 1999 og vakti mikla athygli. Að undirbúningi ráðstefnunnar komu 11 lönd og voru þátttakendur um 600 talsins. Íslensk sendinefnd hafði stórt hlutverk á ráðstefnunnni. Sigríður Anna Þórðardóttir, umhverfisráðherra og samstarfsráðherra Norðurlanda ávarpaði ráðstefnuna við opnun hennar fyrir hönd íslenskra stjórnvalda. Rannveig Guðmundsdóttir, forseti Norðurlandaráðs, sleit ráðstefnunni ásamt varaborgarstjóra Pétursborgar.

## 16. Vímuefnamál

*Fundur í Þórshöfn.*

Fundur embættismanna félags-, heilbrigðis- og dómsmálaráðuneyta Norðurlanda um vímuefnamál (EK-NARKO) var haldinn dagana 9. og 10. maí sl. í Þórshöfn í Færeyjum.

Á fundinum var í meginatriðum fjallað um grundvallarforsendur þess að

Norðurlönd sameinist um stefnu í fíkniefnaforvörnum þar sem þau hafi öll svipaðar áherslur varðandi fíkniefni. Sameiginleg norræn stefna yrði mikilvæg forsenda fyrir áframhaldandi þróun á samstarfi Norðurlanda varðandi fíkniefnavandann og viðmið þeirra í evrópsku og alþjóðlegu samhengi. Fulltrúar allra Norðurlanda voru jákvæðir gagnvart þessari hugmynd.

Fjallað var um vanda ungra fíkniefnaneytenda þar sem sjónum var einkum beint að stefnu landanna, hvaða fíkniefni væru í umferð og hvaða meðferðartilboð stæðu ungum fíkniefnaneytendum til boða. Samþykkt var að Danir myndu gera drög að stefnumörkun á þessu sviði og senda öðrum nefndarmönnum til umfjöllunnar.

Fjallað var um hvernig löndin hyggðust taka á neyslu ólöglegra vímuefna á skemmtistöðum og hvort lög væru til í löndunum eða hvort til stæði að setja sérstök lög þar að lútandi.

Rætt var um plöntuna „knat“ sem aðallega er notuð til vímugjafar í sómölskum samfélögum.

Bensín, sniff, lím og önnur lögleg en mjög heilsuspillandi efni eru útbreidd sem vímugjafar alls staðar á Norðurlöndum. Rætt var um leiðir til að koma böndum á þessa neyslu.

Sagt var frá fundi sem haldinn var í Växsjö í Svíþjóð sl. haust þar sem fjallað var um menntun starfsmanna sem vinna við meðferð vímuefnasjúklinga.

*Fundur í Kaupmannahöfn.*

Síðasti fundur embættismanna félags-, heilbrigðis- og dómsmálaráðuneyta Norðurlanda sem formleg norræn embættismannanefnd um vímuefnamál var haldinn í nóvember sl. í Kaupmannahöfn. Fjallað var sérstaklega um þær eðlisbreytingar sem samþykktar höfðu verið og fela í sér að samstarf embættismannanefndarinnar í þeirri mynd sem það hefur verið undanfarin ár var lagt niður á árinu.

Fjallað var um möguleikana á og reynslu þjóðanna af að draga þá aðila inn í fyrirbyggjandi aðgerðir gegn fíkniefnaneyslu sem vinna á sviði nærþjónustu og rætt var sérstaklega um menntun þeirra sem vinna sem meðferðarfulltrúar á fíkniefnasviði. Jafnframt var rætt sérstaklega um þá þjónustu sem ungmennum sem orðið hafa fíkniefnum að bráð stendur til boða og var það framhald umræðu í nefndinni fyrr á árinu.

Fíkniefnameðferð fanga í fangelsum var eitt af þemaefnum fundarins en það var hluti af formennskuáætlun Dana, sem gerðu grein fyrir áherslum sínum og aðgerðum á þessu sviði. Var flutt yfirgripsmikið erindi um meðferð og meðhöndlun fanga í dönskum fangelsum og sagt frá reynslu Dana af skipulegri og skilyrtri meðferð fanga þar í landi. Málefni fanga voru rædd og fulltrúar landanna gerðu grein fyrir stöðu mála í viðkomandi löndum.

*Meðferð í fangelsum.* Gerð var grein fyrir meðferðarúrræðum í íslenskum fangelsum, en innan veggja fangelsa á Íslandi hefur ekki verið boðið upp á eiginlega áfengis- og vímuefnameðferð. Hins vegar eru haldnir AA-fundir

einu sinni til tvisvar í viku í öllum fangelsum landsins og föngum gefst kostur á að ljúka afplánun í meðferð utan veggja fangelsa. Tvær leiðir eru í boði, í fyrsta lagi er um að ræða styttri meðferð í lok afplánunar og í öðru lagi langtímameðferð síðustu sex mánuðina.

*Aðgerðir til að draga úr fíkniefna- og áfengisneyslu á Íslandi.* Forsendur og skilyrði í baráttunni gegn fíkniefna- og eiturlyfjaneyslu í löndunum voru rædd, auk þess sem fulltrúar landanna gerðu grein fyrir því sem efst er á baugi á sviði fíkniefnaforvarna í viðkomandi landi. Gerðu íslensku fulltrúarnir m.a. grein fyrir tveimur frumvörpum til laga um áfengisstefnu á Íslandi: annars vegar frumvarpi um lækkun áfengiskaupaaldurs frá 20 til 18 ára og hins vegar frumvarpi um afnám einkasölu ÁTVR á áfengi undir 22% að áfengismagni og að heimila sölu á því í verslunum. Frumvörpin náðu ekki fram að ganga. Þá var greint frá útgáfu, upplýsingastarfi og verkefnum á vegum Lýðheilsustöðvar og skýrðar áherslur sem stofnunin hefur í starfi sínu á þessum vettvangi. Gerð var grein fyrir starfsemi og úthlutunum Forvarnasjóðs og greint frá umfangsmikilli áfengisneyslukönnun sem birt var á árinu. Greint var frá samstarfsverkefni Lýðheilsustöðvar og Sambands íslenskra sveitarfélaga, „Vertu til“, sem hrint var í framkvæmd en fyrirhugað var að ljúka því um áramótin 2005/2006.

*Alþjóðlegt samstarf.* Á fundinum var gerð grein fyrir þátttöku norrænu ríkjanna í alþjóðlegu samstarfi, en norrænu löndin hafa á vettvangi embættismannanefndarinnar um vímuefnamál jafnan miðlað upplýsingum um það sem efst er á baugi í alþjóðasamtökum og stofnunum. Þannig gerðu Norðmenn grein fyrir málum á vettvangi S.Þ. (CND og INCB), Finnar gerðu grein fyrir því sem hæst ber í starfi Dyflinnar-hópsins, Danir gerðu grein fyrir því sem fram fer á vettvangi Evrópuráðsins, Svíar greindu frá helstu áherslum innan ESB og Íslendingar sögðu frá fundum norrænu toll- og lögreglusamtakanna (PTN).

*Norræna nefndin í áfengis- og fíkniefnarannsóknum (NAD).* Fulltrúi norrænu nefndarinnar í áfengis- og fíkniefnarannsóknum gerði grein fyrir starfsemi stofnunarinnar (sjá nánar um NAD á bls. 54).

*Óformlegt samráð.*

Á fundinum í Kaupmannahöfn urðu nokkrar umræður um þá ákvörðun að leggja af hið formlega samstarf ráðherra og embættismanna á sviði fíkniefna- og áfengismála. Fram kom hjá fulltrúum nokkurra þjóðanna að hætta væri á að samvinna á þessu sviði norræns samstarfs kynni að leggjast af eða minnka verulega og töldu nokkrir fulltrúar landanna það verra. Tillaga, sem Norðmenn lögðu formlega fram, um að halda áfram óformlegum samskiptum á vettvangi embættismanna fyrst um sinn en ekki á vettvangi ráðherra, var samþykkt. Þá var ákveðið að formennskulandið í ráðherranefndinni bæri ábyrgð á hinu óformlega samstarfi embættismannanna sem mundi snúast um miðlun upplýsinga.

## 17. Atvinnumál

Ráðherranefndin um iðnaðar- og atvinnumál (MR-Næring) rennur saman við ráðherranefndina um byggðamál (MR-Reg) og ráðherranefndina um orkumál (MR-Energi) með breytingum á uppbyggingu Norrænu ráðherranefndarinnar. Enn er óráðið hvernig starfi nýju ráðherranefndarinnar (MR-NER) verður háttað og fyrirkomulag starfs embættismannanefnda sem undir það heyra er ómótað.

Viðamesta verkefni ráðherranefndarinnar um iðnað og atvinnumál og embættismannanefndarinnar (EK-Næring) á árinu var að móta nýja samstarfsáætlun. Samstarfsáætlunin var samþykkt á fundi ráðherranna í september, en hún markar rammann um samstarf þeirra fyrir árin 2006–2010. Áætlunin hefur það að markmiði að viðhalda sterkri stöðu Norðurlanda og vinna að bættri samkeppnishæfni og hagvexti landanna – líta má á hana sem norrænt svar við áskorunum hnattvæðingarinnar. Höfuðáherslan er á að bæta starfsskilyrði atvinnulífsins, m.a. með samræmingu skilyrðanna og afnámi landamærahindrana. Þá lýtur veigamikill hluti samstarfs iðnaðarráðherranna að því að efla samvinnu fyrirtækja, háskóla og rannsóknastofnana um verkefni á sviði tækniþróunar og nýsköpunar. Í samstarfsáætluninni er lögð áhersla á samstarf við Eystrasalt og á Norður-Atlantshafssvæðinu og samhæfingu norræns samstarfs sem snýr að starfsskilyrðum atvinnulífsins. Þrátt fyrir að samstarfsáætlunin lýsi tilteknum áherslusviðum og aðgerðum er hún sveigjanleg þannig að þau lönd sem gegna formennsku í norrænu samstarfi á hverjum tíma geta markað sínar áherslur.

Á fundi sínum ræddu ráðherrarnir m.a. nýútkomna skýrslu sem unnin var fyrir Norrænu ráðherranefndina um samkeppnisstöðu Norðurlanda á tímum hnattvæðingar: *Norðurlönd sem sigursvæði á heimsvísu.* Í skýrslunni eru greind sameiginleg gildi Norðurlanda, styrkleikar þeirra metnir og gerðar tillögur um aðgerðir til þess að styrkja samkeppnisstöðu landanna. Skýrslan hefur hlotið góðar undirtektir og verður höfð til hliðsjónar í samstarfi iðnaðarráðherranna. Hnattvæðing var einnig umfjöllunarefni ráðstefnu sem Norræna ráðherranefndin, Norðurlandaráð og Norræna nýsköpunarmiðstöðin (NICe) stóðu fyrir í Kaupmannahöfn í maí: *Global oursourcing – Nordic insourcing*.

Áfram var unnið að því að afnema landamærahindranir. Helstu áfangar sem náðst hafa eru opnun viðskiptavefgáttar Halló Norðurlönd (www.hallo norden.org), þar sem eru m.a. upplýsingar um stofnun fyrirtækja eða útibúa á Norðurlöndum. Settir voru á fót tveir starfshópar um framtaksfjármögnun; annar um tvísköttun og hinn um fjárfestingasjóði. Hóparnir eru enn að störfum. Þá hefur verið ákveðið að starfshópur um afnám landamærahindrana á byggingavörumarkaði, sem hóf á árinu störf undir ráðherranefndinni um húsnæðis- og byggingarmál (MR-BO), flytjist undir hina nýju ráðherranefnd MR-NER.

Unnið var að eflingu samstarfs á sviði nýsköpunar eftir samstarfsáætlun sem samþykkt var á fundi ráðherranna haustið 2004. Áætlunin hefur verið felld inn í nýja samstarfsáætlun ráðherranefndarinnar fyrir árin 2006–2010.

Settur hefur verið á laggirnar starfshópur sem er ætlað að gera tillögur um hvernig má auka samhæfingu á stuðningsumhverfi nýsköpunar á Norðurlöndum og verið er að skipuleggja umræðuþing aðila í rannsóknum og atvinnulífi. Samþykktum Norrænu nýsköpunarmiðstöðvarinnar var breytt til að auka samhæfingu á stefnumótun á sviði nýsköpunar og rannsókna- og vísindastefnu og efla samstarf nýsköpunarmiðstöðvarinnar og NordForsk, sem varð til með sameiningu Norrænu stofnunarinnar um vísindamenntun og Norræna vísindastefnuráðsins. Á árinu var starfandi vinnuhópur um aukið samstarf á sviði nýsköpunar á Norðurslóðum. Á grundvelli niðurstöðu hópsins hefur verið ákveðið að skipa tvo sérhæfðari hópa; annars vegar um klasa og hins vegar um „notendaknúna“ nýsköpun.

Embættismannanefndin um atvinnu- og iðnaðarmál ákvað að endurskoða ákvörðun sína um að hætta þátttöku í NMR-IPP, sem er samstarfsverkefni um framleiðslutengda umhverfisstefnu, með því skilyrði að Norrænu nýsköpunarmiðstöðinni yrði boðið til þátttöku í því og embættismannanefndin yrði betur upplýst um framgang þess.

*Norræna nýsköpunarmiðstöðin (NICe).*

Markmið norrænu nýsköpunarmiðstöðvarinnar (Nordic InnovationCenter) er að efla nýsköpun á Norðurlöndum með því að taka þátt í fjármögnun norrænna samstarfsverkefna sem hafa það að markmiði að styrkja iðnað og atvinnulíf. Markmiðið er yfirleitt að koma á formlegu samstarfi sem leitar verkefnafjármögnunar annars staðar. Byggt er á þeirri trú að norrænt samstarf skili meiri árangri en hvert land geti náð fyrir sig. Með því að deila þekkingu og reynslu aukist samkeppnishæfnin.

Norræna nýsköpunarmiðstöðin vinnur samkvæmt fyrirfram ákveðnum áherslum. Í þessu felst að hún skilgreinir þau fagsvið og verkefnaflokka sem unnið er að hverju sinni. Val á áherslum byggir á ítarlegu áliti valinkunnra sérfræðinga sem leitað er til. Til grundvallar liggur mat á nýjungum í vísindum og tækni en einnig mat á öðrum áhrifaþáttum nýsköpunar, sem líklegir eru til að skipta verulegu máli fyrir þróun atvinnulífs á Norðurlöndum. Nýsköpunarmiðstöðin tekur þátt í fjármögnun verkefna á viðkomandi áherslusviðum eftir mat á innsendum umsóknum. Leitast er við að hafa fulltrúa frá sem flestum norrænu landanna í verkefnahópnum ef því verður við komið. Þrátt fyrir þessa meginreglu um áherslusvið er enn tekið á móti umsóknum um einstök verkefni sem falla að markmiðum Nýsköpunarmiðstöðvarinnar þótt þau séu utan þeirra sviða sem áherslan er á á hverjum tíma.

Eftirfarandi áherslusvið voru í gangi eða á byrjunarstigi hjá Nýsköpunarmiðstöðinni á árinu:

1) *Nýsköpunarstefna.* Nýsköpunarmiðstöðin hefur undanfarin tvö ár fjármagnað verkefni er tengjast stefnumótun í nýsköpun. Þar eru dregnir fram þættir sem vel hafa reynst og aðrir sem að stefnumótun koma geta nýtt sér. Verkefnin hafa verið 3–5 árlega og tekið eitt til eitt og hálft ár í vinnslu. Íslendingar voru virkir þátttakendur í öllum þeim 5 verkefnum sem fjár-

mögnuð voru á árunum 2004 og 2005. Nýsköpunarmiðstöðin auglýsti í desember sl. eftir tillögum að nýjum verkefnum. Vali á nýjum verkefnum lýkur um mitt ár 2006 (www.nordicinnovation.net/category.cfm?id=1-829-56).

2) *Öryggi matvæla.* Nýsköpunarmiðstöðin hefur lagt áherslu á nýsköpun í matvælaiðnaði frá árinu 1993. Þetta endurspeglar þá staðreynd að matvælaiðnaðurinn er einn af stærstu og mikilvægustu iðngreinum á Norðurlöndum. Áherslan á þessum árum hefur m.a. verið á umbúðum, nýrri tækni í matvælaframleiðslu og öryggi matvæla. Nú eru í gangi fjögur verkefni er tengjast öryggi matvæla. Nýsköpunarmiðstöðin leiðir einnig verkefnið SAFEFOODERA, sem er mjög stórt Evrópuverkefni sem Nýsköpunarmiðstöðin hafði frumkvæði að. Íslendingar eru þátttakendur í þremur verkefnum af fjórum um öryggi matvæla og leiða SAFEFOODERA fyrir hönd Nýsköpunarmiðstöðvarinnar (www.nordicinnovation.net/article.cfm?id=1-834-621).

3) *Skapandi iðnaður.* Nýsköpunarmiðstöðin fjármagnar nú sex verkefni á sviði skapandi iðnaðar. Markmiðið er að auka þekkingu á þessum mikilvæga þætti nýsköpunarinnar þar sem upplifun og hughrif birtast í margskonar myndum. Leitast er við að greina almenna þætti sem geta styrkt þennan iðnað. Að þessu sinni er lögð áhersla á hönnun, tölvuleiki, spil og ferðamennsku er tengjast stórviðburðum s.s. íþróttakappleikjum og menningarviðburðum. Íslendingar eru þátttakendur í öllum verkefnunum sem lýkur um mitt ár 2006 (www.nordicinnovation.net/article.cfm?id=1-834-582).

4) *Stefnumótandi framsýni.* Nýsköpunarmiðstöðin hefur nokkur undanfarin ár tekið þátt í verkefnum á sviði stefnumótandi framsýni. Markmiðið er að afla þekkingar og upplýsinga fyrir þá sem vinna við stefnumótun á sviði nýsköpunar og tækniþróunar á Norðurlöndum. Að þessu sinni er fjármagnað norrænt net á sviði tæknilegrar framsýni og skoðaðar mismunandi aðferðir við að meta hvað framtíðin ber í skauti sér. Hingað til hefur hvert norrænu landanna notað sína aðferð. Ein aðferð mun gera samanburð og samskipti auðveldari auk þess sem kostnaður við slíkar greiningar dreifist á fleiri aðila. Íslendingar taka þátt í einu verkefni af þremur. Verkefnunum lýkur í desember 2006 (www.nordicinnovation.net/article.cfm?id=1-834-664).

5) *Byggingar framtíðarinnar.* Breytingar á kröfum til bygginga, framboð á nýju byggingarefni sem og tækniþróun í byggingartækni er kjarni þessa áherslusviðs. Norrænn byggingariðnaður er landfræðilega einangraður sem hefur takmarkað markaðsárangur hans þrátt fyrir að hann byggi á verulegri sérþekkingu, t.d. varðandi mannvirki úr tré og steinsteypu sem þola þurfa mikla áraun. Markmiðið er að tengja saman fagaðila á Norðurlöndum til að skapa ný samlegðaráhrif og nýjar afurðir. Vali verkefna verður lokið í byrjun árs 2006 (www.nordicinnovation.net/article.cfm?id=1-834-629).

6) *Örtækniáætlun.* Örtækni er nýr málaflokkur sem skipta mun miklu máli

fyrir atvinnuþróun framtíðarinnar. Örtæknin byggir á mjög háu þekkingarstigi og dýrum og flóknum búnaði. Norræn samvinna á þessu sviði mun skipta Íslendinga meginmáli þar sem slík samvinna stæði varla til boða annars staðar. Til grundvallar vali á þessu áherslusviði liggja m.a. áherslur rannsóknaráða landanna, þ.m.t. Vísinda- og tækniráðs Íslands. Markmiðið er að auka samkeppnishæfni Norðurlanda, sem fyrst og fremst verður gert með því að leiða saman aðila í rannsóknum og iðnaði. Að þessu sinni er lögð áhersla á efnis- og nematækni (material & sensor technology) tengd lífsstíl, heilsu og öryggi. Vali á verkefnum lýkur á miðju ári 2006 (www.nordicinnovation.net/article.cfm?id=1-834-694).

*7) Markfæði.* Functional food hefur verið nefnt markfæði á íslensku, en um er að ræða matvöru sem t.d. telst vera heilsufæði eða hafa annan skilgreindan tilgang umfram það að veita hefðbundna næringu. Markfæði er sá flokkur matvæla sem er talinn vaxa hvað hraðast eða um 15–20 prósent á ári. Markmið Nýsköpunarmiðstöðvarinnar með því að leggja áherslu á markfæði er að styrkja norrænan matvælaiðnað í að ná vænum hluta af þessum vaxandi markaði. M.a. er lögð áhersla á verkefni er tengjast umbótum á umhverfi iðnaðarins s.s. að samræma reglugerðir og ná samstöðu á milli hlutaðeigandi hagsmunaaðila, eins og neytenda, ransóknastofnana og iðnaðarins, um gildi markfæðis. Þá er einnig leitað að verkefnum er tengj-ast nýsköpun beint t.d. innan fiskiðnaðarins og mjólkuriðnaðarins. Vali á verkefnum lýkur á miðju ári 2006 (www.nordicinnovation.net/article.cfm?id=1-834-693).

Þá eru ótalin verkefni sem tengjast afnámi hindrana á milli norrænu landanna, en Nýsköpunarmiðstöðin sér um framkvæmd á pólitískum áherslum iðnaðarráðherranna á þessu sviði.

## 18. Efnahags- og fjármál

*Ráðherrafundir.*

Fjármálaráðherrar Norðurlanda (MR-FINANS) héldu tvo fundi á árinu. Sá fyrri var haldinn í Kaupmannahöfn 20. maí sl. Ráðherrarnir ræddu um stöðu og horfur í efnahagsmálum á Norðurlöndum á grundvelli skýrslu sem formennskulandið hafði unnið. Ráðherrarnir ræddu helstu breytingar á sviði skattamála, einkum skattlagningu á áfengi, þar sem m.a. kom fram að skattalækkun Finna á sterku áfengi væri þegar farin að hafa áhrif á neyslu. Á fundinum var hin nýja vefsíða Nordisk eTax (www.nordisketax.net) formlega opnuð og kynnt. Á seinni fundi ráðherranna sem haldinn var í Reykjavík í tengslum við þing Norðurlandaráðs í október var auk hefðbundinna umræðuefna til umfjöllunar verkefni sem unnið hefur verið í tengslum við formennsku Dana sem fjallar um aðbúnað stjórnvalda að rannsóknar- og þróunarstarfi.

*Helstu nefndir, skýrslur o.fl.:*

*Embættismannanefndin um efnahags- og fjármál (EK-FINANS) og ýmsir vinnuhópar.* Verkefni embættismannanefndarinnar eru fjölþætt. Meginverkefnið er að undirbúa ráðherrafundi og vera ráðgefandi í öllum málefnum sem varða starf ráðherranna á norrænum vettvangi. Nefndin hefur þannig yfirumsjón með skýrslugerð og greinargerðarskrifum fyrir ráðherrafundina. Jafnframt hafa gjarnan starfað sérstakir vinnuhópar á vegum nefndarinnar til að sinna ákveðnum verkefnum.

Eftirtaldir vinnuhópar hafa verið að störfum á síðasta ári:

a) *Efnahagsnefndin (Konjunkturgruppen).* Helsta verkefni nefndarinnar er að fjalla um ástand og horfur í efnahagsmálum, einkum á Norðurlöndum. Auk þess hefur nefndin iðulega fjallað um afmörkuð verkefni á sviði efnahagsmála sem eru ofarlega á baugi hverju sinni. Á hverju hausti skilar nefndin sérstakri skýrslu um efnahagsmál til fjármálaráðherranna sem síðan er gefin út á vegum Norðurlandaráðs. Var hún til grundvallar umræðum ráðherranna á haustfundi þeirra.

b) *Samstarfsnefnd um umhverfis- og efnahagsmál (Miljø- og økonomigruppen).* Sérstakur vinnuhópur starfar á vegum þeirra embættismannanefnda sem fjalla um efnahagsmál og umhverfismál. Meginverkefni hópsins eru almenn skoðanaskipti um umhverfismál út frá hagrænu sjónarmiði og notkun á hagrænum stjórntækjum í umhverfismálum. Starfsemin byggir að mestu á því að sérfræðingar eru fengnir til að skrifa skýrslur um tiltekin málefni á verkefnaskrá þessa samstarfs. Fyrirferðarmesta verkefnið á vegum nefndarinnar í ár var gerð skýrslu um hagræn stjórntæki á sviði umhverfismála sem auk Norðurlanda tekur nú til Eystrasaltsríkjanna.

c) *Rannsóknarhópur um greiningu hagvaxtar.* Á árinu lauk störfum sérstakur hópur sérfræðinga sem undanfarin tvö ár hefur unnið að því að greina uppruna hagvaxtar (growth accounting). Skýrsla hópsins hefur verið gefin út á vegum ráðherranefndarinnar.

d) *Samþætting fjárlagagerðar og jafnréttis.* Í íslensku verkefni sem er hluti af þessari vinnu er ætlunin að skoða hvernig fjármunir á sviði almannatryggingakerfisins dreifast á milli kynjanna. Stofnaður hefur verið stýrihópur sem stjórnar verkefninu og samanstendur hann af fulltrúum frá fjármálaráðuneytinu, Jafnréttisstofu og Tryggingastofnun ríkisins. Norræna verkefnið stendur til ársloka 2006, en áætlað er að íslenska verkefninu verði lokið nokkru áður. Norræna verkefninu lýkur með skýrslu og gerð handbókar um það hvernig nýta megi reynslu úr þessum tilraunaverkefnum til þess að samþætta kynja- og jafnréttissjónarmið á öðrum sviðum opinberrar starfsemi.

e) *Athugun á auknu samstarfi norrænna kauphalla.* Áfram er unnið að samvinnu um innleiðingu ESB-tilskipana á fjármálasviði og að öðru sem stuðlar að aukinni hagræðingu á norrænum verðbréfamörkuðum.

f) *Nefnd norrænna skattahagfræðinga.* Verkefni nefndarinnar er að fjalla um skattamál á Norðurlöndum, sérstaklega þau sem eru ofarlega á baugi hverju sinni. Á fundum nefndarinnar var farið yfir helstu skattabreytingar

liðins árs. Ákveðið var að stofna vinnuhóp sem skoða ætti áhrif skattbreytinga á vinnuframboð og leggja fram stutta skýrslu.

g) *Norræna launa- og starfsmannanefndin (Löne- och personalutskottet).* Helstu mál á fundum nefndarinnar á árinu voru: Hin árlega ákvörðun um stjórnarlaun stofnananna á nýju ári; áframhaldandi umræða frá fyrra ári um óánægju starfsmanna skrifstofanna í Kaupmannahöfn með launakjör og ráðningartímabil; umræða um hvort hinar tímabundnu ráðningar sem tíðkast hafa, standist lög í heimalöndunum og/eða reglur ESB; umræða um hvort dönsk starfsmannalög og –reglur gildi um starfsmenn skrifstofu Norrænu ráðherranefndarinnar; nýsköpunarstarf hjá ráðherranefndinni; umræða um skort á reglum um eftirlaunaaldur starfsmanna á skrifstofunum í Kaupamannahöfn; verkefnaráðningar á stofnunum og jafnréttisáætlun 2005–2007.

h) *Norræn starfsmannaskipti (nordisk tjenestemandsudveksling).* Markmiðið með norrænu starfsmannaskiptunum er að auka norræna samvinnu og hefur Norræna ráðherranefndin haft forgöngu um að gera ríkisstarfsmönnum á Norðurlöndum kleift að stunda tímabundið störf eða nám á starfsvettvangi sínum hjá ríkisstofnunum í öðru norrænu landi. Fjárframlag til starfsmannaskiptanna voru nokkru hærra en árið áður. Því var hægt að koma til móts við óskir fleiri umsækjenda en ella. Íslenskir styrkþegar voru níu og hlutu þeir styrki til eins til fimm mánaða dvalar auk greiðslu ferðakostnaðar. Flestir fóru sem fyrr til Danmerkur eða sjö. Einn fór til Svíþjóðar og einn til Noregs. Upplýsingar um starfsmannaskiptin er að finna á heimasíðu fjármálaráðuneytisins.

i) *Samstarf yfirmanna skattamála í fjármálaráðuneytum á Norðurlöndum.* Tilgangur samstarfsins er að skapa vettvang fyrir upplýsingamiðlun og skoðanaskipti milli landanna um þróun í skattamálum. Samstarfið er fólgið í árlegum fundi yfirmanna skattamála og frumvörp og skýrslur um skattamál eru send milli ráðuneytanna. Á fundinum var gerð grein fyrir helstu breytingum á skattalögum í hverju landi fyrir sig síðastliðið ár. Auk þess var rætt um breytingar í skattamálum innan ESB, einkum með tilliti til áhrifa þeirra á Norðurlöndin, en sú umræða er orðin fastur liður á þessum fundum. Einnig var rætt um OECD samstarfið. Að lokum er á þessum fundum almennt fjallað um einstök stærri mál á sviði skatta, sem einstök lönd óska eftir að ræða. Að þessu sinni höfðu Svíar framsögu um þróun skattkerfisbreytinga á Norðurlöndum.

j) *Norræna skattrannsóknarráðið.* Markmið skattrannsóknarráðsins er að stuðla að skattrannsóknum í lögfræði og hagfræði. Ráðið heldur fund einu sinni á ári auk þess sem árlega er haldin ráðstefna í einhverju aðildarlandanna þar sem tekin eru fyrir mismunandi rannsóknarverkefni á sviði skattamála. Þá gefur ráðið út árbók þar sem birtir eru fyrirlestrar og skýrslur frá ráðstefnu ársins. Á síðasta fundi ráðsins sem haldinn var í október sl. í Reykjavík var umfjöllunarefnið óvissar tekjur („Usikre indtægter“).

k) *Norrænn embættismannafundur í skattamálum.* Nefndin ræðir málefni er

varða norræna tvísköttunarsamninginn frá 1996 og tilgangurinn með fundum hennar er að ríkin ræði sín á milli þau vandamál er upp koma hverju sinni við túlkun samningsins og samræmi túlkun hans sín á milli. Tekin eru fyrir ákveðin áherslumál hverju sinni og á þessu ári hófst endurskoðun norræna tvísköttunarsamningsins. Samningaviðræður komust nokkuð vel áleiðis á síðasta fundi en nokkur álitamál eru enn útistandandi.

l) *Samstarf fjárlagastjóra Norðurlanda.* Fjárlagastjórar eru forstöðumenn þeirra skrifstofa í fjármálaráðuneytum norrænu landanna sem hafa umsjón með fjárlögum. Á fundum þeirra er fjallað um ýmis þau málefni sem eru efst á baugi í fjárlagagerð landanna hverju sinni. Enn fremur eru tiltekin mál tekin til umræðu sem hafa áhrif á fjárlagagerðina, stjórn ríkisfjármála, ríkisreksturinn og ákvörðun útgjaldaramma til lengri eða skemmri tíma. Tekin eru fyrir ákveðin áherslumál í ríkisrekstri hjá hverju ríki sem efst eru á baugi hverju sinni. Samstarfið er mikilvægur vettvangur til að skiptast á upplýsingum og reynslu af breytingum í ríkisfjármálum auk þess að auðvelda samskipti milli fjármálaráðuneyta ríkjanna.

m) *Sérfræðinganefnd um norræn fjárlög (Budgetexpertgruppen).* Hlutverk nefndarinnar er að skila faglegri umsögn um tillögu samstarfsráðherra um frumvarp til norrænu fjárlaganna, bæði tæknilegri og efnislegri. Nefndin tekur einnig til umfjöllunar afmörkuð mál sem samstarfsráðherrar vísa til hennar.

*Önnur starfsemi á vegum fjármálaráðherra.*

a) *Eystrasaltsnefndin (Baltikumudvalget).* Árið 1992 samþykkti Norðurlandaráð norræna fjárfestingaráætlun fyrir Eystrasaltsríkin sem miðaði að því að hjálpa litlum og meðalstórum fyrirtækjum og koma á fót sérstökum fjárfestingarbönkum í þessum ríkjum með árlegum fjárframlögum frá Norðurlöndum. Hlutverk nefndarinnar var að hafa eftirlit og yfirumsjón með þessu verkefni, m.a. í nánu samstarfi við fulltrúa Norræna fjárfestingarbankans, Evrópubankans í London (EBRD) og Norræna verkefnaútflutningssjóðsins. Áætluninni lauk formlega árið 2000 en nefndin hefur þó áfram fylgst með einstökum þáttum hennar eftir því sem þörf er á.

b) *Norrænu-baltnesku ráðgjafanefndirnar.* Tvær embættismannanefndir með þátttöku frá fjármálaráðuneytum og seðlabönkum landanna hafa það hlutverk að styrkja samstarf Norðurlanda og Eystrasaltsríkjanna til undirbúnings funda á vegum Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (IMFC), en það eru norræna-baltneska fjármálanefndin og norræna-baltneska fulltrúanefndin. Helstu verkefni nefndanna eru að undirbúa fundi í fjárhagsnefnd Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Einnig er nefndunum ætlað að skoða hvernig megi efla starf norrænu-baltnesku skrifstofunnar í Washington og gera tengsl hennar við stjórnvöld heima fyrir markvissari. Loks er nefndunum falið að fylgjast náið með öllu starfi innan sjóðsins, með milligöngu skrifstofunnar í Washington, og undirbúa þær ákvarðanir sem þar þarf að taka.

Auk þeirra verkefna sem hér hafa verið nefnd er rétt að vekja athygli á að fjármálaráðherrar Norðurlanda hafa um árabil haft náið samráð á vettvangi ýmissa alþjóðastofnana. Þannig hafa ráðherrarnir samráð fyrir fundi Alþjóðagjaldeyrissjóðsins eins og áður hefur verið minnst á. Ennfremur má nefna hliðstætt samráð vegna funda á vegum OECD. Meginlínurnar eru gjarnan lagðar á norrænum ráðherrafundum og þeim er fylgt eftir á hinum ýmsu fundum innan OECD, jafnt ráðherrafundum sem öðrum. Þá má nefna aðild ráðherranna að Eystrasaltsráðinu, ásamt fjármálaráðherrum Þýskalands, Póllands, Eistlands, Lettlands og Litháens, en þessir aðilar halda að jafnaði einn fund á ári.

## 19. Húsnæðis- og byggingarmál

Árið 2005 var síðasta ár samstarfsáætlunar í húsnæðis- og byggingarmálum sem gilti fyrir tímabilið 2002–2005. Það var jafnframt síðasta ár formlegs samstarfs á vegum norrænu ráðherranefndarinnar um húsnæðis- og byggingarmál (MR-BO) sem rekja má aftur til áttunda áratugarins. Samstarfsáætlunin skiptist í þrjú meginsvið: *Félagsleg húsnæðismál, sjálfbær þróun húsnæðis- og byggingargeira auk borgarstefnu.*

Áform um skipulagsbreytingar hjá Norrænu ráðherranefndinni höfðu mikil áhrif á starfsemi ársins og á fyrsta fundi embættismannanefndarinnar voru kynntar tillögurnar um að leggja niður formlegt samstarf á sviði húsnæðis- og byggingarmála innan Norrænu ráðherranefndarinnar.

Hætt var við frekari vinnu við gerð nýrrar samstarfsáætlunar og ráðherrafund sem boðaður hafði verið. Á síðasta fundi embættismannanefndarinnar í nóvember sl. kom fram samdóma álit allra landanna að samstarf á þessum vettvangi væri mikilvægt og nauðsynlegt væri að tryggja því nýjan farveg. Ákveðið var að halda samstarfinu áfram með óformlegum hætti og án atbeina Norrrænu ráðherranefndarinnar. Löng hefð er fyrir samstarfi á þessum vettvangi og hafa norrænar stjórnsýslustofnanir á sviði húsnæðismála haft með sér óformlegt samstarf í yfir 50 ár.

Samþykkt var að halda samstarfinu áfram með því að funda a.m.k. árlega samhliða ráðstefnu um ákveðin málefni. Ákveðið var að ábyrgð á undirbúningi og umsjón með óformlega samstarfinu hvíli á því landi sem fer með formennsku í Norrænu ráðherranefndinni hverju sinni.

Í tengslum við þessar breytingar samþykktu húsnæðisráðherrar Norðurlanda að fela nýju ráðherranefndinni MR-NER umsjón með því að ljúka verkefninu „Action Plan for increased exchange in the building sector between countries in the Northern Dimension region“. Verkefnið var samþykkt á húsnæðisráðherrafundi í nóvember árið 2004. Umhverfisráðuneytið hefur einnig komið að verkefninu og er gert ráð fyrir að samráð verði haft við félagsmálaráðuneytið og umhverfisráðuneytið um framvindu verkefnisins. Embættismannanefndin um iðnaðar- og atvinnumál tók málið fyrir á fundi sínum í ágúst sl.

*Ráðstefnur og rannsóknarstarf.*

Á formennskuári Íslands 2004 var lögð rík áhersla á samstarf við Vestur–Norðurlönd og undirbúið málþing um söfnun og tengingu mannfjölda- og húsnæðisupplýsinga á vestursvæði Norðurlanda. Málþingið fór fram á Íslandi í byrjun janúar og var hugsað sem undirbúningur fyrir sameiginlegt verkefni um endurskoðun og endurbætur á húsnæðisupplýsingakerfum landanna þriggja. Fulltrúar frá Hagstofu Íslands, Fasteignamatinu, Íbúðalánasjóði, félagsmálaráðuneytinu, Almanna- og heilsumálaráðinu, Hagstofu Færeyja og heimastjórn Grænlands sóttu málþingið. Niðurstöður málþingsins voru tillögur um áframhaldandi samstarf en ekkert verður af því vegna skipulagsbreytinganna.

Í janúar var einnig haldið málþing í Ósló undir heitinu „Utvikling av nordisk bolig-, bygge- og boforholdstatistikk“. Í skýrslu til embættismannanefndarinnar (EK-BYGG) um ráðstefnuna kemur fram að samstarf á þessu sviði er talið mikilvægt og settar fram tillögur um framhald á því. Í nóvember var haldin ráðstefna í Árósum um borgarstefnu og húsnæðismál á Norðurlöndum. Á ráðstefnunni var kynnt skýrsla vegna verkefnis um samanburð á borgarstefnu Norðurlanda undir heitinu: „Implementering af bypolitik i Norden“ (TemaNord 2005:502).

Á árinu var unnið að verkefni um samhengi byggðaþróunar og húsnæðismála undir heitinu „Centerperiferi polariseringens problematik och följder – Om samspelet mellan regional utveckling och bostadspolitik i Norden“. Verkefnið var sett á laggirnar að tilhlutan Íslands á formennskuárinu en það er samstarfsverkefni embættismannanefndanna um húsnæðis- og byggingarmál og um byggðamál. Verkefnið er unnið undir stjórn Rannsóknamiðstöðvar Viðskiptaháskólans í Bifröst.

## 20. Neytendamál

Á fundi norrænu ráðherranefndarinnar um neytendamál (MR-KONS) í ágúst 2004 var samþykkt ný norræn samstarfsáætlun fyrir norrænt samstarf á sviði neytendamála 2005-2010. Í hinni nýju samstarfsáætlun er að finna tvö meginmarkmið fyrir norræna samvinnu á sviði neytendamála, þ.e. í fyrsta lagi að auka neytendavernd á Norðurlöndum og í Evrópu og í öðru lagi að stuðla að því að neytendur búi yfir fullnægjandi upplýsingum svo unnt sé að auka frjálst val þeirra og þátttöku í frjálsri samkeppni. Undir forystu Danmerkur var því hafist handa í ársbyrjun við að koma ýmsum atriðum í samstarfsáætluninni til framkvæmda á árinu. Á grundvelli samstarfsáætlunarinnar voru því samþykkt og sett af stað verkefni sem miða að því að veita nánari upplýsingar um stöðu neytenda á framan greindum áherslusviðum. Unnið var að gerð skýrslu þar sem reynt er að varpa ljósi á það hvort neytendur geta með auðveldum hætti fært viðskipti sín milli fjármálastofnana. Samþykkt var að vinna að gerð skýrslu þar sem skýrð verða nánar ákvæði í nýjum neytendakaupalögum á Norðurlöndum en þau ákvæði byggja öll á tilskipun ESB um þetta efni.

Á formennskuári Íslands árið 2004 samþykkti ráðherranefnd neytendamála að efna til norrænnar samkeppni um fræðsluefni til kennslu um neytendamál í grunnskólum. Bárust 24 tillögur og af þeim var valið eitt framlag frá hverju þátttökulandi og var það hlutverk samnorrænnar dómnefndar að velja það kennsluefni sem hljóta skyldi verðlaunin sem voru 100 þús. d.kr. Fyrir valinu varð framlag Íslands til keppninnar sem ber heitið „Raunveruleikurinn“ en höfundur þess er Ómar Örn Magnússon. Verðlaun í samkeppninni voru afhent í tengslum við Norðurlandaráðsþing sem haldið var í Reykjavík í október sl.

Danir efndu til norrænnar ráðstefnu í lok september sl. í tengslum við ráðherrafund neytendamála. Á ráðstefnunni flutti fjöldi fyrirlesara erindi um „norræna neytendamarkaði 2005“ og kynntu m.a. rannsóknir sínar. Af erindum þeirra er ljóst að gagnsæi markaða verður sífellt minna og auka verður áherslu á að auðvelda neytendum að geta gert raunhæfan samanburð á þeim tilboðum sem seljendur vöru og þjónustu setja fram hverju sinni.

Á ráðherrafundi neytendamála var fjallað um tillögur samstarfsráðherra Norðurlanda um að leggja niður ráðherranefnd neytendamála. Á fundi sínum samþykktu ráðherrarnir að áfram skyldi stefnt að samvinnu milli norrænu landanna á sviði neytendamála þrátt fyrir að það samstarf yrði ekki framar framkvæmt á hinum formlega vettvangi Norrænu ráðherranefndarinnar. Ráðherrarnir samþykktu að til að leiða áfram slíkt samstarf skuli stofnsett nefnd embættismanna á vegum ráðuneyta eða norrænna stofnana sem bera ábyrgð á neytendamálum í hverju landi fyrir sig. Ráðherranefndin samþykkti starfsreglur fyrir nefndina og óskaði jafnframt eftir því að nefndin boðaði norræna ráðherra sem bera ábyrgð á neytendamálum í hverju landi fyrir sig til sérstakra óformlegra funda þegar ástæða þætti til. Hið nýja fyrirkomulag á norrænu samstarfi á sviði neytendamála tekur gildi frá ársbyrjun 2006. Samstarf Norðurlanda á sviði neytendamála hefur frá upphafi verið einkar gott og árangursríkt ekki síst fyrir Ísland. Lýkur því nú merkum kafla í samstarfinu en þess er vænst að áfram eigi sér stað öflugt samstarf milli norrænu ríkjanna utan hins formlega skipulags. Samstarfsaðilar á sviði neytendamála telja mikilvægt að í framtíðinni verði starfræktur sérstakur sjóður á vettvangi samstarfsráðherra Norðurlanda þar sem unnt verði að sækja áfram um styrki til að framkvæma ýmis verkefni sem Norðurlöndin telja mikilvægt að unnið sé að með svipuðum hætti og hefur tíðkast á undanförnum áratugum í norrænu samstarfi.

Á vefsíðu Norrænu ráðherranefndarinnar (www.norden.org) er að finna yfirlit um þær margvíslegu skýrslur sem gerðar hafa verið á vegum norræns samstarfs á sviði neytendamála. Af þeim lista má glöggt greina að norrænt samstarf á sviði neytendamála hefur verið árangursríkt og því mikilvægt að í framtíðinni verði áfram unnt að vinna með svipuðum hætti að sameiginlegum málum enda mikil skilvirkni fólgin í því að ekki séu gerðar margar rannsóknir á Norðurlöndum um sömu eða fyllilega sambærileg mál.

## 21. Málefni dómsmálaráðuneytisins

**Samstarf um löggjafarmál.**

Norrænt samstarf dómsmálaráðuneytanna um löggjafarmálefni byggist að meginstefnu til annars vegar á samstarfsáætlun og hins vegar formennskuáætlunum sem gefnar eru út ár hvert.

Norrænir dómsmálaráðherrar (MR-LOV) hittast einu sinni á ári. Að öðru leyti á samstarfið sér stað undir yfirstjórn norrænu embættismannanefndarinnar um löggjafarsamstarf (EK-LOV) þar sem unnið er að samræmingu samstarfsins, sameiginleg hagsmunamál rædd, og enn fremur ný eða væntanleg löggjöf, og styrkir veittir til einstakra norrænna verkefna. Um einstök réttarsvið eða álitaefni er fjallað í vinnuhópum, sem skipaðir eru embættismönnum eða sérfræðingum í ráðuneytunum. Þá kemur fyrir að embættismannanefndin setji á laggirnar sérstaka vinnuhópa sem hljóta styrk frá Norrænu ráðherranefndinni.

Ný samstarfsáætlun var samþykkt af dómsmálaráðherrum Norðurlanda á fundi þeirra á Skagen í júní sl. Hana ber að endurskoða í síðasta lagi árið 2009. Í áætluninni koma fram megináherslur norræns löggjafarsamstarfs og þær meginreglur sem það byggir á. Samstarfið miðar m.a. að því að styrkja lýðræði í ákvarðanatökuferli á Norðurlöndum og auka réttaröryggi þeirra sem búa eða dveljast þar. Í áætluninni kemur fram að löggjafarsamstarfið eigi að miða við „norrænt notagildi“. Miðað skuli að samræmingu löggjafar, þó ekki þannig að reglur eigi endilega að vera þær sömu. Umfang, nauðsyn og eðli samstarfs um löggjöf á Norðurlöndum geti verið mismikið á hinum ýmsu sviðum réttarins. Á sviði einkamálaréttar hafi verið hefð fyrir að ná sérlega víðtækri samræmingu löggjafar. Þessu samstarfi beri að halda áfram og þróa frekar. Auk þess sé vaxandi þörf fyrir norrænt samstarf á sviði refsiréttar og löggæslu. Á þeim réttarsviðum þar sem ekki megi búast við samræmingu löggjafar, t.d. vegna mismunandi siðferðislegs gildismats eða munar á stjórnskipun, geti eigi að síður verið gagnlegt að skipast á upplýsingum og miðla reynslu. Loks er í samstarfsáætluninni fjallað um hlutverk norræns löggjafarsamstarfs í evrópsku og öðru alþjóðlegu samhengi, en það er í stuttu máli að láta að sér kveða þegar tækifæri gefst og ástæða er til.

Auk samþykktar á nýrri samstarfsáætlun voru ýmis önnur mál á dagskrá á áðurgreindum ráðherrafundi. Ber þar hæst samþykkt á nýjum norrænum samningi um framsal vegna refsiverðra verknaða milli norrænu landanna (norrænni handtökuskipun). Þess má geta að samningurinn var undirritaður af Íslands hálfu í desember sl. Þá ræddu ráðherrarnir um sáttaumleitanir í einkamálum og refsi-málum, og einnig um svonefnda dómstólavæðingu (judikalisering).

Af öðrum áherslumálum á árinu má nefna baráttuna gegn hryðjuverkum, einkum í sambandi við fullgildingu á nýjum Evrópuráðssamningi gegn hryðjuverkum, og baráttuna gegn spillingu, m.a. vegna nýs samnings S.þ. gegn spillingu. Þá voru forgangsmál rædd í eftirtöldum óformlegum starfshópum (sem ekki fá fjárveitingu af norrænum fjárlögum): sérfræðingahópi um sifjarétt, starfshópi ráðuneytanna um refsirétt, starfshópi um endurskoðun norrænna framsalsreglna (sbr. lög um framsal sakamanna til Danmerkur,

Finnlands, Noregs og Svíþjóðar nr. 7 14. mars 1962) og starfshópi um endurskoðun norrænna reglna um fullnustu refsidóma (sbr. lög um fullnustu refsidóma, sem kveðnir hafa verið upp í Danmörku, Finnlandi, Noregi eða Svíþjóð o.fl. nr. 69 12. desember 1963).

Einnig var starfandi starfshópur um samstarf Norðurlanda og Eystrasaltsríkjanna og er hans helsta hlutverk að undirbúa fundi dómsmálaráðherra þessara ríkja sem haldnir eru einu sinni á ári. Í áðurnefndri samstarfsáætlun norrænu dómsmálaráðherranna segir að samstarfið við Eystrasaltsríkin hafi áður fyrr miðað að því að stuðla að þróun í átt að lýðræði í Eystrasaltsríkjunum og efla sameiginlegt réttarfar, en það hafi þróast í þá átt að vera samstarf átta jafnrétthárra ríkja (NB8) í ljósi þess að áframhaldandi og náið samstarf á svæðinu sé mikilvægt í stækkuðu ESB og gagnvart ríkjum utan ESB.

*Málefni flóttamanna.*

Samráðsnefnd háttsettra embættismanna um málefni flóttamanna (NSHF) fjallar um stefnumótun í málum flóttamanna. Samráðsnefndin hefur komið saman síðan laust eftir 1990. Upphaflega var eingöngu fjallað um málefni hælisleitenda og flóttamanna, en fljótlega þróaðist samstarfið í að verða alhliða samstarfsvettvangur ráðuneyta sem að útlendingamálum koma á Norðurlöndum. Fara þar einnig fram upplýsingaskipti milli stjórnvalda um málefni útlendinga almennt, þar á meðal um móttöku flóttamanna, um breytingar á framkvæmd mála er varða flóttamenn, ákvarðanatöku í slíkum málum, heimflutning, tölfræðiupplýsingar o.fl. Samstarf er einnig um öflun upplýsinga vegna aðstæðna í löndum þaðan sem flóttamenn koma, m.a. með miðlun skýrslna sem sendinefndir einstakra landa gera. Þá er haft samráð um ýmis atriði er varða útlendingaeftirlit, m.a. með hliðsjón af norræna vegabréfasambandinu og Schengen-samstarfinu, sem kom að fullu til framkvæmda á Norðurlöndum í mars 2001, og þar með atriði er varða framkvæmd Dyflinnarsamnings ESB-ríkjanna sem Ísland og Noregur eru nú einnig aðilar að. Þá hafa verið rædd á fundunum atriði sem varða verslun með konur og um innflutning vinnuafls.

Starf nefndarinnar á árinu fólst einkum í tveimur fundum og einum undirnefndarfundi sem allir voru sóttir af hálfu Íslands. Fyrsti fundurinn var haldinn í Helsingfors í janúar. Þá hittist starfshópur á vegum NSHF í Stokkhólmi í maí til að ræða þau atriði sem lúta að útlendinga- og hælismálum í tillögum framkvæmdastjórnarinnar í framkvæmdaáætlun ESB um að fylgja eftir Haag-áætluninni. Fulltrúum Eystrasaltsríkjanna var einnig boðið á þennan samráðsfund. Annar fundur nefndarinnar var haldinn í Varkaus í júní en þá var einnig haldinn ráðherrafundur þar sem boðið var fulltrúum frá Flóttamannastofnun S.þ. (UNHCR), skrifstofu S.þ. í Kosovo (UNMIK) og Alþjóðastofnun um fólksflutninga (IOM).

*Björgunarsamstarf.*

Norræn samvinna um björgunarsamstarf (NORDRED) tekur til samstarfs yfir landamæri og miðar að því að koma í veg fyrir eða takmarka tjon á

mönnum, eignum eða umhverfi vegna slysa eða óhappa. Markmiðið er að veita gagnkvæma aðstoð og auðvelda að hjálparlið og búnaður komist sem allra fyrst á vettvang. Ísland hefur tekið þátt í þessu samstarfi undanfarin ár en það byggist á rammasamningi um björgunarþjónustu frá árinu 1989 milli Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar. Ísland er formlegur aðili samningsins.

Almannavarnadeild ríkislögreglustjórans fer með samstarf það í leitar- og björgunarmálum er leiðir af aðild Íslands. Samnorræn framkvæmdanefnd er vettvangur reglulegra funda fulltrúa Norðurlanda og stýrir hún samstarfinu. Heimasíða NORDRED er www.nordred.org.

Löndin skiptast á um formennsku til þriggja ára í senn og lýkur hverju tímabili með því að haldin er norræn björgunarráðstefna og gjarnan æfing tengd henni. Íslendingar hafa farið með formennsku í norrænni samvinnu um björgunarsamstarf frá því í maí 2003 en Finnar taka við í maí 2006. Samhliða því verður haldin björgunarráðstefna og skrifborðsæfing í Reykjavík. Þetta er í fyrsta sinn sem Ísland heldur ráðstefnu og æfingu af þessu tilefni. Norræna ráðherranefndin styrkir NORDRED björgunarráðstefnurnar og æfingarnar.

## 22. Norrænar stofnanir á Íslandi

### 22.1. Norræna húsið

Norræna húsið hefur staðið fyrir öflugri og fjölbreyttri dagskrá á starfsárinu. Eitt stærsta verkefni Norræna hússins á árinu var kvikmyndahátíð sem haldin var í október mánuði til að vekja athygli á kvikmyndaverðlaunum Norðurlandaráðs sem veitt voru í fyrsta skipti í ár. Á hátíðinni voru allar myndirnar sem tilnefndar voru sýndar í Háskólabíói, tvær frá Danmörku, Noregi, Svíþjóð, Finnlandi og Íslandi. Hingað til landsins komu framleiðendur myndanna, leikstjórar og leikarar og tóku þátt í málstofu sem haldin var í tilefni hátíðarinnar.

Í byrjun mars stóð Norræna húsið einnig fyrir norsk-sænskri kvikmyndahátíð sem ætluð var grunnskólanemum og haldin var í sal hússins.

Í tengslum við afhendingu bókmenntaverðlauna Norðurlandaráðs sem íslenski rithöfundurinn Sjón hlaut að þessu sinni, blés bókasafn Norræna hússins til mikillar bókmenntaveislu þar sem fyrrum handhöfum verðlaunanna var boðið til landsins. Dagskráin bar yfirskriftina „Og sigurvegarinn er...“. Gestir lásu upp úr verkum sínum og flutt voru verk eftir tónskáldið Hauk Tómasson sem hlaut tónlistarverðlaun Norðurlandaráðs 2004.

Í desember stóð bókasafnið jafnframt fyrir þremur upplestrum í hádeginu á þriðjudögum. Fram komu rithöfundar og þýðendur og lásu upp úr verkum sínum. Það er nýjung að bókasafn hússins skuli standa fyrir og skipuleggja sérstaka dagskrá og eykur það á vægi bókasafnsins í starfsemi hússins.

Norræna húsið tók þátt í „Norrænum dögum“ í Smáralindinni í október sl. þar sem starfsemi hússins var kynnt fyrir gestum og gangandi.

*Dagskrá fyrir börn og unglinga.*

Á sunnudögum hafa með reglulegu millibili verið kvikmyndasýningar fyrir börn. Barnabíóið er þáttur í verkefninu Norðurlöndin í fókus sem hefur það að markmiði að miðla norrænni menningu meðal barna og fullorðinna. Í apríl var leikbrúðuland með sýningar fyrir leikskólabörn. „Daglegt líf á Norðurlöndum“ var yfirskrift sýningar sem haldin var í Ráðhúsinu á vegum Norræna hússins í sambandi við Norðurlöndin í fókus. Á sýningunni mátti sjá skrásetningu fimm nemenda í sjötta bekk grunnskóla Reykjavíkur á sínu daglega lífi. Kammerhópurinn Camerarctica var með tvenna barnatónleika, þeir fyrri voru í júní og þeir síðari voru haldnir á „Norrænum dögum“ í Smáralind í október sl. Sumarnámskeið í dönsku talmáli var haldið í júní. Annað námskeið fyrir börn sem búið hafa í Danmörku var haldið um haustið og var afar vel sótt. Í október var leikhópurinn „Scene 1“ frá Kaupmannahöfn með grímu- og brúðuleikhússýninguna „Konan frá hafinu“ sem ætluð var unglingum.

Í samstarfi við Möguleikhúsið stóð Norræna húsið fyrir lifandi leiklestri upp úr sögu Selmu Lagerlöf „Ævintýraferð Nilla Hólmgeirssonar um Svíþjóð“ í tilefni af norrænu bókasafnsvikunni „Í ljósaskiptunum“ í nóvember.

*Sýningarsalur.*

Starfsárið hófst með opnun sýningar norsku listakonunnar Tonje Ström sem bar heitið Næturhöfuð. Í febrúar bauð Norræna húsið gestum sínum á Safnanótt þar sem frumsýnd var nýjasta mynd Lars von Trier, „The Five Obstructions“. Einnig voru sýndar átta stuttmyndir og lesið upp úr norrænum samtímabókmenntum. Í mars var opnuð samsýning sex listamanna, „Farfuglarnir“. Sölusýning á verkum norska myndlistamannsins Örnulf Opdahl var opnuð í lok apríl og í júní opnaði sumarsýningin „Grús“. Sýningin var samsýning þriggja ungra íslenskra listamanna, Ásdísar Sifjar Gunnarsdóttur, Helga Þórssonar og Magnúsar Loga Kristinssonar. Sérstök heimasíða var opnuð í tilefni sýningarinnar.

„Innan Ingmar blev Bergman“ var yfirskrift heimildarsýningar í september og október mánuði um líf Ingmars Bergmans. „Föðurmorð og nornatími“ var athyglisverð samsýning ungra listamanna sem opnaði í lok október. Sýningin var framlengd vegna góðra viðtaka og stóð fram í nóvember. Síðasta sýning ársins „Expand“ var samsýning þriggja ungra listamanna frá Álandi.

*Anddyri.*

Í mars sýndi Maya Petersen Overgaard útskriftarverkefni sitt frá Listaháskólanum í Kaupmannahöfn árið 2004 sem bar yfirskriftina „Hinsti staðurinn“. Sýningin „Vorvindar“ var opnuð í byrjun apríl þar sem sýndir voru 25 silfurskúlptúrar eftir Sigurð Hrafn Þórólfsson gullsmið. Í lok apríl var opnuð sýning með verkum eftir David Shale, „Undraheimur hafdjúpanna“.

„Frá rúnum til rúmteppa“ var heiti á sýningu sem opnuð var í byrjun september þar sem sautján danskar listakonur sýndu bútasaumsveggteppi. Sölusýningin „Hringurinn í hnotskurn“ frá Gallerí Fold í Noregi var opnuð í

nóvember mánuði. Á sýningunni sýndu norskir, sænskir og danskir hönnuðir hringa sem vöktu mikla athygli.

*Ráðstefnur.*

Í samvinnu við Norrænu ráðherranefndina, Norðurlandaráð og Norðurlöndin í fókus bauð Norræna húsið til opins fundar í mars til að ræða stöðu norræna velferðarkerfisins. Í maí hélt Norræna húsið í samstarfi við Stofnun Sigurðar Nordals umræðufund um þýðingar og útgáfu á íslenskum fornbókmenntum á skandinavískum málum. Bókmenntahátíðin í Reykjavík var haldin í september í samstarfi við Norræna húsið. Dagskráin stóð í viku, var glæsileg og vel sótt. Norrænt rithöfundaþing var á dagskrá í október í samstarfi við lektora háskólans.

*Tónleikar.*

Finnska dúóið Nordic Scapes með sópran söngkonunni Sirkku Wahlroos og píanóleikaranum Sampsa Konttinen hélt tónleika með yfirskriftina „Norrænar ljóðmyndir – tímalaus tónlist“. KaSa hópurinn hélt tónleika í Norræna húsinu í mars þar sem Dimitri Askenazy klarinettuleikari var sérstakur gestur.

Í apríl hélt finnski píanóleikarinn Kirsti Huttunen fyrirlestur og tónleika tileinkaða Franz Liszt.

Tveir kórar heimsóttu Norræna húsið í byrjun maí, þ.e. dómkirkjukór Gautaborgar undir stjórn Ann-Marie Rydberg og Karjalan Käköset frá Finnlandi undir stjórn Irma-Sisko Norontaus. Grænlenski flautuleikarinn Arnannguaq Janna Gerstrøm ásamt danska píanóleikaranum Kirsten Beyer Karlshøj héldu tónleika og í lok mánaðarins var norrænn jazz á boðstólum með saxófónleikaranum Esa Pietilä í fararbroddi. Camerarctica hélt sína árlegu sólstöðutónleika í júní. Í maí mánuði hélt norski píanóleikarinn Joachim Kjelsaas Kwetzinsky tónleika ásamt klarínettuleikaranum Andjei Maevski. Karlakórinn Os frá Hörðalandi í Noregi hélt tvenna tónleika í júlí.

Í ágúst voru þrennir tónleikar: Trio i ein Fjord með norsku söngkonunni Reidun Horvei, Knut Hamre á harðangursfiðlu og píanóleikaranum Geir Botnen; ljóðskáldið Kristín Bjarnadóttir og bandeonleikarinn Carlos Quilici voru með tangódagskrá í tali og tónum og á Menningarnótt spiluðu Benjamin Koppel á saxófón, Thommy Anderson á kontrabassa, Axel Riel á trommur ásamt Eyþóri Gunnarssyni fyrir troðfullu húsi. Franski píanóleikarinn Nicolas Stavy hélt tónleika fyrir gesti í lok október og í byrjun nóvember voru tónleikar með færeysku hljómsveitinni Yggdrasil ásamt Eyvøru Pálsdóttur. Þrennir jólatónleikar í boði hússins voru haldnir á aðventunni. Simon Rosenbaum skemmti gestum með píanóleik, söng og sögum í byrjun desember. Norska jazzbandið Roundtrip spilaði jólajazz og á síðustu tónleikum starfsársins komu fram sópransöngkonan Björg Þórhallsdóttir, fiðluleikarinn Hjörleifur Valsson og píanóleikarinn Árni Heiðar Karlsson og fluttu jólalög úr ýmsum áttum í bland við klassískar söngperlur.

## 22.2. Norræna eldfjallasetrið (NORDVULK)

Norræna eldfjallasetrið (Nordisk Vulkanologisk Center) hefur verið starf-

rækt innan Jarðvísindastofnunar Háskólans síðan á miðju ári 2004, eftir að starfsemi Norrænu eldfjallastöðvarinnar fluttist til Háskóla Íslands samkvæmt samningi á milli Norrænu ráðherranefndarinnar og Háskólans, með fulltingi menntamálaráðuneytisins. Samkvæmt samningnum sem gildir til ársloka 2007, þá er Norræna eldfjallasetrið á norrænum fjárlögum og öllum verkefnum Norrænu eldfjallastöðvarinnar er þar haldið áfram. Framlög af norrænum fjárlögum til starfsemi Norræna eldfjallasetursins voru áætluð óbreytt 2004 og 2005, en hafa þó minnkað að raungildi árið 2005 vegna sterkrar stöðu íslensku krónunnar gagnvart þeirri dönsku (núverandi samningur kveður á um fjárframlag í dönskum krónum). Á árunum 2006 og 2007 eiga fjárveitingar til Norræna eldfjallasetursins að lækka, en til þess að vega upp á móti þeirri lækkun hefur menntamálaráðuneytið aukið fjárveitingar til starfseminnar.

Við yfirfærslu verkefna Norrænu eldfjallastöðvarinnar til Háskóla Íslands urðu verulegar breytingar á rekstrinum. Öllu starfsfólki Norrænu eldfjallastöðvarinnar var sagt upp, en þeim samtímis boðin störf við Jarðvísindastofnun Háskólans við sambærileg störf og áður, að undanskildum stjórnunarstörfunum. Starf forstöðumanns Norrænu eldfjallastöðvarinnar var lagt niður, og forstöðumaðurinn ráðinn sem sérfræðingur til Norræna eldfjallasetursins. Forstöðumaður Jarðvísindastofnunar Háskólans, Ólafur Guðmundsson, hefur yfirtekið ábyrgð á rekstri Norræna eldfjallasetursins. Jafnframt hefur hann tilnefnt Freystein Sigmundsson sem umsjónarmann Norræna eldfjallasetursins, en hann mun hafa umsjón með norrænum styrkþegum við setrið sem og öðrum norrænum og alþjóðlegum samskiptum í tengslum við setrið.

Á árinu héldu Norræna eldfjallasetrið og Jarðvísindastofnun Háskólans áfram norrænum verkefnum og tengslum innan eldfjallafræði og skildra faggreina á sama hátt og Norræna eldfjallastöðin gerði áður. Í stað stjórnar Norrænu eldfjallastöðvarinnar starfar nú norræn verkefnanefnd skipuð einum vísindamanni frá hverju norrænu landanna. Verkefnanefndin hefur ráðgjafarhlutverk, sérstaklega hvað varðar norræna vídd starfseminnar. Verkefnanefndin skipar einn fulltrúa af fimm í stjórn Jarðvísindastofnunar, en þar sitja að auki þrír fulltrúar starfsmanna stofnunarinnar, og einn alþjóðlegur fulltrúi (erlendur vísindamaður). Þannig hefur stjórn Jarðvísindastofnunar bæði norræn og alþjóðleg viðmið. Ný stjórn Jarðvísindastofnunar Háskólans hefur nú verið kjörin til fjögurra ára. Rekstrar- og stjórnskipulag Norræna eldfjallasetursins innan Jarðvísindastofnunar og stofnunarinnar í heild er enn í mótun og mun miðast við að samnýta þá aðstöðu og sérþekkingu sem nú er saman komin innan Jarðvísindastofnunar Háskólans á eins skilvirkan hátt og mögulegt er. Samnýting tækja og mannauðs nýtist eldfjallasetrinu vel en á móti kemur að opinber fjármögnun norrænna rannsóknaverkefna og rekstrar af norrænum fjárlögum verður lakari en áður.

Mikilvægasti liðurinn í norrænni starfsemi felst enn sem fyrr í stöðum fyrir unga norræna vísindamenn á Norræna eldfjallasetrinu. Fimm slíkar stöður eru veittar á hverju ári til eins árs í senn. Þessar stöður hafa verið einn af horn-

steinum norrænnar eldfjallafræði allt frá stofnun Norrænu eldfjallastöðvarinnar. Þar að auki er eitt stöðugildi norræns sérfræðings við setrið. Ráðið var í stöðuna til bráðabirgða snemma á árinu en staðan hefur verið auglýst aftur til ráðningar til 2–4 ára.

Árið 2005 var fyrsta heila starfsárið þar sem starfsemi Norræna eldfjallasetursins var í nýjum húsakynnum í Öskju, hinu nýja Náttúrufræðahúsi Háskólans. Samnýting rannsóknaraðstöðu var höfð að leiðarljósi við hönnun húsnæðisins. Flutningi tæknibúnaðar fylgdu ýmsar aðlögunartafir sem voru að mestu yfirstaðnar á árinu. Aukin og breytt umsvif í opnu rannsóknaumhverfi hafa þegar orðið norrænum eldfjallarannsóknum til góðs og norrænir styrkþegar leita þegar leiðbeinenda innan Jarðvísindastofnunar í heild. Sá rannsóknarhópur á Jarðvísindastofnun sem með einhverjum hætti tengist Norræna eldfjallasetrinu hefur stækkað og er nú um 30 manns. Kjarni rannsóknarhóps Norræna eldfjallasetursins saman stóð í lok ársins af átján vísindamönnum, þar af eru átta erlendir.

*Norræn verkefni og samstarf.*

Fjórir nýjir norrænir styrkþegar hófu störf á árinu við Norræna eldfjallasetrið og einn til viðbótar fékk framlengingu á sinni stöðu. Einn þeirra sem lauk störfum hélt áfram rannsóknarvinnu sinni við Háskólann í Stokkhólmi, en sú vinna tengist jarðefnafræðilegum rannsóknum á fyrirboðum jarðskjálfta. Vísbending er um að efnasamsetning vatns í borholu við Húsavík hafi breyst fyrir jarðskjálfta sem þar varð í september 2002. Rannsóknarverkefni nýju styrkþeganna varða bergfræði framandsteina úr djúpskorpu eða efri möttli jarðar, myndun sprengigíga í basaltgosum vegna snertingar grunnvatns og kviku, og jarðskorpuhreyfingar á Suðurlandi.

Sænskur vísindamaður var ráðinn í stöðu norræns sérfræðings við stofnunina, en áhersla er lögð á að á hverjum tíma sé a.m.k. einn þeirra sem leiða rannsóknir á Norræna eldfjallasetrinu frá einhverju hinna norrænu landanna. Einn danskur vísindamaður með styrk frá Rannís vinnur að rannsóknum á jarðskorpuhreyfingum með mælingum úr gervitunglum.

*Alþjóðleg verkefni og samstarf.*

Eitt þeirra alþjóðlegu verkefna sem unnin eru á Norræna eldfjallasetrinu er samstarf um rannsóknir á ískjörnum úr Grænlandsjökli, en þar hefur Norræna eldfjallasetrið og norrænir styrkþegar þess m.a. tekið þátt í rannsókn á öskulögum og öðrum vísbendingum um eldgos sem finna má í ískjörnunum. Á árinu var áfram unnið að alþjóðlegu verkefni styrkt af ESB, FORESIGHT, sem Norræna eldfjallasetrið tekur þátt í. Í því er fjallað um tengsl ýmiskonar náttúruváar, m.a. jarðskjálfta, eldgosa, skriðufalla og tsunami sjávarflóðbylgja. Þátttakendur eru m.a. rannsóknarhópar frá Frakklandi, Bretlandi, Portúgal, Íslandi og Tyrklandi. Verkefnið er eitt það fyrsta á Norræna eldfjallasetrinu sem tengist tsunami, en í árslok var ákveðið að huga að eflingu þess háttar rannsókna vegna hörmunganna í Suðaustur-Asíu í desember 2004

vegna hins geysistóra jarðskjálfta og tsunami flóðbylgju sem þá varð. Þá starfaði umsjónarmaður Norræna eldfjallasetursins einnig með starfsfólki S.þ. í Indónesíu á síðastliðnu ári. Hann dvaldist í um mánaðartíma í Indónesíu við mat á jarðskjálfta- og tsunamihættu, og veitti ráðgjöf um hvernig hægt er að draga úr áhrifum af slíkum náttúruhamförum.

*Íslensk verkefni og samstarf.*

Á árinu var m.a. áframhald á rannsóknum tengdum eldgosinu sem varð í Grímsvötnum árið 2004. Landris á Grímsfjalli sýnir að kvikuþrýstingur eykst þar á ný, og líkur eru á að framundan séu fleiri eldgos í Grímsvötnum á næstu áratugum. Rannsóknum á hegðun jarðskjálfta á Suðurlandi hefur verið haldið áfram, en nákvæmar landmælingar sýna að hægfara hreyfingar eiga sér stað eftir jarðskjálftana vegna útjöfnunar á spennu í jarðskorpunni. Hreyfingar eru notaðar til að skilja eðli jarðskorpunnar og svörun hennar við jarðskjálftum. Bergfræði og samsæturannsóknum á nútímahraunum Öskju er nú lokið og rannsóknir á samsætukerfi jarðhitaummyndunar eru komnar vel á veg. Rannsóknir á eðjuflóðinu í tengslum við stórgos í Heklu er haldið áfram. Greining kvikugasa í innlyksum kristalla úr gosbergi er haldið áfram og rannsóknir hafa verið gerðar á Hekluhrauninu frá árinu 2000.

## 23. Norrænar lánastofnanir

### 23.1. Norræni fjárfestingarbankinn (NIB)

Afkoma Norræna fjárfestingarbankans var góð fyrstu átta mánuði ársins. Hagnaður bankans á tímabilinu jókst um 5,2% í samanburði við sama tímabil á fyrra ári og var um 8,8 milljarðar króna (117 millj. evra). Vaxtamunur nam 8,3 milljörðum króna (110 millj. evra) samanborið við 8,2 milljarða (109 millj. evra) fyrir sama tímabil árið 2004.

Niðurstöðutala efnahagsreiknings bankans var 1.425 milljarðar ísl.kr. (19 milljarðar evra) í samanburði við 1.200 milljarðar ísl.kr. (16 milljarðar evra) við áramótin 2004/2005. Lausafjárstaða var 258 milljarðar ísl.kr. (3.445 millj. evra) á móti 216 milljörðum ísl.kr. (2.876 millj. evra) um áramótin. Á tímabilinu fengu eigendur bankans greiddan arð af hagnaði ársins 2004 að fjárhæð 4,1 milljarðar (55 millj. evra).

Umsamin ný útlán námu 1.747 millj. evra (1.031) en útborguð lán fyrstu átta mánuði ársins námu 1.378 millj. evra (779). Þetta eru mestu útgreiðslur í sögu bankans. Heildarútlán bankans 31. ágúst námu 11.315 millj. evra samanborið við 10.472 millj. evra um áramótin 2004/2005.

Á tímabilinu gaf bankinn út 21 flokk skuldabréfa í 7 mismunandi myntum alls að fjárhæð sem samsvarar 1.923 millj. evra (1.545). Á vormánuðum gaf bankinn í fjórða sinn út flokk alþjóðlegra skuldabréfa (global bonds) til fimm ára að fjárhæð 1 milljarður bandaríkjadala.

Útlána- og eignasafn bankans er áfram í hæsta gæðaflokki. Bakfærslur

vegna fyrri framlaga á sértækan afskriftarreikning til að mæta útlánatöpum voru hærri en ný framlög og voru nettóáhrif á afkomu bankans jákvæð um 100 þús. evra.

Gert er ráð fyrir að afkomuþróun bankans á síðari hluta ársins verði jákvæð og að arðsemi eiginfjár verði svipuð og á fyrstu átta mánuðunum. Hagnaður bankans árið 2004 var 172 millj. evra.

*Nýr forstjóri.*

Á árinu tók Finninn Johnny Åkerholm við sem forstjóri bankans af Jóni Sigurðssyni sem gegnt hafði starfi forstjóra í ellefu ár. Þá hafa verið kynntar umfangsmiklar skipulagsbreytingar í bankanum sem m.a. fela í sér að útlánadeildir bankans, þ.e. norræn útlán og alþjóðleg útlán, verða sameinaðar.

*Ný aðildarlönd.*

Eystrasaltsríkin þrjú, Eistland, Lettland og Litháen, gerðust aðilar að bankanum í upphafi ársins. Í febrúar 2004 undirrituðu fulltrúar ríkisstjórna Norðurlanda og Eystrasaltsríkjanna nýjan samning um Norræna fjárfestingarbankann. Samningurinn fól í sér að frá ársbyrjun 2005 yrðu Eistland, Lettland og Litháen aðilar að bankanum á sömu forsendum og núverandi eigendur hans, þ.e. Danmörk, Finnland, Ísland, Noregur og Svíþjóð. Með nýja samningnum tóku jafnframt gildi nýjar samþykktir fyrir bankann.

*Útlán innan Norðurlanda og Eystrasaltsríkjanna.*

Stærstur hluti útlána innan Norðurlanda og Eystrasaltsríkjanna var til iðnaðar- og orkumála. Lán til iðnaðarmála voru að miklu leyti fjármögnun á kaupum fyrirtækja yfir landamæri. Fjármögnun umhverfisvænna fjárfestinga í pappírsiðnaði í Svíþjóð og Finnland var einnig áberandi. Bankinn samþykkti einnig lán til uppbyggingar á raforkuflutningskerfi í Eistlandi, Finnlandi, Lettlandi og Noregi.

*Útlán utan Norðurlanda.*

Alþjóðalán bankans voru sem fyrr einkum veitt til fjármögnunar innviðaframkvæmda, fyrst og fremst innan raforkugeirans og til samgangna og fjarskipta. M.a. fjármagnaði NIB hraðbraut í Póllandi, flóðavarnir og uppbyggingu pappírsverksmiðju í Rússlandi og uppbyggingu GSM-fjarskiptanets í Taílandi og Filippseyjum. Mest var lánað til Asíu og Mið- og Austur-Evrópu.

*Umhverfislán.*

Fjármögnun umhverfisverkefna er einn af hornsteinunum í lánastarfsemi bankans. Á tímabilinu samþykkti bankinn 16 ný umhverfislán að fjárhæð 232 millj. evra. Af útborguðum lánum á tímabilinu voru umhverfislán fimmtungur. Meðal verkefna má nefna vindorkuver og minnkun útblásturs í pappírsiðnaði.

Norræni fjárfestingarbankinn gegnir mikilvægu hlutverki í Northern

Dimension Partnership (NDEP) sem er samstarf ESB, Rússlands, NIB, EBRD, EIB, Alþjóðabankans og einstakra landa um fjármögnun brýnna umhverfisframkvæmda í norðvesturhluta Rússlands. Í júlí 2004 tók bankinn við formennsku í stjórn NDEP. NIB hefur forystu fyrir undirbúningi, skipulagningu og fjármögnun sjö af þrettán umhverfisverkefnum á vegum NDEP. Heildarfjárhæð verkefna á áætlun NDEP nemur meira en 2 milljörðum evra. Bankinn heldur áfram að efla starfsemi sína í Norðvestur-Rússlandi innan ramma NDEP samstarfsins. Fyrsta verkefninu í NDEP er nú lokið, en það er fráveitustöð í Pétursborg. Stöðin mun gegna þýðingarmiklu hlutverki við að bæta umhverfi Eystrasalts.

*Norræni fjárfestingarbankinn á Íslandi.*

Útistandandi lán til íslenskra lántaka námu um 710 millj. evra í árslok 2005. Þetta samsvarar um 8% af heildarlánveitingum bankans til lántaka á Norðurlöndum.

Útborguð ný lán til verkefna á Íslandi á árinu námu rúmlega 11,6 milljörðum króna (155 millj. evra) en um 17,4 milljörðum (232 millj. evra) árið 2004. Lánað var til 7 verkefna á árinu. Verkefnin voru fjölbreytt. Tekið var þátt í að fjármagna fjarskiptakerfi, fráveitu, orkuöflun, álver og olíudreifingu auk þess sem haldið var áfram að veita lánaramma til íslenskra banka og sparisjóða. Stærsta lánveiting ársins var 3,8 milljarða kr. lán (50 millj. evra) til Landssíma Íslands vegna uppbyggingar fjarskiptakerfis fyrirtækisins.

Í starfsemi NIB á Íslandi hefur jafnan verið lögð áhersla á náið samstarf við íslenska banka í útlánum til einstakra verkefna, sér í lagi til einkafyrirtækja. Í því skyni hafa verið veittir sérstakir lánarammar til íslenskra banka. Tilgangurinn með þessum lánarömmum er að beina útlánum bankans til smárra og meðalstórra fyrirtækja á Íslandi. Skilyrði lánveitinga er að verkefni feli í sér norræna hagsmuni. Með þessu móti getur fjármögnun bankans nýst fleiri fyrir-tækjum og verkefnin þar með orðið fjölbreyttari. Á þessu ári var undirritaður lánasamningur við Sparisjóð Reykjavíkur og nágrennis að upphæð 1,1 milljarða kr. (15 millj. evra). Í samstarfi við íslenska banka hefur verið lögð áhersla á umhverfisstefnu NIB með kynningu á henni samhliða því sem bankarnir hafa tekið umhverfismál á dagskrá í tengslum við sínar eigin lánveitingar.

Á árinu voru greidd út lán til Orkuveitu Reykjavíkur og Hitaveitu Suðurnesja sem samþykkt voru á árinu 2004. Lánin voru veitt til fjármögnunar jarðvarmavirkjana á Hellisheiði og Reykjanesi. Mikil áhersla var lögð á að fylgja eftir þessum stóru orkuframkvæmdum, og ekki síst lánveitingu til Landsvirkjunar vegna Kárahnjúkavirkjunar, sér í lagi mati bankans á umhverfisáhrifum þeirra. Þá hafa umhverfisáhrif fyrirhugaðra fjárfestinga í orkugeiranum verið athuguð. Bankinn er mjög mikilvægur þátttakandi í fjármögnun orkuframkvæmda á Íslandi og hlutdeild hans í fjármögnun jarðvarmavirkjana er t.a.m. um 50%.

**Lykiltölur NIB (í millj. evra)**

| | 1–8/2005 | 1–8/2004 | 1–12/2004 |
|---|---|---|---|
| Hreinar vaxtatekjur | 110 | 109 | 163 |
| Hagnaður | 117 | 111 | 172 |
| Útborguð lán | 1.378 | 779 | 1.348 |
| Samningsbundin lán | 1.747 | 1.031 | 1.657 |
| Tekin lán (ný) | 1.923 | 1.545 | 1.808 |
| Hagnaður / eigið fé (%) | 9,6 | 9,9 | 10,1 |
| | **31/8 2005** | **31/8 2004** | **31/12 2004** |
| Útistandandi lán | 11.315 | 10.472 | 10.279 |
| Niðurstaða efnahagsreiknings | 18.526 | 16.908 | 16.363 |
| Handbært fé | 3.445 | 3.189 | 2.876 |
| Fjöldi starfsmanna | 151 | 152 | 147 |

**23.2. Norræna umhverfisfjármögnunarfélagið (NEFCO)**

Á árinu voru liðin 15 ár frá stofnun Norræna umhverfisfjármögnunarfélagsins (Nordic Environment Finance Corporation). Samkvæmt stofnsamningi um félagið er meginmarkmið þess að stuðla að því að bæta umhverfið í löndum Mið- og Austur-Evrópu til dæmis með bættum mengunarvörnum, bættri meðferð úrgangs, þróun hreinni tækni og bættri orkunýtingu. Meginstarfssvæði NEFCO var í upphafi í Eystrasaltsríkjunum þremur, þ.e. Eistlandi, Lettlandi og Litháen, ásamt Rússlandi. Eftir inngöngu Eystrasaltsríkjanna í ESB í maí 2004 hafa áherslur breyst í þá veru að félagið hefur dregið úr þátttöku í verkefnum þar en aukin áhersla í stað þess lögð á verkefni í Norðvestur-Rússlandi, Úkraínu og Hvíta-Rússlandi. Jafnframt hefur verið ákveðið að auka fjárfestingar í Póllandi, Tékklandi og Slóvakíu.

Núverandi stofnfé Norræna umhverfisfjármögnunarfélagsins er rúmlega 114 millj. evra, þar af er innborgað stofnfé nú um 103 millj. evra. Þátttaka NEFCO í verkefnum felst í því að félagið leggur fram fjármagn í formi hlutafjár eða lána einkum til lítilla og meðalstórra fyrirtækja. Félagið vinnur ýmist á eigin vegum eða innan svæðisbundinna samstarfsáætlana eins og t.d. hinnar Norðlægu víddar og Eystrasaltsráðsins. Við mat á umsóknum til félagsins er lögð áhersla á arðsemi og fjárhagslegar forsendur viðkomandi verkefna jafnframt því sem umhverfisáhrif eru metin. Í öllu starfi er lögð áhersla á arðsemi þess að leysa mengunarvandamál svæðisbundið og hafa í því samhengi verið kynntir útreikningar þar sem niðurstöður sýna að allt að tíu sinnum ódýrara getur reynst að taka á umhverfisvanda þar sem rótin liggur í héraði en að takast á við afleiðingar hans þegar þær gera vart við sig á Norðurlöndum.

Almenn skilyrði fyrir þátttöku Norræna umhverfisfjármögnunarfélagsins í verkefnum eru að fyrirtæki eða einstaklingar í því landi þar sem verkefnið er unnið og frá a.m.k. einu norrænu landanna eigi jafnan aðild að viðkomandi verkefni og taki þátt í að fjármagna það. Hlutdeild NEFCO nemur yfirleitt

ekki meira en 25% af heildarhlutafé eða stofnkostnaði hvers verkefnis. Í lok ársins tók félagið þátt í 63 verkefnum og nam fjármögnun frá félaginu um 129 millj. evra ýmist í formi hlutafjár eða sem lánsfé. Heildarfjárfesting í þessum verkefnum nemur rúmlega 1 milljarði evra.

Verkefnin skiptast eftir löndum sem hér segir: Eistland 14, Lettland 17, Litháen 8, Pólland 6, Rússland 15, Slóvakía 2 og Úkraína 1. Aðild norrænna fyrirtækja að þessum verkefnum skiptist á eftirfarandi hátt: Danmörk 14, Finnland 15, Ísland 2, Noregur 14, Svíþjóð 18. Verkefnin með íslenskri aðild eru á sviði jarðhitanýtingar í Slóvakíu. Annars vegar er um að ræða ráðgjafarfyrirtækið Slovgeoterm, sem íslenska fyrirtækið Virkir-Orkint á hlut í, hins vegar orkuveitu á sviði jarðhita, Galantaterm, þar sem Orkuveita Reykjavíkur er meðeigandi auk Slovgeoterm.

Í tilefni af 15 ára afmæli NEFCO var á árinu efnt til ráðstefnu um Eystrasaltið, umhverfisástand þess og hvernig draga má úr ofauðgun næringarefna í Eystrasalti með því að minnka losun efna eins og nítrógens og fosfórs í það.

Stjórn félagsins er skipuð einum fulltrúa frá hverju norrænu landanna. Stjórnin fjallar um umsóknir um verkefni og tekur ákvarðanir um lánveitingar.

*Norræni umhverfisþróunarsjóðurinn (NMF).*

Umhverfisráðherrar Norðurlanda og Norræna ráðherranefndin stofnuðu Norræna umhverfisþróunarsjóðinn (Nordiska miljöutvecklingsfonden) árið 1996 í því skyni að veita lán ýmist á hagstæðum kjörum eða í formi styrkja til ýmissa umhverfisbætandi verkefna í Austur-Evrópu sem ekki uppfylla þær kröfur sem NEFCO gerir um fjárhagslegar forsendur. Sjóðurinn var í upphafi stofnaður til þriggja ára til reynslu. Með hliðsjón af þeirri reynslu sem hafði fengist af starfsemi sjóðsins ákváðu umhverfisráðherrarnir árið 1998 að halda starfsemi hans áfram næstu fimm árin og á árinu 2004 var enn ákveðið að halda starfsemi sjóðsins áfram á tímabilinu 2005–2007. Nú er árlegt framlag landanna til sjóðsins samtals um 14,2 millj. d.kr. Af fjárlögum Norrænu ráðherranefndarinnar runnu 10 millj. d.kr. til sjóðsins á árinu. Í tengslum við ákvörðunina um áframhaldandi starf sjóðsins voru gerðar nokkrar breytingar á reglum varðandi úthlutun. Reglurnar fela m.a. í sér að starfsemi sjóðsins verður hætt í Eystrasaltsríkjunum en aukin áhersla verði lögð á verkefni í Norðvestur-Rússlandi, Úkraínu og Hvíta-Rússlandi. Samkvæmt nýjum reglum eru einnig gerðar kröfur um aukna fjármögnun frá þeim svæðum þar sem verkefni eru unnin, settar eru kröfur um hámarkslengd tímaramma frá því að verkefni er samþykkt og þangað til vinna við það hefst og loks er sett þak á framlög frá sjóðnum.

Stjórn NEFCO, sem er einnig stjórn NMF, hafði í árslok samþykkt að taka þátt í 45 verkefnum sem skiptast þannig eftir löndum: Eistland 2, Lettland 7, Litháen 2 og Rússland 34.

## 23.3. Norræni verkefnaútflutningssjóðurinn (Nopef)

Norræni verkefnaútflutningssjóðurinn (Nordiska Projektexportfonden) hefur það að markmiði að efla alþjóðlega samkeppnishæfni norrænna fyrirtækja og stuðla að þátttöku þeirra í verkefnum á alþjóðavettvangi. Sjóðurinn

sinnir hlutverki sínu með því að styðja við útflutning fyrirtækja á skilgreindum verkefnum og með stuðningi við fyrirtæki sem vilja koma á fót starfsemi erlendis. Þau verkefni sem sjóðurinn kemur að verða að liggja utan EFTA- og ESB-landanna.

Stuðningur sjóðsins felst m.a. í að kosta að hluta for- og hagkvæmniathuganir, gerð viðskiptaáætlana, lögfræðiaðstoð, samningagerð m.m. Lán til alþjóðavæðingar geta numið allt að 40% af viðurkenndum kostnaði og er hægt að fara fram á að láninu verði breytt í styrk liggi fyrir skýrsla um árangur verkefnisins og samþykkt kostnaðaruppgjör. Lán vegna verkefnaútflutnings eru 40% af samþykkktum kostnaði og greiðast til baka verði af sölu verkefnisins og lánin eru vaxtalaus. Misheppnist verkefnið er hægt að sækja um niðurfellingu á láninu og breytist það þá í styrk.

Sjóðurinn leggur áherslu á samstarfsverkefni norrænna og baltneskra fyrirtækja sem stuðla að alþjóðavæðingu í Eystrasaltsríkjunum: Eistlandi, Lettlandi og Litháen. Þessi lönd hafa nú gengið í ESB og hefur Norræna ráðherranefndin tekið ákvörðun um að Nopef geti starfað þar til ársloka 2007 með því að draga hægt og bítandi úr starfsemi sinni og hætta henni alfarið að þeim tíma liðnum.

Í nýjum samningi Norrænu ráðherranefndarinnar eru forsendur fyrir stuðningi frá Norræna verkefnaútflutningssjóðnum eftirfarandi:

- að verkefnið sé vel skilgreint og byggt á viðskiptalegum grunni,
- að verkefnið tengist löndum utan ESB og EFTA,
- að norrænir hagsmunir liggi að baki verkefninu,
- að raunhæf fjárhagsáætlun vegna verkefnisins liggi fyrir.

Stjórn sjóðsins er skipuð fimm fulltrúum, einum frá hverju norrænu landanna. Nopef er systurstofnun Norræna fjárfestingarbankans, Norræna þróunarsjóðsins og Norræna umhverfisfjármögnunarfélagins. Þessar stofnanir eru allar með aðsetur í Helsingfors í Finnlandi. Upplýsingar um starfsemi sjóðsins er að finna á vefsíðu hans, www.nopef.com.

Stjórnin hélt fjóra fundi á árinu. Á milli stjórnarfunda voru ellefu verkefnafundir á árinu. Þar taka starfsmenn, framkvæmdastjóri og formaður stjórnar fyrir þær umsóknir sem borist hafa og afgreiða þær í samræmi við þær heimildir sem sjóðsstjórnin hefur samþykkt. Niðurstaðan er síðan formlega staðfest á næsta stjórnarfundi á eftir. Þessi vinnuregla á að bæta þjónustu sjóðsins við viðskiptavinina og stytta tímann frá því að umsókn berst þar til svar liggur fyrir. Formennska í stjórn Nopef var lengst af árinu í höndum fulltrúa Íslands, annað árið í röð.

*Verkefni.*

Nopef bárust um 200 umsóknir á árinu en þær voru 220 árið 2004 og 270 árið 2003. Samþykktar umsóknir voru samtals 122 á árinu 2005, 132 árið 2004 og 184 árið 2003.

### 23.4. Norræni þróunarsjóðurinn (NDF)

Norræni þróunarsjóðurinn er í eigu landanna fimm, Danmerkur, Finn-

lands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar. Sjóðurinn hefur aðsetur við hlið Norræna fjárfestingarbankans í Helsingfors og nýtur að mörgu leyti samrekstrar með honum og öðrum norrænum stofnunum í borginni.

Markmið sjóðsins er að styrkja efnahagslegar og félagslegar framfarir í fátækustu þróunarríkjunum í samvinnu við aðrar lánastofnanir. Lánakjörin eru með þeim bestu sem þekkjast: lán eru til 40 ára, afborganalaus fyrstu 10 árin, vaxtalaus, en bera 0,75% þjónustugjald á ári fyrir þann hluta láns, sem er útgreiddur, og 0,5% staðfestingargjald fyrir þann hluta láns, sem ekki hefur verið greiddur. Lánin eru jafnan veitt til ríkissjóða viðkomandi landa, en til afmarkaðra verkefna í samstarfi við aðrar alþjóðlegar lánastofnanir. Helstu samstarfsaðilar Norræna þróunarsjóðsins eru Alþjóðabankinn í Washington, þróunarbankarnir í Ameríku (IADB), Asíu (AsDB) og Afríku (AfDB), auk tvíhliða þróunarstofnana á Norðurlöndum, þar á meðal Þróunarsamvinnustofnun Íslands (ÞSSÍ).

Stofnfé sjóðsins, sem greiðist samkvæmt norræna deililyklinum, er 515 millj. SDR og 330 millj. evra, eða alls um 930 millj. evra (um 76 milljarðar ísl.kr.). Norræni þróunarsjóðurinn tók upp evruna (EUR) sem mynteiningu í ársbyrjun 2001. Á árinu undirritaði sjóðurinn 9 lánasamninga að fjárhæð 67 millj. evra (um 5,0 milljarðar ísl.kr.). Frá stofnun hefur NDF þar með veitt lán að fjárhæð 952 millj. evra (um 71,5 milljarðar ísl.kr.) til 188 verkefna í 39 þróunarlöndum. Um 50% lánsfjárins hefur farið til landa í Afríku, 33% til Asíu og 17% til Rómönsku Ameríku.

Alþjóðastofnanir flokka þróunarlöndin eftir vergri þjóðarframleiðslu á íbúa og er yfirleitt miðað við bandaríkjadali á ári. Um 43% lána Norræna þróunarsjóðsins hafa farið til fátækustu landanna (LLDC, <380 bandaríkjadalir/ári), 41% til lágtekjulanda (LIC, <760 bandaríkjadalir/ári), og 16% til lægri meðaltekjulanda (LMC, 761–3030 bandaríkjadalir/ári). Þjóðarhagur hefur sem betur fer batnað í allmörgum lántökulöndum sjóðsins frá fyrstu árum sjóðsins og hafa þau ekki lengur möguleika á að taka lán hjá sjóðnum. Árið 2001 samþykkti stjórn sjóðsins að takmarka lán næstu árin við um tuttugu samstarfslönd. Áður var miðað við um 30 samstarfslönd.

Stærstu lántakendur sjóðsins eru Mósambík, Senegal, Úganda, Ghana, Malaví, Laos, Nepal, Bólivía og Níkaragúa. NDF tekur fullan þátt í að létta lánabyrðir skuldsettustu lántökulanda sinna í samræmi við ramma og reglur sem alþjóðlegar lánastofnanir setja til aðstoðar fátækustu ríkjum heims. Sjóðurinn hefur þegar tekið á sig slíkar skuldbindingar vegna Bólivíu, Eþíópíu, Ghana, Malaví, Mósambík, Níkaragúa, Senegal, Tansaníu og Úganda. Heildarkostnaður sjóðsins vegna skuldbindinganna er áætlaður 26 millj. evra (um 2,1 milljarðar króna).

Norræna ráðherranefndin breytti samþykktum Norræna þróunarsjóðsins árið 2001 og sjóðurinn getur nú veitt áhættulán til einkafyrirtækja í lántökulöndum án ríkisábyrgðar. Slík lán skulu þó aðeins vera lítill hluti heildarlána sjóðsins á hverju ári. Áhættulánin eru veitt á þrenna vegu: a) beint til fjárfestingarverkefna; b) með lánaramma í samstarfi við þróunarbanka; c) með eignaraðild að áhættulánasjóðum í viðkomandi löndum. Þessi lán munu væntanlega auka möguleika íslenskra útrásarfyrirtækja á samstarfi við fyrirtæki í

þróunarlöndunum. Sjóðurinn starfar með norrænu áhættulánasjóðunum, þeirra á meðal Nýsköpunarsjóði atvinnulífsins, en einnig með áhættulánasjóðum alþjóðlegu þróunarbankanna. NDF á jafnframt eignaraðild að áhættulánasjóðum í Afríku (African Infrastructure Fund, Aureos West Africa Fund og Aureos Southern Africa Fund), í Asíu (Mekong Enterprise Fund, sem starfar í Víetnam, Laos og Kambódíu), og í Mið-Ameríku (Central American Small Enterprise Investment Fund).

Frá stofnun sjóðsins hafa sjö lán verið undirrituð þar sem íslensk fyrir-tæki eiga beinna hagsmuna að gæta. Þeirra á meðal eru fimm fiskveiðiverkefni (í Malaví, Mósambík, Namibíu, Grænhöfðaeyjum og Úganda). Fiskveiðiverkefnin á Grænhöfðaeyjum, í Malaví og Mósambík voru í samvinnu við Þróunarsamvinnustofnun Íslands. Heildarlán til verkefna með beinum íslenskum hagsmunum eru u.þ.b. 17 millj. SDR (tæpir 2 milljarðar ísl.kr.). Íslensk fyrirtæki hafa gert samninga sem nema um 1,1% af heildarfjárhæð samninga við norræn fyrirtæki sem sjóðurinn hefur fjármagnað frá stofnun. Hlutdeild Íslands í fjármögnun sjóðsins er 1,1%. Auk þess hefur sjóðurinn í nokkrum tilvikum keypt íslenska sérfræðiþjónustu til að undirbúa verkefni og annast eftirlit.

Á árinu var tekin sú ákvörðun að ekki yrði lagt meira stofnfé til sjóðsins. Þessi ákvörðun var tekin í ljósi afstöðu danskra stjórnvalda að taka ekki þátt í endurfjármögnun sjóðsins. Í framhaldi af því hóf stjórnin undirbúning að því að starfsemin yrði lögð niður. Stjórnin fól ráðgjafafyrirtæki að gera úttekt á stöðu sjóðsins með hliðsjón af þessari niðurstöðu og einnig að leggja fram hugmyndir um hvernig best væri að standa að niðurlagningu sjóðsins. Gert er ráð fyrir því að stjórnin skili tillögu um framhald málsins til Norrænu ráðherranefndar á árinu 2006. Í stjórn Norræna þróunarsjóðsins sitja fulltrúar landanna fimm. Starfsmenn sjóðsins eru 14.

## 23.5. Lánasjóður Vestur-Norðurlanda

*Útlán.*

Lánasjóður Vestur-Norðurlanda hefur á árinu greitt út sjö lán, tvö til Færeyja og fimm til Grænlands, samtals að upphæð 27 millj. d.kr.

*Rekstur.*

Samkvæmt ársreikningum var eigið fé sjóðsins um áramót 2004/2005 119,7 millj. d.kr. og á sama tíma námu útlán samtals 108 millj. d.kr.

Breytingar á samþykktum er tóku gildi um áramótin 1997/98 kveða á um að Lánasjóður Vestur-Norðurlanda skuli af hagnaðinum styrkja Norrænu Atlantsnefndina (NORA) um allt að 1,5 millj. d.kr. á ári.

Í ársreikningum fyrir árið 2004 er hagnaðurinn 65.530 d.kr., sem verður styrkur sjóðsins til NORA árið 2005.

*Stjórn.*

Stjórn Lánasjóðs Vestur-Norðurlanda skipa sjö menn, einn frá hverju aðildarlandi, og hefur hver þeirra einn varamann. Stjórnarmaður og varamaður hvers aðildarlands eru skipaðir af ríkisstjórn þess.

Nánari upplýsingar má finna á slóð: www.vestnorden.is.

# II. MEGINÞÆTTIR NORRÆNU FJÁRLAGANNA 2006

## Áhrif skipulagsbreytinga á fjárlög Norrænu ráðherranefndarinnar

Samstarfsráðherrarnir (MR-SAM) hafa ákveðið að fækka ráðherranefndum úr 18 í 11 frá 1. janúar 2006.

Þessi ákvörðun þýðir að eftirfarandi sjö ráðherranefndir verða lagðar niður sem sjálfstæðar, formlegar ráðherranefndir: Ráðherranefnd um bygginga- og húsnæðismál (MR-BO), ráðherranefnd um samgöngumál (MR-T), ráðherranefnd um upplýsingatækni (MR-IT), ráðherranefnd um neytendamál (MR-KONS), ráðherranefnd um vímuefnamál (MR-NARKO), ráðherranefnd um orkumál (MR-ENERGI) ásamt ráðherranefnd um byggðamál (MR-REG).

Gert er ráð fyrir að mikilvægum samstarfsverkefnum á þessum sviðum verði sinnt á annan hátt. Samstarfi á sviði atvinnumála og orkumála og um stefnu í byggðamálum verður safnað undir eina ráðherranefnd, sem mun sinna atvinnu-, orku- og byggðamálum. Gert er ráð fyrir að samstarfi á sviði byggðamála verði sem áður sinnt af embættismannanefnd um byggðamál (NERP). Samstarfi í vímuefnamálum verður aðallega sinnt af ráðherranefnd um félags- og heilbrigðismál en það mun einnig falla undir ráðherranefnd um löggjafarmál.

Þegar ráðherranefndirnar verða lagðar niður sem formlegar ráðherranefndir verður meginreglan sú að tilsvarandi embættismannanefndir leggi einnig niður störf sem formlegar embættismannanefndir.

Ábyrgð á samstarfssviðum sem í dag heyra undir einhverja þá ráðherranefnd sem lögð verður niður verður á aðlögunartíma færð til samstarfsráðherranna (MR-SAM), að því leyti sem aðlögunartími er álitinn nauðsynlegur. Þar getur verið um að ræða ýmsa skuldbindandi samninga, norrænt-baltneskt samstarf, ábyrgð gagnvart norrænum stofnunum o.s.frv. Í fjárlögunum hefur fjárveitingum varðandi þessi málefni verið safnað saman undir fjárlagaliðnum 5-1000-1, aðlögunarsjóður.

Þessu fjármagni getur Norræna ráðherranefndin ráðstafað til að styðja pólitísk mikilvæg frumkvæði, sem falla utan formlegs skipulags ráðherranefndarinnar. Á þennan hátt má tryggja að hægt sé að skilgreina ný, mikilvæg samstarfssvið og hrinda verkefnum í framkvæmd. Ábyrgðin á þessu verður á höndum samstarfsráðherranna.

Í framhaldi af fækkun ráðherranefnda verður hrint í framkvæmd endurskipulagningu skrifstofu Norrænu ráðherranefndarinnar svo skipulagið henti betur nýju skipulagi ráðherranefndanna.

Uppbygging ráðherranefndarinnar verður með eftirfarandi hætti:

*Samstarfsráðherrar (MR-SAM).*

Samstarfsráðherrarnir (MR-SAM) bera meginábyrgð á sérstökum, þverpólitískum forgangsmálum, samanber samstarf við nágrannasvæðin, afnám landamærahindrana og sjálfbæra þróun. MR-SAM ber enn fremur ábyrgð á þróun samstarfsins við ESB og aðra alþjóðlega og svæðisbundna aðila. Leit-

ast verður við að færa ný verkefni smám saman til fag-ráðherranefnda eftir því sem við á. MR-SAM ber meginábyrgð á samnorrænum stofnunum Norrænu ráðherranefndarinnar.

*Menningarmál (MR-K).*

Samstarf á sviði menningarmála heyrir undir ráðherranefnd um menningarmál (MR-K). Undir þetta svið heyra fjölmiðlamál, samstarf á sviði lista og menningarmála, þ.á m. samstarf við Norræna menningarsjóðinn, mikilvæg mál varðandi tungumálasamstarf og frjáls félagasamtök. Ráðherranefnd um menningarmál ber meginábyrgð á málefnum sem varða sameiginleg norræn gildi og tungumálasamstarf (það síðast talda í samstarfi við ráðherranefnd um menntun og rannsóknir).

Samhliða breytingum á Norrænu ráðherranefndinni hefur verið gerð úttekt og mat á framtíðarskipulagi samstarfs á menningarsviði. Í fjárlögum fyrir 2006 endurspeglast fyrstu skipulagsbreytingar og fleiri munu fylgja á fjárlögum fyrir 2007.

*Jafnréttismál (MR-Ligestilling).*

Ráðherranefnd um jafnréttismál sér um samstarf um þróun stefnu og stefnumótandi aðgerðir á sviði jafnréttis kynjanna og gegn mismunun.

*Löggjafarmál (MR-Lov).*

Ráðherranefnd um löggjafarmál sér um samstarf á sviði löggjafar og dómsmála/ réttarsviðs. Þegar ráðherranefnd um vímuefnamál verður lögð niður er gert ráð fyrir að ráðherranefnd um löggjafarmál sjái um það sem snýr að löggjöf í samstarfi á vímuefnasviði.

*Menntun og rannsóknir (MR-U).*

Ráðherranefnd um menntun og rannsóknir sér um samstarf á sviði rannsókna og nýsköpunar (ásamt ráðherranefnd um atvinnu-, orku- og byggðamál (MR-NER)) – þar með talið samræmingu rannsóknarsamstarfs á vettvangi Norrænu ráðherranefndarinnar – samstarf í skólamálum, æðri menntun, fullorðinsfræðslu og tungumálasamstarf. Það síðast nefnda í samstarfi við MR-K. Þegar ráðherranefnd um upplýsingatækni (MR-IT) verður lögð niður verður almenn samræming á upplýsingatæknisviði flutt yfir á MR-U.

Fjárveiting MR-IT til NeDap-samstarfsins (Northern e-Dimension Action Plan), sem samkvæmt mati nemur 700 þús. d.kr., hefur verið flutt yfir til MR-U.

*Vinnumarkaðs- og vinnuumhverfismál (MR-A).*

Ráðherranefnd um vinnumarkaðs- og vinnuumhverfismál sér um samstarf um að varðveita og þróa sameiginlegan, norrænan vinnumarkað, þar með talið málefni varðandi vinnumiðlun, miðlun upplýsinga, vinnuvernd o.s.frv.

*Atvinnu-, orku- og byggðamál (MR-NER).*

Ráðherranefnd um atvinnu, orku- og byggðamál sér um samstarf á sviði

atvinnumála, þar með talið samstarf á sviði nýsköpunar, en það verður í samstarfi við ráðherranefnd um menntun og rannsóknir. Enn fremur sér MR-NER um samstarf á sviði orku- og byggðamála, þar með talið afnám landamærahindrana. Eftir þörfum má draga ákveðna þætti samstarfs á sviði neytendamála inn í starfsemi MR-NER.

Eftirfarandi fjárlagaliðir hafa verið færðir til MR-NER; 3-3210-1, Verkefni – Orkumál, 3-3220-3, Norrænar orkurannsóknir, 3-6110-1, Verkefni – Byggðamál, 3-6180-3, Nordregio.

*Félags- og heilbrigðismál (MR-S).*

Ráðherranefnd um félags- og heilbrigðismál sér um samstarf á sviði félags- og heilbrigðismála. Þegar ráðherranefnd um vímuefnamál (MR-NARKO) er lögð niður sem formleg ráðherranefnd verður ábyrgðin á málaflokknum færð yfir á ráðherranefnd um félags- og heilbrigðismál (MR-S).

Fjárlagaliður 4-4510-1, Verkefni – Samstarf um vímuefnamál, hefur verið fluttur til MR-S.

*Efnahags- og fjármál (MR-Finans).*

Ráðherranefnd um efnahags- og fjármál sér um samstarf varðandi fjármálasvið, stjórnunarmöguleika og önnur þjóðhagfræðileg viðfangsefni. Umræður um efnahagslegar forsendur fyrir framtíðarþróun norræna velferðarkerfisins heyra þar undir.

*Umhverfismál (MR-Miljø).*

Samstarf á öllum þeim sviðum sem varða stefnu í umhverfismálum heyrir undir ráðherranefnd um umhverfismál, þar með taldar norrænar umræður sem tengjast Evrópusambandinu. Ábyrgð á norræna svansmerkinu hefur verið flutt til MR-M.

Fjárlagaliður 4-6720-4, Svanurinn – Norrænt umhverfismerki, hefur verið fluttur til MR-M.

*Sjávarútvegsmál, landbúnaður og skógrækt, og matvæli (MR-FJSL).*

Samstarfssvið ráðherranefndar um sjávarútveg, landbúnað og skógrækt, og matvæli er einkar breitt, allt frá frumframleiðslu og tengdum greinum til neytendamála, einkum varðandi matvæli, matvælaöryggi o.s.frv. – eiginlega samstarf um alla mikilvæga þætti framleiðslukeðjunnar frá framleiðanda til neytenda.

Starf að endurskipulagningu Norrænu ráðherranefndarinnar fór fram jafnhliða gerð fjárlagatillögu framkvæmdastjórans og ráðherranefndartillögunnar að fjárlögum fyrir árið 2006. Endanleg fjárlög Norrænu ráðherranefndarinnar eru því í samræmi við samþykktir um nýtt skipulag ráðherranefndarinnar og endurskipulagningu skrifstofunnar.

**Tæknilegar breytingar á fjárlögunum vegna skipulagsbreytinga**

Vegna fækkunar ráðherranefnda og vegna þess að fjárlagaliðir hafa verið

fluttir og/eða lagðir niður, gætir ósamræmis í fjárhagsrömmum fagráðherranefndanna fyrir árin 2004 og 2005 í fjárlögum fyrir árið 2006 miðað við fyrri ár. Það er vegna þess að þegar fjárlagaliðir eru færðir milli fagsviða, verður líka tæknilegur flutningur á fjárveitingum frá fyrri árum. Því gætir ósamræmis í römmum hinna einstöku fagráðherranefnda.

Athygli skal vakin á því að fjárlagaliðirnir fyrir þær fagráðherranefndir sem lagðar hafa verið niður (en ekki sameinaðar öðrum nefndum) eru einnig með í fjárlögunum. Þetta er gert vegna þess að í tengslum við fjárlagagerð skal gera grein fyrir niðurstöðum fyrir árið 2005 og gildir það einnig um þær ráðherranefndir sem hafa verið lagðar niður (en ekki sameinaðar öðrum nefndum).

Eins er almennum inngangi að ráðherranefnd um orkumál, ráðherranefnd um byggðamál og ráðherranefnd um vímuefnamál haldið óbreyttum þó þessir liðir hafi verið fluttir til þeirra ráðherranefnda, sem þær hafa verið sameinaðar, þ.e.a.s. ráðherranefndir um orkumál og um byggðamál til ráðherranefndar um atvinnu-, orku- og byggðamál (MR-NER) og ráðherranefnd um vímuefnamál til ráðherranefndar um félags- og heilbrigðismál (MR-S). Sama á við um textana við þá fjárlagaliði sem eru fluttir til annarrar ráðherranefndar eða lagðir niður.

Þetta er gert vegna þess að héðan af mun nýju skipulagi verða fylgt eftir með nánari hugleiðingum um pólitískar áherslur á sviði hinna einstöku fagráðherranefnda. (Sjá nánar: Nordiska Ministerrådet. Planer och budget 2006. ANP 2005:785).

**Skrifstofa Norrænu ráðherranefndarinnar**

Vegna endurskipulagningar ráðherranefndarinnar sem öðlast mun gildi 1. janúar 2006, verða gerðar breytingar á skipulagi skrifstofunnar. Innan ramma sem samstarfsráðherrarnir (MR-SAM) ákveða ber framkvæmdastjórinn ábyrgð á skipulagsbreytingum og aðlögun ráðherranefndarskrifstofunnar.

Markmið skipulagsbreytinganna er að skrifstofan verði í stakk búin til að þjóna ráðherranefndunum á sem bestan hátt, sem og að efla samstarf við stjórnsýslu landanna um að greina mikilvæg pólitísk verkefni fyrir norrænt samstarf, efla reynslu- og þekkingarmiðlun milli norrænu landanna sem og að taka þátt í markvissu samstarfi á alþjóðlegum vettvangi.

Nýtt skipulag skrifstofunnar endurspeglast í fjárlögunum. Skrifstofan er sem fyrr byggð upp í kringum 4 fagdeildir.

Ráðherranefndum um menningarmál, jafnréttismál og löggjafarmál (MR-Kultur, MR-Ligestilling og MR-Lov) verður þjónað af einni deild sem jafnframt ber ábyrgð á tungumálasamstarfi.

Ráðherranefnd um atvinnu-, orku- og byggðamál, ráðherranefnd um félags- og heilbrigðismál og ráðherranefnd um efnahags- og fjármál (MR-NER, MR-S og MR-Finans) verður þjónað af annarri deild, sem enn fremur sér um verkefni varðandi velferðarmál, landamærahindranir og landamærasamstarf ásamt Halló Norðurlöndum.

Ráðherranefnd um umhverfismál og ráðherranefnd um sjávarútveg, landbúnað og skógrækt, og matvæli (MR-Miljø og MR-FJSL) verður þjónað af þriðju deildinni, sem einnig ber ábyrgð á sjálfbærri þróun.

Auk þess að þjóna ráðherranefndum um menntun og rannsóknir, og um vinnumarkaðs- og vinnuumhverfismál (MR-U og MR-A), mun fjórða fagdeildin einnig sinna samræmingu á sviði upplýsingatækni sem og rannsókna og nýsköpunar.

Auk fagdeildanna fjögurra og skrifstofu framkvæmdastjórans, er á skrifstofu ráðherranefndarinnar sérstök deild, sem sinnir starfsmannahaldi, fjármálum, upplýsingatækni og þjónustu, ásamt upplýsingadeildinni, sem rekin er í samstarfi við Norðurlandaráð.

**Þróun heildarramma fjárlaganna**

Nýtt skipulag fagráðherranefnda hefur ekki áhrif á heildarfjárhagsramma Norrænu ráðherranefndarinnar. Markmið skipulagsbreytinganna er hagræðing og að efla pólitískt mikilvægi norræns samstarfs. Því er lögð áhersla á skýrari pólitískar áherslur og hagkvæmari skipulagningu starfsins. Þess er vænst að ávinningur af nýju skipulagi birtist í sveigjanlegra, markvissara og skilvirkara samstarfi frekar en í sparnaði.

Fjárhagsrammi fjárlaganna fyrir árið 2006 er samtals 839,643 millj. d.kr. á verðlagi ársins 2006 miðað við 825,893 millj. d.kr. í fjárlögum fyrir árið 2005. Á greiðslugrunni er fjárhagsramminn óbreyttur miðað við árið 2005, með þeirri undantekningu þó, að uppsafnað lausafé, sem nemur 10.000 þús. d.kr. (á verðlagi ársins 2005), er ekki lengur til ráðstöfunar fyrir ráðherranefndina. Á greiðslugrunni er þannig um að ræða lækkun fjárhagsrammans á verðlagi ársins 2005 um 10 millj. d.kr.

Þessari lækkun fjárhagsrammans um 10 millj. d.kr. var í fjárlagatillögu framkvæmdastjórans skipt hlutfallslega á fjárhagsramma fagsviðanna.

Eins og kemur fram í fjárlagaleiðbeiningum fyrir árið 2006 (NSK/MR-SAM dok. 16-2005) frá 1. mars 2005 var öllum ráðherranefndum gert að leggja, umfram áðurnefnda lækkun um 10 millj. d.kr., jafnvirði 2% af veittu fjármagni á árinu 2005 í svokallaðan forgangsverkefnasjóð. Í heild nemur forgangsverkefnasjóðurinn 16,318 millj. d.kr. Hluti fjármagns sjóðsins er komið til vegna hlutfallslegrar lækkunar fjárlagaramma fagsviðanna.

Með hliðsjón af umræðum samstarfsráðherranna um fjárhagsramma til lengri tíma, og óskum ráðherranna um að skapa möguleika á skýrum, þverfaglegum breytingum á forgangsröðun, er markmiðið að auka verulega ráðstöfunarfjármagn til breytinga á forgangsröðun milli fagsviða.

Í þessu ljósi og í framhaldi af endurskipulagningu á starfsemi ráðherranefndarinnar mun fjárlagaferlið verða endurskoðað í tengslum við undirbúning fjárlagagerðar Norrænu ráðherranefndarinnar fyrir árið 2007, með það fyrir augum að skapa aukið rými fyrir pólitíska forgangsröðun ásamt tækifærum til að fylgja henni eftir.

**Skipting forgangsverkefnasjóðsins**

Í júni 2005 skiptu samstarfsráðherrarnir forgangsverkefnasjóðnum á eftirfarandi hátt:

| Fjárlagaliðir | | Upphæð (þús. d.kr.) |
|---|---|---|
| 2-2505-1 | Ráðstöfunarfé – menntun og rannsóknir | 1.000 |
| 2-3100-3 | NordForsk | 10.000 |
| 3-6119-1 | Verkefni – Byggðamál | 1.500 |
| 4-4330-1 | Verkefni – Félags- og heilbrigðismál | 700 |
| 4-5180-3 | Norræna nýsköpunarmiðstöðin | 3.118 |
| | ***Hækkun samtals*** | ***16.318*** |
| 9-9999-9 | Forgangsverkefnasjóður | -16.318 |
| | ***Lækkun samtals*** | ***-16.318*** |

*Þekking og nýsköpun.*

Til að viðhalda samkeppnishæfni landanna og svæðanna í hnattvæddum viðskiptaheimi er nauðsynlegt að leggja áherslu á þekkingu og nýsköpun.

Í samræmingu norræns rannsóknarsamstarfs sem og auknum tengslum milli rannsókna og nýsköpunar felst virðisauki.

Þar er átt við hreinar rannsóknir á vegum NordForsk og starfsemi þar sem skarast rannsóknir og atvinnulíf, rannsóknir tengdar mannauði ásamt aðgerðum til að efla nýsköpun sem tekur mið af þörfum markaðarins. Til að byrja með mun þetta fara fram sem samstarf NordForsk og Nýsköpunarmiðstöðvarinnar (NICe). Aukin áhersla á þessi svið mun einnig efla framlag Norrænu ráðherranefndarinnar til svonefnds Lissabon-ferlis og auka samræmingu milli landanna við Eystrasaltið á þessu sviði.

Með verulega auknu starfssviði NordForsks, miðað við fyrirrennarann NorFa, er nauðsynlegt að NordForsk fái frekara fjármagn til að komast hjá fjárskorti og til að stofna ekki trúverðugleika stofnunarinnar gagnvart nánustu samstarfsaðilum í hættu. Þetta er sérstaklega mikilvægt nú þegar reynir á tengsl NordForsk við rannsóknarumhverfi í löndunum.

*Verkefni – Byggðamál.*

Í formennskuáætlunum undanfarinna ára hafa Vestur-Norðurlönd haft forgang og lögð hefur verið áhersla á að fylgja því eftir á virkan hátt. Vegna lágra vaxta hefur dregið úr möguleikum Lánasjóðs Vestur-Norðurlanda til að fjármagna aðgerðir á svæðinu.

Með hliðsjón af þessu eru fjárveitingar til samstarfs á Vestur-Norðurlöndum hækkaðar um 1,8 millj. d.kr.. Að hluta til er þetta gert til að koma til móts við minnkandi framlag frá Lánasjóði Vestur-Norðurlanda. Lagt er til að fjármagnið fari til NORA, – Norrænu Atlantsnefndarinnar, sem fær fjármagn frá fjárlagaliðnum 3-6110-1. Hluti fjármagnsins, eða 1,5 millj. d.kr., verður tekinn úr forgangsverkefnasjóðnum – en 300 þús. d.kr. verða eyrnamerktar á fjárlagaliðnum, Verkefni – byggðamál.

*Félags- og heilbrigðismál.*

Það er sterkur pólitískur vilji á Norðurlöndum til að efla samstarf á sviði félagslegrar aðstoðar á hamfarasvæðum. Ástæður þess eru meðal annars reynsla Norðurlanda vegna flóðbylgjuhamfaranna í Austur-Asíu um áramótin 2004/2005.

Félagslegri aðstoð á hamfarasvæðum verður veittur forgangur með 0,5 millj. d.kr. úr forgangsverkefnasjóðnum. Fjármagnið verður sett á fjárlagalið 4-4310-1.

Þar að auki verða veittar 200 þús. d.kr til fjarlækninga á fjárlagalið 4-4310-1 til að efla frumkvæði það sem félagsmálaráðherrarnir hafa nú þegar hrint í framkvæmd.

*Tungumálasamstarf.*

Tungumálasamstarf er nú komið í nýjan farveg og verður eflt með 1,0 millj. d.kr. úr forgangsverkefnasjóðnum.

**Samráð við Norðurlandaráð**

Áður en samstarfsráðherrarnir tóku ákvörðun um endanleg fjárlög var, eins og fyrri ár, haft samráð við Norðurlandaráð um forgangsröðun Norðurlandaráðs og óskir um breytingar á einstökum fjárlagaliðum miðað við ráðherranefndartillöguna (NSK/MR-SAM dok. 75-2005 rev.1). Niðurstöður samráðsins sjást á eftirfarandi yfirliti:

| **Fjárlagaliðir** | | **Upphæð (þús. d.kr.)** |
|---|---|---|
| 1-2205-2 | Norræni menningarsjóðurinn | 1.500 |
| 4-4310-1 | Verkefni – Félags- og heilbrigðismál | 1.000 |
| 4-4510-1 | Verkefni – Samstarf um vímuefnamál | 600 |
| 6-0960-1 | Frjáls félagasamtök á Eystrasaltssvæðinu | 1.000 |
| | ***Hækkun samtals*** | ***4.100*** |
| 2-2505-1 | Ráðstöfunarfé – Menntun og rannsóknir | -500 |
| 3-3210-1 | Verkefni – Orkumál | -1.200 |
| 5-0185-1 | Afnám landamærahindrana | -300 |
| 5-0190-1 | Endurskipulagning rannsóknarstofnana | -700 |
| 5-0195-1 | Evrópa og Norðlæga víddin | -300 |
| 5-0435-1 | Vararáðstöfunarsjóður framkvæmdastjórans | -200 |
| 5-1000-1 | Aðlögunarsjóður | -900 |
| | ***Lækkun samtals*** | ***-4.100*** |

Fjárveiting til Norræna menningarsjóðsins hækkar um 1.500 þús. d.kr. miðað við upprunalega fjárlagatillögu ráðherranefndarinnar. 500 þús. d.kr. á að nota til sérstakrar áherslu á tungumálasviði. Sömu upphæð hefur verið bætt við fjárhagsramma ráðherranefndar um menntun og rannsóknir, og verða þá samtals 1,0 millj d.kr. til ráðstöfunar fyrir þetta viðfangsefni.

Enn fremur hækkar fjárveiting til baráttu vegna mansals, og kynheilsu, um 1.000 þús. d.kr. sem er sett á fjárlagalið 4-4310-1, Verkefni – Félags- og heilbrigðismál.

Vegna óska Norðurlandaráðs um aðgerðir til að efla starf frjálsra félagasamtaka í Eystrasaltsríkjunum eru framlög aukin um 1.000 þús. d.kr., sem settar eru á nýstofnaðan fjárlagalið: 6-0960-1, Frjáls félagasamtök á Eystrasaltssvæðinu. Þetta fé á að nota til að styrkja starfsemi frjálsra félagasamtaka í Eistlandi, Lettlandi og Litháen, ef fram koma verkefni, þar sem mótframlag samstarfsaðila telst ásættanlegt. Samtals á að nota í það minnsta 5.500 þús. d.kr. til starfsemi frjálsra félagasamtaka, meðal annars til aðgerða á umhverfissviði, ásamt aðgerðum til að efla pólitísk tengslanet ungs fólks í Norðvestur-Rússlandi, þar með talið í Kaliningrad, Hvíta-Rússlandi og Eystrasaltsríkjunum.

Til að efla aðgerðir á sviði fíkni- og vímuefna verða notaðar 600 þús. d.kr. á fjárlagalið 4-4510-1, Verkefni – Samstarf í vímuefnamálum. Þessi hækkun er ætluð til baráttu gegn vímu- og fikniefnum í grannlöndunum en það starf er fjármagnað af fjárveitingu til Rússlandsáætlunarinnar.

Það verða teknar 1.500 þús. d.kr. af fjárlagalið 6-0870-1, Samstarf á Norðurskautssvæðum, til rannsókna á sviði sjálfbærrar þróunar ásamt umhverfis- og loftslagsmála.

Að auki er tekið fjármagn af fjárlagalið 3-6610-1, Verkefni – Sjávarútvegur, til nauðsynlegrar eftirfylgni ráðstefnu sem haldin var um erfiðleika strandveiða.

Óskir Norðurlandaráðs eru aðallega fjármagnaðar af minni fjárlagaliðum innan ramma fjárlagaliðarins „Skrifstofan og önnur sameiginleg starfsemi“, af tímabundnum aðlögunarsjóði og af verkefnisfé á sviði orkumála.

### Þróun óráðstafaðs fjármagns á tímabilinu 2000–2004

Óráðstafað fjármagn er skilgreint sem fjármagn sem ekki hefur verið ákveðið að verja á tiltekinn hátt. Óráðstafað fjármagn kemur einungis fram á fjárlagaliðum sem varða verkefni og styrki. Verkefni og styrkir eru samtals um það bil 55% af fjárlögum ráðherranefndarinnar að undanskildum forgangsverkefnasjóðnum.



## Óráðstafað fjármagn við árslok 1999, 2000, 2001, 2002 og 2003

| Fagsvið (Þús. d. kr.) | 2000 | 2001 | 2002 | 2003 | Breyting 2002-2003 | 2004 | Breyting 2003-2004 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Menningarsamstarf (NMR) | 7.689 | 1.649 | 2.200 | 2.615 | -415 | 5.023 | 2.408 |
| Norræni menningarsjóðurinn | 5.599 | 2.148 | 0 | - | 0 | - | 0 |
| Menntun og rannsóknir | 2.920 | 1.437 | 2.411 | 1.218 | -1.194 | 2.092 | 874 |
| Ráðherranefnd um upplýsingatækni | 1.020 | 89 | 32 | 69 | 36 | 350 | 282 |
| Nágrannapólitík | 2.900 | 2.396 | 2.218 | 2.653 | 435 | 1.403 | -1.250 |
| Orkumál | 610 | 107 | -1.760 | 1.239 | 2.999 | 394 | -845 |
| Umhverfismál | 559 | 1.051 | 347 | 663 | 316 | 2.729 | 2.066 |
| Efnahagsmál | 36 | 170 | 146 | 297 | 151 | 227 | -69 |
| Byggðamál | 2.035 | 2.283 | 790 | 3 | -787 | 48 | 45 |
| Samgöngumál | 206 | 42 | 15 | 1 | -14 | 174 | 173 |
| Landbúnaður og skógrækt | 164 | 346 | 123 | 166 | 43 | 30 | -136 |
| Sjávarútvegsmál | 41 | 116 | 184 | 3 | -181 | 33 | 30 |
| Vinnumarkaður og vinnuumhverfi | 1.432 | 760 | 242 | 311 | 70 | 176 | -136 |
| Félags- og heilbrigðismál | 447 | 310 | 463 | 448 | -15 | 728 | 280 |
| Jafnréttismál | 284 | 806 | 72 | 17 | -55 | 177 | 159 |
| Samstarf í vímuefnamálum | 46 | 157 | 610 | 85 | -525 | 143 | 59 |
| Atvinnumál | 152 | 475 | 68 | 38 | -30 | 116 | 78 |
| Bygginga- og húsnæðismál | 282 | 24 | 0 | 59 | 59 | 35 | -24 |
| Neytendamál | 868 | 851 | 1.569 | 229 | -1.340 | 70 | -159 |
| Matvæli | 478 | 317 | 20 | 12 | -8 | 20 | 8 |
| Löggjafarmál | 851 | 164 | 308 | 360 | 52 | 336 | -24 |
| Önnur samnorræn starfsemi | 2.109 | 2.931 | 1.133 | 2.756 | 1.623 | 2.627 | -129 |
| **SAMTALS** | **30.728** | **18.629** | **11.774** | **13.242** | **1.468** | **16.932** | **3.690** |

Frá árinu 2003 til 2004 hækkaði óráðstafað fjármagn ráðherranefndarinnar lítillega, um 0,4%, úr 1,6% í 2,0%. Óráðstafað fé ráðherranefndarinnar hefur því aukist frá árinu 2003, þó hækkunin sé ekki mikil, og þar sem óráðstafað fé er um það bil 2% af heildarfjárhagsrammanum er það vel undir markmiði ráðherranefndarinnar sem er 5%.

### Útskýringar fagsviðanna á frávikum

Hér á eftir er gerð grein fyrir óráðstöfuðu fé hjá þeim fagráðherranefndum sem við árslok 2004 höfðu óráðstafað fé sem nam meira en 5% heildarrammans.

Hjá ráðherranefnd um upplýsingatækni (MR-IT) er um þessar mundir unnið að tveimur stórum verkefnum: 1) Norrænu þekkingarneti um opna staðla og opinn hugbúnað í rafrænni upplýsingatækni (KÅSOS) og 2) Samstarfi við Eystrasaltsráðið í sambandi við „The Northern eDimension Action Plan“ (2005–2006). Við árslok hafði fjármagninu ekki verið ráðstafað þar sem ekki hafði verið gengið frá áframhaldandi samstarfi við aðila utan svæðisins um þessi verkefni.

Hjá ráðherranefnd um umhverfismál, (MR-MILJØ) hefur fjármagn verið bakfært frá verkefni sem lauk á árinu en ekki verið ráðstafað við árslok.

Ráðherranefnd um efnahags- og fjármál (MR-FINANS), hafði tekið frá fjármagn til verkefnis sem nú hefur verið frestað. Hins vegar er gert ráð fyrir

að Danmörk muni koma aftur með verkefnisumsókn á árinu 2005. Verkefnið fjallar um „progresion in tax-benefit systems“ og er áætlað að það kosti 100-150.000 d.kr. Þessu fé hefur enn ekki verið ráðstafað.

Ráðherranefnd um samgöngumál (MR-TRANSPORT) hafði við árslok 2004 óráðstafað fé sem nam 57.000 d.kr. Þetta er aðallega vegna seinkunar reikningsskila hjá ráðherranefnd um samgöngumál og seinkunar tiltekinnar upplýsingastarfsemi.

Af fjárveitingu ráðherranefndar um löggjafarmál (MR-LOV), fyrir árið 2004 var 303.000 d.kr. óráðstafað við árslok. Þetta er aðallega vegna þess að verkefnisfé, sem ekki hafði verið notað, var bakfært við árslok og að fjármagn vegna forgangsverkefnis í formennskuáætlun Íslendinga hafði ekki verið nýtt að fullu. Þessu fjármagni hefur ekki verið hægt að ráðstafa með stuttum fyrirvara.

Hjá ráðherranefnd um vímuefnamál (MR-NARKO) seinkaði einu verkefni sem hófst ekki fyrr en á árinu 2005.

Haustið 2004 hóf embættismannanefnd um atvinnumál (EK-NÆRING) vinnu við nýja samstarfsáætlun fyrir tímabilið 2006–2010. Í því sambandi voru á fjárlögum fyrir árið 2004 teknar frá 95.000 d.kr. til útgjalda, sem falla í gjalddaga á árinu 2005.

## Yfirlit yfir alla fjárlagaliði (verðlag hvers árs þús. d.kr.)

| **Menningarmál, Jafnréttismál, Löggjafarmál** | | **Fjárlög 2006** | **Fjárlög 2005** | **Mismunur +/-** | **%** |
|---|---|---|---|---|---|
| | | **169.706** | **170.063** | **-357** | **-0,2%** |
| | **Menningarmál** | **160.031** | **160.537** | **-506** | **-0,3%** |
| | *Almennt framlag til menningarmála* | *38.348* | *35.212* | *3.136* | *8,9%* |
| 1-2203-1 | Framlag til sérstakra menningarmála | 6.112 | 5.114 | 998 | 19,5% |
| 1-2204-1 | Norræn menningarvettvangur og sérfræðingahópar | 1.019 | 0 | 1.019 | - |
| 1-2205-2 | Norræni menningarsjóðurinn | 31.217 | 30.098 | 1.119 | 3,7% |
| | *Börn og unglingar* | *8.466* | *13.694* | *-5.228* | *-38,2%* |
| | *Verkefni og almennir styrkir* | *8.466* | *13.694* | *-5.228* | *-38,2%* |
| 1-2210-1 | Norrænt íþróttasamstarf | 1.253 | 1.271 | -18 | -1,4% |
| 1-2212-1 | Norræna æskulýðsnefndin | 5.904 | 6.294 | -390 | -6,2% |
| 1-2214-1 | Stjórnarnefndin um norræna barna- og unglingamenningu | 1.309 | 6.129 | -4.820 | -78,6% |
| | Kvikmyndir og fjölmiðlar | 35.530 | 32.780 | 2.750 | 8,4% |
| | Verkefni og almennir styrkir | 30.149 | 27.137 | 3.012 | 11,1% |
| 1-2220-1 | Stjórnarnefndin um menningar- og fjölmiðlasamstarf | 2.145 | 5.655 | -3.510 | -62,1% |
| 1-2221-2 | Tölvuleikir /UT | 6.114 | 0 | 6.114 | - |
| 1-2222-2 | Norræni kvikmynda- og sjónvarpssjóðurinn | 21.890 | 21.482 | 408 | 1,9% |
| | *Stofnanir* | *5.381* | *5.643* | *-262* | *-4,6%* |
| 1-2228-3 | Gagnamiðstöð um fjölmiðlarannsóknir (NORDICOM) | 2.210 | 2.237 | -27 | -1,2% |

| **Menningarmál, Jafnréttismál, Löggjafarmál** | | **Fjárlög 2006** | **Fjárlög 2005** | **Mismunur +/-** | **%** |
|---|---|---|---|---|---|
| 1-2229-3 | Norræni blaðamannaháskólinn (NJC) | 3.171 | 3.406 | -235 | -6,9% |
| | *Listasvið* | *38.755* | *35.895* | *2.860* | *8,0%* |
| | *Verkefni og almennir styrkir* | *25.592* | *19.231* | *6.361* | *33,1%* |
| 1-2230-1 | Norræna bókmennta- og bókasafnsnefndin (NORDBOK) | 7.731 | 7.838 | -107 | -1,4% |
| 1-2238-2 | Sleipnir | 0 | 2.760 | -2.760 | - |
| 1-2239-1 | Norræna safnanefndin (Museikommittén) | 1.211 | 1.227 | -16 | -1,3% |
| 1-2246-4 | Norræna listamannaheimilið í Róm | 0 | 856 | -856 | - |
| 1-2256-1 | Norræna tónlistarnefndin (NOMUS) | 6.460 | 6.550 | -90 | -1,4% |
| 1-2254-2 | Ferða- og dvalarstyrkir | 10.190 | 0 | 10.190 | - |
| | *Stofnanir* | *13.163* | *16.664* | *-3.501* | *-21,0%* |
| 1-2255-3 | Norræna sviðslistanefndin (NordScen) | 6.562 | 7.205 | -643 | -8,9% |
| 1-2257-3 | Norræna listamannamiðstöðin (Dalsåsen) | 0 | 1.535 | -1.535 | - |
| 1-2258-3 | Norræna stofnunin um samtímalist (NIFCA) | 6.601 | 7.924 | -1.323 | -16,7% |
| | Norræn menningarhús (stofnanir) | 32.614 | 31.870 | 744 | 2,3% |
| 1-2270-3 | Norræna húsið í Reykjavík | 7.768 | 7.484 | 284 | 3,8% |
| 1-2272-3 | Norðurlandahúsið í Færeyjum | 11.188 | 10.958 | 230 | 2,1% |
| 1-2274-3 | Norræna stofnunin á Álandseyjum | 2.114 | 2.084 | 30 | 1,4% |
| 1-2277-3 | Norræna stofnunin á Grænlandi (NAPA) | 5.053 | 4.949 | 104 | 2,1% |
| 1-2279-1 | Viðhald menningarhúsa | 1.067 | 1.047 | 20 | 1,9% |
| 1-2548-3 | Norræna stofnunin í Finnlandi (NIFIN) | 5.424 | 5.348 | 76 | 1,4% |
| | *Annað menningarsamstarf* | *6.318* | *11.086* | *-4.768* | *-43,0%* |
| | *Verkefni og almennir styrkir* | *6.318* | *11.086* | *-4.768* | *-43,0%* |
| 1-2234-4 | Samískt samstarf | 4.153 | 4.211 | -58 | -1,4% |
| 1-2296-1 | Norræn menningarverkefni erlendis | 2.165 | 6.875 | -4.710 | -68,5% |
| **Jafnréttismál** | | **8.352** | **8.185** | **167** | **2,0%** |
| | *Verkefni* | *3.028* | *3.069* | *-41* | *-1,3%* |
| 4-4410-1 | Verkefni – Jafnréttismál | 3.028 | 3.069 | -41 | -1,3% |
| | Stofnanir | 5.324 | 5.116 | 208 | 4,1% |
| 4-4480-3 | Norræna rannsóknarstofan um kvenna- og kynjarannsóknir (NIKK) | 5.324 | 5.116 | 208 | 4,1% |
| **Löggjafarmál** | | **1.323** | **1.341** | **-18** | **-1,3%** |
| 4-7110-1 | Verkefni – Löggjafarmál | 1.323 | 1.341 | -18 | -1,3% |

**Menntun og rannsóknir, Vinnumarkaðs- og vinnuumhverfismál**

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| | | **230.280** | **218.141** | **12.139** | **5,6%** |
| **Menntun og rannsóknir** | | **217.342** | **205.015** | **12.327** | **6,0%** |
| | *Almenn mennta- og rannsóknarstarfsemi* | *4.430* | *4.034* | *396* | *9,8%* |
| 2-2505-1 | Ráðstöfunarfé – menntun og rannsóknir | 4.430 | 4.034 | 396 | 9,8% |
| | *Stefnumörkun o.fl.* | *12.400* | *17.159* | *-4.759* | *-27,7%* |

| Menntun og rannsóknir, Vinnumarkaðs- og vinnuumhverfismál | | Fjárlög 2006 | Fjárlög 2005 | Mismunur +/- | % |
|---|---|---|---|---|---|
| 2-2510-1 | Norrænt skólasamstarf (NSS) | 1.567 | 2.564 | -997 | -38,9% |
| 2-2520-1 | Stjórnarnefnd um fullorðinsfræðslu (SVL) | 1.115 | 1.823 | -708 | -38,8% |
| 2-2530-1 | Stjórnarnefndin um æðri menntun-HÖGUT | 1.320 | 2.159 | -839 | -38,9% |
| 2-2544-1 | Norræna málráðið | 1.265 | 2.069 | -804 | -38,9% |
| 2-2550-1 | Stefnumótunarhópur ráðherranefndarinnar (MR-U) um upplýsingatækni | 0 | 563 | -563 | - |
| 2-2553-1 | Stefnumótun, þekkingarsamfélög og uppbygging upplýsingatækni | 574 | 0 | 574 | - |
| 2-3110-1 | Norræna vísindastefnuráðið (FPR) | 0 | 1.544 | -1.544 | - |
| 2-3127-2 | Stefnumörkun á sviði fullorðinsfræðslu | 6.559 | 6.437 | 122 | 1,9% |
| | Ferðastyrkir og tengslanet | 72.471 | 73.320 | -849 | -1,2% |
| 2-2512-2 | Nordplus junior | 20.074 | 20.309 | -235 | -1,2% |
| 2-2522-2 | Nordplus Voksen | 8.964 | 9.069 | -105 | -1,2% |
| 2-2532-2 | Nordplus (Æðri menntun) | 32.390 | 32.769 | -379 | -1,2% |
| 2-2534-4 | Framlag til Norræna sumarháskólans (NSU) | 1.137 | 1.151 | -14 | -1,2% |
| 2-2543-1 | Nordplus sprog | 8.874 | 8.978 | -104 | -1,2% |
| 2-2545-2 | Kennsla um Norðurlönd erlendis | 1.032 | 1.044 | -12 | -1,1% |
| | NordForsk | 91.070 | 67.412 | 23.658 | 35,1% |
| 2-3100-3 | Norræna rannsóknarráðið (NordForsk) | 69.582 | 0 | 69.582 | - |
| 2-3115-3 | Norræn stofnun um vísindamenntun (NorFA) | 0 | 35.389 | -35.389 | - |
| 2-0462-1 | Norræn vísindaáætlun um haffræði | 0 | 2.757 | -2.757 | - |
| 2-2554-1 | Þróunarverkefnið NORDUnet2 | 0 | 0 | 0 | - |
| 2-3111-1 | Norrænt öndvegissetur, hnattrænar breytingar | 5.377 | 5.277 | 100 | 1,9% |
| 2-3128-1 | Norrænt rannsóknarsamstarf | 0 | 8.178 | -8.178 | - |
| 2-3129-1 | Norrænar vísindaupplýsingar (Nordbib) | 2.598 | 2.550 | 48 | 1,9% |
| 2-3131-1 | Norræn vísindaáætlun um kyn og ofbeldi | 0 | 0 | 0 | - |
| 2-3132-1 | Norræn rannsóknaráætlun um tungutækni | 0 | 0 | 0 | - |
